



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

11. nóvember 2007 – 307. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Borgarstjóri með umboðsmann

Dagur B. Eggertsson og Einar Bárðarson eru verðlaunapar á Eddunni.



FÓLK 30

Skyldurækni eða peningaustur?

Svandís Svavarsdóttir spyr Illuga Gunnarsson hvort Íslendingar þurfi að eyða hundruðum milljóna í „varnarmál“.

BITBEIN 8

Birgir Leifur vann mótið

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson vann glæsilegan sigur á úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina sem lauk á Spáni í gær.



ÍÞRÓTTIR 24


SPORT Ólafur Gardarsson

Hefur verið umboðsmaður íslenskra knattspyrnumanna í 10 ár.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



VEÐRIÐ Í DAG




VAXANDI VINDUR Í dag verður vaxandi suðaustan átt á landinu sunnan- og vestanverðu, allhvasst eða hvasst í kvöld. Dálítil væta sunnan og vestan til, annars bjart með köflum. Vaxandi úrkoma sunnan og vestan til síðdegis.

VEÐUR 4

Sunnudagar

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Stendur ekki til að ég hætti sem oddviti

Fyrirverandi borgarstjóri er ekki á þeim buxunum að hætta í pólitík. Sjálfstæðismenn þurfi að læra af mistökunum í borginni. Þau hafi verið honum mikið áfall, en hann lítur til framtíðar. Vilhjálmur gefur lítið fyrir nýjan meirihluta.

STJÓRN MÁL „Ég hef auðvitað hugleitt mína stöðu sem oddviti sjálfstæðismanna og það stendur ekki til að ég hætti því starfi,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrirverandi borgarstjóri. Hann hafi skyldum að gegna.

Vilhjálmur hefur hvílt sig erlendis síðustu vikur og jafnað sig á átökunum, innan flokks sem utan. Nú er hann staðráðinn í að láta gott af sér leiða, í ljósi stuðnings flokksmanna sinna.

„Ég hef viðurkennt mín mistök og beðist velvirðingar. Borgarfulltrúarnir hafa lýst yfir trausti við mig. Ég lít til framtíðar og ætla ekki að fara að eltast við þau orð

sem hafa verið látin falla,“ segir hann.

Vilhjálmur neitar ekki að ákveðnar valdablokkir hafi deilt um völd innan flokksins. Flokkurinn hafi ekki sviðið hann.

„Og fólk í flokknum líkar ekki þetta sexmenningatal,“ segir Vilhjálmur. „Við erum sjö og ég er leiðtogi og ætla mér að vera það.“

Borgarfulltrúinn hefur ekki ákveðið hvort hann bjóði sig fram í næstu kosningum, en mun starfa í minnihluta þangað til.

„Það hefur nú enginn hugmynd um hvað þessi ný meirihluti ætla að gera. Dagur B. Eggertsson lýsti

því yfir að það yrði ekki gerður neinn málefnaþingur! Þau þora ekki og geta ekki gert málefnaþing, því þau eru svo ósammála. Hvað ætla þau til dæmis að gera við flugvöllinn og mismæg gatnamót við Kringlumýrarbraut? Ætla þau að kogleypa þessi loforð eins og ekkert sé? Þarna er engin stefna lengur til.“

Vilhjálmur undrast að Björn Ingi hafi slitið samstarfinu. „Hann kaus að fara aðra leið og mér sýnist að hann hafi akkúrat engu náð fram í nýja samstarfinu, að minnsta kosti ekki hvað REI varðar.“

- kóp / sjá viðtal á síðu 12



DORGÆÐ VIÐ SUNDIN BLÁ Tveir veiðimenn stóðu með stangirnar sínar á Skarfabakka og biðu þess þolinmóðir að biti á þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið um Sundahöfn í gær. Ekki fylgir sögunni hvort nokkuð veiddist.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ómar Antonsson, bóndi á Horni í Hornafirði, malar gull af fjörugrjóti jarðar sinnar: Bóndi selur Bandaríkjamönnum grjót

VIÐSKIPTI „Þetta grjót hefur legið hér fyrir fótum mínum frá því ég man eftir mér og aldrei sá maður neitt gagnlegt við þetta,“ segir Ómar Antonsson, bóndi á jörðinni Horni í Hornafirði, sem flytur út fjörusteina í tonnávís til Bandaríkjanna, en þar eru þeir notaðir í gæðasundlaugar.

Ómar segir viðskiptin hafa hafist fyrir tilviljun. „Ég var að flytja steypuefni til Austfjarða út af framkvæmdunum þar. Einnhverjir menn frá Arizona sáu efnið, bönkuðu svo bara upp á hjá mér og sögðust hafa áhuga á viðskiptum,“ segir Ómar og útskýrir að mennirnir hafi verið á



ÓMAR ANTONSSON Sá aldrei neitt gagnlegt við fjörugrjótið á landinu sínu.

MYND/HORNAFJÖRÐUR.IS

för um heiminn í leit að dökkum steinum sem hentuðu vel í sundlaugar. Þá fundu þeir í fjöru

Ómars. Hann segir það helst vera dökkan lit steinanna sem heilli fólk. Þá komi sér einnig vel að sjórinn hefur séð um að sverfa steinana fallega til svo ekki þarf að eyða neinu í slípingu og sífelld skoli nýjum birgðum upp á land.

Í fyrra keyptu Bandaríkjamennirnir tólf þúsund tonn af Ómari og hafa þeir keypt um sjö þúsund tonn á þessu ári. Ómar hefur reist bryggju á jörðinni svo að flutningaskip geti lagst þar að. Hann er byrjaður að markaðssetja efnið hérlendis sem og annar staðar í heiminum og þá helst í gerð svokallaðra steinteppa.

- kdk

Ítali gerir merka uppgötvun: Nótur í frægu verki da Vinci

LISTIR Ítalski tónlistarmaðurinn og tölvusérfræðingurinn Giovanni Maria Pala segist hafa fundið tónlistarnótur í hinu fræga verki Leonardo da Vinci, Síðasta kvöldmáltíðin.

„Þetta hljómar eins og sálumessa,“ sagði Pala. „Það er eins og lagið fjalli um píslargöngu Jesú.“ Pala segir í nýrri bók sinni að best sé að spila hið fjöruðu sekúnda langa lag á pípuorgel. Það hljóðfæri var mest notað við flutning trúarlegrar tónlistar þegar da Vinci var uppi.

- fb

Prófessor í líffræði:

Segir skýrslum haldið leyndum

UMHVERFISMÁL Gísli Már Gíslason, prófessor í líffræði við Háskóla Íslands, segir upplýsingum vísitandi haldið frá almenningi í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna Bitruvirkjunnar. Gísli segir að í skýrslunni segi ranglega að aflað hafi verið allra nauðsynlegra upplýsinga um afleiðingar virkjunarinnar á umhverfið og nefnir þrjár rannsóknir sem ekki var fjallað um í henni.

- kdk / sjá síðu 6

Baltasar leikstýrir Ópello:

Vinnur aftur með Whitaker

MENNING Ný leikgerð Baltasars Kormáks á Shakespeare-leikritinu Ópello verður sett upp í Barbican-leikhúsinu í London árið 2009. Bandaríski óskarsverðlaunahafinn Forest Whitaker fer með titillutverkið.

„Ég get lofað því að þetta verður óhefðbundin sýning,“ segir Baltasar. Fjöldi Íslendinga tekur þátt í henni og hefur meðal annars verið rætt um að Ingvar E. Sigurðsson leiki hlutverk Iagos.

Stefnt er að því að ferðast með sýninguna um Eyrópu og Ameríku með viðkomu á Íslandi.

- þo

Tilboðsverð frá 19.900 kr. aðra leiðina til USA

Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is

Síðlutmabil: 8. til og með 11. nóvember. Ferðatímabil: 1. til og með 17. desember. Takmarkað sætaframboð.



Ég er tilbúinn fyrir veturinn



ISLENSKA SÍULIS TOYOTA 1007



Verð frá 2.030.000 kr.*

Auris Dísil - Með vetrarpakka

Ég vil finna fyrir öryggi þegar ég keyri bílinn minn. Auris er einn öruggasti bíllinn í sínum flokki samkvæmt árekstrarprófum. Bæði fyrir ökumann og farþega.

Ég ber mikla umhyggju fyrir umhverfinu. Toyota D-4D dísilvélin leysir mun minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sambærilegar bensínvélar. Hún er hljóðlát en jafnframt aflmikil. Vélin eyðir litlu sem engu. 5 lítrum á hundraðið.

Auris Dísil kemur undirbúinn fyrir veturinn frá umboðinu. Hann kemur á hágæða vetrardekkjum og að sjálfstöðu fylgja sumardekkinn með í skottinu.

Þessi hlutir skipta mig máli. Hvað með þig?

*Verð miðast við Auris Dísil Terra



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070


Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600


Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070





SKUGGI
FORLAG



WWW.SKUGGI.IS

„Saga um ástina og dauðann og sorgina og hamingjuna og örvæntinguna og tilgangsleysið og tilganginn og tilviljanir og Trékyllisvík. Fyndin, djúp og skemmtileg og snertir inn að beini. Tær snilld. Við eigum öll að lesa þessa bók.”

–**Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, varapingmaður.**

„... bæði falleg og áhrifamikil og birtir sérlega eftirminnileg ævibrot.”

–**Kolbrún Bergþórsdóttir, 24stundir.**

KJÖRKASSINN



Ætti strætó að vera gjaldfrjálst fyrir alla?

Já	86,3%
Nei	13,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti að skoða endurreisn næturstrætisvagna?

Segðu skoðun þína á [visir.is](#)



Stýrivaxtahækkunin getur valdið vaxtahækkunum hjá lífeyrissjóðum:

Lífeyrissjóðirnir hækka líklega vexti

VAXTAMÁL Búast má við að stýrivaxtahækkun Seðlabankans verði til þess að vextir hækki á nýjum lífeyrissjóðslánum, að minnsta kosti hjá sumum lífeyrissjóðum.

Tryggvi Tryggvason, forstöðumaður hjá Gildi lífeyrissjóði, segir að stýrivaxtahækkunin leiði væntanlega til vaxtahækkunar hjá Gildi. Það hafi þó ekki verið ákveðið.

„Við tökum mið af markaðnum hverju sinni og tökum ákvarðanir um vexti um miðjan mánuðinn. Það hefur ekkert verið ákveðið hvað þetta verður mikil hækkun en við tökum mið af vöxtunum

hjá Íbúðalánasjóði og bönkunum,“ segir Tryggvi.

Hjá Gildi eru fastir vextir 5,4 prósent og breytilegir 4,93 prósent. Tryggvi segir að lántakendur taki lán á nýjum vöxtunum en íbúðakaupendur sem yfirtaki lán fái þau á sömu vöxtum og áður og ekkert uppgreiðslugjald. Ekki hafi verið til umræðu að breyta þessu.

Stefán Árni Auðólfsson, forstöðumaður hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, segir að stutt sé síðan fastir vextir voru hækkaðir í 5,2 prósent; í byrjun október. Ekki hafi komið til umræðu að breyta þeim aftur



YFIRTAKA Á SÖMU VÖXTUM Nýir lántakendur taka lán á nýjum vöxtum hjá Gildi lífeyrissjóði eða yfirtaka áhvílandi lán á sömu vöxtum og áður.

núna. Breytilegir vextir séu skoðaðir ársfjórðungslega og ekki sé komið að því strax.

- ghs

Sex í haldi vegna mannráns:

Fjórum sleppt úr haldi í Tsjad

TSJAD. AP Yfirvöld í Tsjad slepptu í fyrradag þremur spænskum áhafnar meðlimum og belgiskum flugmanni flugvélarinnar sem nota átti til að flytja 103 afrísk börn til Frakklands á vegum frönsku hjálparsamtakanna Örkin hennar Zoey.

Tsjadneskur lögmaður fjórmenninganna sagði þá hafa verið ákærða fyrir aðild að meintrí tilraun til mannráns en að dómari hefði fyrirskipað lausn þeirra.

Six starfsmenn hjálparsamtakanna eru enn í haldi í Tsjad ákærðir fyrir mannránstíraun. Sakfelling gæti þýtt tuttugu ára fangelsisdóm.

- sdg

KRISTNIBOÐSDAGURINN

11. NÓVEMBER 2007

Kristnibóðsdagur Þjóðkirkjunnar er í dag. Kristnibóð er mikilvægt og hluti af köllun kirkjunnar.

VISSIR ÞU AÐ

- tæplega 40 íslenskir kristnibóðar hafa starfað í Afríku?
- kristnibóðarnir gera sér far um að læra tungumál og menningu fólks?

KRISTNIBOÐIÐ HEFUR

- byggt 70 skóla í Pókothéraði í Keníu
- byggt upp heilsugæslu víða í Eþíópíu og Keníu
- tekið þátt í uppbyggingu öflugra innlendra kirkna

KRISTNIBOÐ ER

- boðun og fræðsla
- heilsuvernd og menntun
- þróunar- og neyðarhjálp

Starf kristnibóðsins er víða kynnt í messum í dag.

Tekið er við gjöfum til kristnibóðsins í kirkjum landsins og á [www.sik.is](#).



Segir upplýsingum haldið leyndum

Prófessor við Háskóla Íslands segir upplýsingum vísitandi haldið frá almennungi í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna Bitruvirkjunnar. Í skýrslunni sé ekki getið heimilda sem sýni fram á að um óveruleg áhrif sé að ræða.

UMHVERFISMÁL „Í skýrslunni eru alvarleg og vísitandi undanskot á vistfræðilegum upplýsingum,“ segir Gísli Már Gíslason, prófessor í líffræði við Háskóla Íslands, um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna Bitruvirkjunnar sem VSÓ ráðgjöf gerði fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.

Gísli segir að í skýrslunni segi ranglega að aflað hafi verið allra nauðsynlegra upplýsinga um afleiðingar virkjunarinnar á umhverfið og nefnir þrjár rannsóknir sem ekki var fjallað um í henni.

Skýrsluhöfundar fjalli ekkert um dýralíf, í og við hver, þótt til sé skýrsla um efnið sem kostuð var af Orkuveitu Reykjavíkur. Í kafla um gróðurfar á Hengilssvæðinu, þar sem virkjunin mun standa, sé þá ekki getið rannsóknað sem unnin var fyrir Orkustofnun, Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun um málið. Í þeim kemur meðal annars fram að ýmsar sjaldgæfar plöntur sé að finna á svæðinu, sem sumar hverjar séu friðlýstar samkvæmt náttúruverndarlögum eða á válista yfir íslenskar plöntur í útrýmingarhættu.

Þá sé rannsóknar, sem sýndi fram á að fjölbreytileiki smádyra er meiri á svæðinu en á svipuðum stöðum, ekki getið.

Í fyrstu grein laga um mat á umhverfisáhrifum segir að markmið laganna sé „að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir“.

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss, sagði í blaðinu í fyrradag að sitt sveitarfélag hefði úrslitavald um hvort af virkjuninni yrði og þyrfti ekki að fara eftir álit Skipulagsstofnunar, nema svara því á rökstuddan hátt. Hann tók dæmi af námu í Ingólfsfjalli, þar sem Skipulagsstofnun lagðist gegn framkvæmdum á sínum tíma, en sveitarfélagið leyfði þær engu að síður.

Bergur segir þetta til marks um að Bitruvirkjun þurfi að skoða í viðara samhengi. Hana eigi jú að reisa fyrir alver í Helgúvík. Sú framkvæmd sé svo stór að varði líklega við skipulag einna tólf



FRÉTTABLAÐIÐ/OUR.SAFNI



HENGILSSVÆÐIÐ Prófessor við Háskóla Íslands segist ekki ætla að leggja dóm á áhrif fyrirhugaðrar virkjunar á svæðinu en vinnubrögð skýrsluhöfunda um mat á umhverfisáhrifum séu óþolandi.

GÍSLI MÁR GÍSLASON

Gísli telur að fólk geti ekki tekið upplýsta afstöðu til framkvæmdanna á grundvelli þeirra upplýsinga sem skýrsluhöfundar um umhverfismat leggja fram.

Stefán Thors, skipulagsstjóri Skipulagsstofnunar, kvaðst ekki vita ástæður þess að rannsóknanna var ekki getið í skýrslunni.

Stefán Gunnar Thors, verkefnisstjóri skýrslunnar, segir ekkert óeðlilegt við vinnubrögðin. „Hluti af ferlinu er að vinsa úr þá þætti sem skipta máli og þá sem skipta minna máli,“ segir Stefán Gunnar,

sem útskýrir að ekki hafi þótt þörf á að rannsaka smádyr, svo sem mý, frekar eftir ítarlega skoðun og umfjöllun. Á þessu furðar Gísli sig þar sem mý skiptir sköpum í lífríki vatna.

„Ég er ekki að leggja dóm á áhrif þessarar virkjunar en þessi vinnubrögð eru óþolandi. Hvergi er getið heimilda í rannsókni sem sýna fram á að þarna sé um óveruleg áhrif að ræða en skýrslum sem sýna fram á að svo verði er leynt,“ segir Gísli.

karen@frettabladid.is

Formaður Landverndar segir að Bitruvirkjun skuli skoða í viðara ljósi:

Efast um vægi umhverfismats

UMHVERFISMÁL „Þarna er lýst frati á væntanlegt álit Skipulagsstofnunar og bæjarstjórninn flagnar óhikað meintu úrslitavaldi sínu. Maður spyr sig um vægi umhverfismats ef niðurstaðan er ákveðin fyrir fram,“ segir Bergur Sigurðsson, formaður Landverndar.

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss, sagði í blaðinu í fyrradag að sitt sveitarfélag hefði úrslitavald um hvort af virkjuninni yrði og þyrfti ekki að fara eftir álit Skipulagsstofnunar, nema svara því á rökstuddan hátt.

Hann tók dæmi af námu í Ingólfsfjalli, þar sem Skipulagsstofnun lagðist gegn framkvæmdum á sínum tíma, en sveitarfélagið leyfði þær engu að síður.



BERGUR SIGURÐSSON

STEFÁN THORS

Bergur segir þetta til marks um að Bitruvirkjun þurfi að skoða í viðara samhengi. Hana eigi jú að reisa fyrir alver í Helgúvík. Sú framkvæmd sé svo stór að varði líklega við skipulag einna tólf

sveitarfélaga. Formaður Landverndar eygir von í að einhver af hinum sveitarfélögum leggist gegn álverinu.

Stefán Thors skipulagsstjóri segir það rétt að sveitarfélög geti veitt leyfi til framkvæmda, þvert á álit Skipulagsstofnunar. Það leyfi þurfi þó að rökstyðja og auglýsa.

„Þá geta hagsmunaaðilar og umhverfissamtök kært leyfisveitingu sveitarfélagsins til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Og þá er hugsanlegt að úrskurðarnefndin felli framkvæmdaleyfið úr gildi.“

Það hafi hún hins vegar ekki gert þegar stofnunin lagðist gegn námunni í Ingólfsfjalli.

- kþ

Bjartara skammdegi

Opið 10-20 virka daga | Laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18



Ný skrifstofuvörverslun á Dalvegi 18

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

Frábær opnunartilboð

Toshiba fartölva



Satellite Pro A200-1KQ

Örgjörvi: Intel Core Duo T2130 / 1.86 GHz
Vinnsluminni: 2048MB 667MHz DDR2
Skjár: 15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Harður diskur: 200GB S.M.A.R.T.
Stýrikerfi: Windows Vista Business

Verð áður 89.990 kr.

79.990 kr.

Af öllum Samsonite töskum

20%
AFSLÁTTUR



Laserprentari

38%
AFSLÁTTUR



Lexmark E120 laserprentari

Prenthraði á mín.: 19 blaðsíður
Pappírshöfnun: 150 blaðsíður
Tengi: USB 2.0
Fyrsta síða eftir: 8 sek.
Stýrikerfi: Windows XP

Verð áður 12.900 kr.

7.990 kr.

Plastgormavél

Gatar allt að 16 A4 blöð í einu og bindur allt
að 125 A4 blöð í einu með 16 mm gormum.



30%
AFSLÁTTUR



Hægt er að opna gormana og með einu handtaki
er hægt að bæta inn blöðum og taka út blöð!

Verð áður 52.499 kr.

36.749 kr.

Borgartúni 29 + Höfðabakka 3
Smiðjuvegi 5 + Glerárgötu 34 Akureyri
Aðalstræti 27 Ísafirði + www.a4.is

Dalvegi 18 Kópavogi
Opíð virka daga kl. 8-18
og laugardaga kl. 10-14



A4



HOME ART ER NÚ Í ORMSSON SMÁRALIND

VELKOMIN Í ÓVENJULEGA VERSLUN!

OPIÐ LAUGARDAGA KL. 11-18 OG SUNNUDAGA KL. 13-18



home art



Dásamlega fjölbreytt
og falleg vara!



ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · WWW ORMSSON.IS

YASSER ARAFAT LÉST PENNAN
DAG ÁRIÐ 2004

„Palestína er ýmist
sementíð sem heldur araba-
heiminum saman eða
sprengiefnið sem tvístrar
honum.“

Yasser Arafat, leiðtogi
Palestinumanna, var 75 ára
þegar hann lést.



ÞETTA GERÐIST: 11. NÓVEMBER 1918

Fyrri heimsstyrjöldinni lýkur

Fyrri heimsstyrjöldin skall á hinn 28. júní árið 1914 með stríðsýfirlýsingu keisaradæmisins Austurríki-Ungverjaland á hendur Serbíu. Það var í kjölfar morðsins á Franz Ferdinand, erkihertoga og ríkisarfara Austurríkis í Sarajevó, en átökin brutust út í ágúst sama ár og breiddust hratt út.

Þegar upp var staðið lágu um tíu milljónir manna í valnum, tuttugu milljónir manna höfðu særst og enn fleiri misstu heimili sín og lífbrauð.

Stríðið geisaði í rúm fjögur ár og lauk með uppgjöf Þjóðverja hinn 11. nóvember árið 1918. Að stríðinu loknu funduðu fyrrum fjandmenn í Versölum í Frakklandi og gerðu með sér samninginn sem við staðinn er kenndur.

Sigurveggar stríðsins voru bandamenn undir forystu Frakka en auk þeirra voru Bretar og Rússar en síðar einnig Ítalir og Bandaríkjamenn.

Stríðið olli því að tvö ríki liðuðust í sundur og tvö keisaradæmi liðu undir lok. Austurríki-Ung-



verjaland og Ottóman-veldið liðuðust í sundur og Þýska keisaradæmið og það rússneska liðu undir lok. Þá glataði Þýskaland öllu veldi sínu utan Evrópu og ný ríki urðu til, svo sem Tékkóslóvakía, Eistland, Lettland, Litháen, Finnland, Pólland og Júgóslavía.

MERKISATBURÐIR

- 1922 Bandaríski rithöfundurinn Kurt Vonnegut fæðist í Indianapolis. Hans frægasta verk er Sláturhús fimm.
- 1920 Matthías Jochumsson er gerður að heiðursborgara Akureyrar og heiðursdoktor í guðfræði við Háskóla Íslands, en hann varð 85 ára þennan dag.
- 1962 Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir leikritið Hart í bak eftir Jökul Jakobs-son. Leikritið var sýnt 205 sinnum og alltaf fyrir fullu húsi.
- 1994 Guðmundur Árni Stefánsson félagsmálaráðherra segir af sér þennan dag, sakaður um mistök í embætti.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



PÓRHALLUR GUNNARSSON
sjónvarpsmaður er 44 ára.



SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON
tónlistamaður er 33 ára.



DEMI MOORE
kvikmyndaleikkona er 45 ára.



CALISTA FLOCKHART
leikkona er 43 ára.



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

Ingibergs Egilssonar
flugvirkja.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á deild D-13 á Landspítalanum. Þökkum einnig Flugvirkjafélagi Íslands fyrir veitta aðstoð.

Hrönn Jóhannsdóttir
Jóhann Ingibergsson
Anna Ingibergsdóttir
Arna Ingibergsdóttir
Elfa Ingibergsdóttir
og barnabörn.

Kristín Andrea Einarisdóttir
Ari Jóhannsson
Eyþór Einar Sigurgeirsson
Elvar Jónsson



Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Guðbrandar Jónssonar
áður til heimilis að Langhóltsvegi 2,
Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýju.

Elín Jósefsdóttir
Jóna Sesselja Guðbrandsdóttir
Einar Jón Ásbjörnsson

Ásbjörn Einarsson
Elisabet Reykdal
Jóhannesdóttir

Elín Björk Ásbjörnsdóttir
og barnabarnabörn.

Gísli Jóhann Hallsson



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



SJÁLFSTÆÐINU FAGNAÐ Katrín Guðmundsson býður samlöndum sínum upp á leiðsögn á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins á pólsku, í tilefni dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KATRÍN GUÐMUNDSSON: BÝÐUR LEIÐSÖGN Á ÞJÓÐHÁTÍÐARDAG

Þjóð verður til á pólsku

„Ég verð með leiðsögn um grunnsýninguna á Þjóðminjasafninu sem nefnist Þjóð verður til,“ segir Katrín Guðmundsson, leiðsögumaður á Þjóðminjasafninu.

Katrín, sem er sjálf pólsk, ætlar að leiða samlöndu sína um safnið á móðurmálinu og fagna þannig þjóðhátíðardegi Póllands. Katrín hefur verið búsett á Íslandi í sextán ár og er menntaður lögræðingur frá heimalandi sínu og innan ferðamálafræði á Íslandi.

Tilefni þjóðhátíðardags Pólverja er sjálfstæði þjóðarinnar sem fékkst hinn 11. nóvember árið 1918. Áður var landinu skipt í þrennt að sögn

Katrínar, en þá heyrði það undir Rússland, Prússland og Austurríki. Í dag eru Pólverjar 58 milljónir en Katrín segir erfitt að geta sér til um hve margir þeirra séu búsettir hérlendis. „Pólverjar á Íslandi eru einhver þúsund, en þó nokkrir koma hingað í tímabundin verkefni vegna vinnu, svo það er erfitt að segja til nákvæmlega,“ segir Katrín. Sjálf hefur hún ekki fangað þjóðhátíðardeginum í Póllandi síðan 1989, en segir hann ansi líkan hinum íslenska sautjándu júní. „Við fengum sjálfstæðið sama ár og aðeins tveimur vikum áður en Ísland fengu fullveldi og þessi dagur

er eins og íslenski þjóðhátíðardagurinn, dagur barnanna. Það er alltaf frí og það er til síðs að gera sér dagamun, til dæmis með góðum mat. Síðan efnir herinn stundum til sýninga og gengur í skruðgöngu um götur stærstu borganna,“ segir Katrín.

Í tilefni dagsins ætlar hún fyrst að taka á móti samlöndum sínum í Þjóðminjasafninu og síðan stefnir hún á að gera sér dagamun með fjölskyldunni og borða einhvern góðan mat. Fyrri leiðsögnin hefst kl. 14 og sú seinni kl. 15. Sjá nánari upplýsingar:

www.natmus.is

rh@frettabladid.is



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta Finnsdóttir

frá Ísafirði, til heimilis að Lönguhlíð 15,
Reykjavík,

lést aðfaranótt fimmtudagsins 1. nóvember á Líknardeild Landakotspítala. Jarðarförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 12. nóvember kl. 15.00. Læknur og hjúkrunarfólki á líknardeild og Landspítala, Fossvogi, eru færðar innilegar þakkir fyrir góða umönnun og alúð.

Bragi Ragnarsson
Jónína Gissurardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur vináttu og heiðruðu minningu konu minnar, móður okkar, tengdamóður og systur,

Ingunnar Helgu Sturlaugsdóttur

læknis, Boston, USA.

Guð blessi ykkur öll.

Haukur Þorgeirsson
Svana Lára Hauksdóttir
Katrín Hauksdóttir
Haukur Jóhann Hauksson
Helga Margrét Hauksdóttir
og systkinin Sturlaugsbörn og Svönbörn

Matthew Wagstaff

Hjálparsveit skáta í Reykjavík sjötíu og fimm ára

Hjálparsveit skáta í Reykjavík hefur fagnað 75 ára starfsafmæli sínu í ár. Af því tilefni hefur margt skemmtilegt verið á döfinni og má þar nefna afmælsklífurmót, ljósmyndasamkeppni og þrjú þraut í Elliðaárdalnum auk veglegrar árshátíðar.

Lokapunkturinn var svo settur síðastliðinn föstudag þegar félögum og velunnurum sveitarinnar var boðið til móttöku í höfuðstöðvunum að Malarhöfða 6. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri var heiðursgestur og hélt stutta tölu.

Hjálparsveit skáta í Reykjavík var stofnuð árið 1932 og er í dag ein af öflugustu björgunar-sveitum landsins en sveitin á aðild að Slysavarnarfélaginu Landsbjörg. Um 150 manns eru félagar

í hjálparsveitinni en innan hennar starfa nokkrir sérhæfðir flokkar auk almennra flokka.

Þá starfa um sjötíu einstaklingar með sveitinni með það að markmiði að ljúka þjálfun og verða fullgildir félagar.

Markmið sveitarinnar hefur frá upphafi verið að vinna að björgun fólks og veita hvers konar aðstoð í neyðartilvikum, þar sem þekking félaga og tæki hjálparsveitarinnar geta komið að notum.

ÞRÍÞRAUT Margt skemmtilegt hefur verið aðhafst á árinu, þar á meðal var glæsileg þrjú þraut í Elliðaárdal sem þessir kappar tóku þátt í meðal annarra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Í **TILEFNI FEBRADAGS** Réttindi barna sem búa ekki hjá báðum foreldrum verða í aðalhlutverki á Nordica í dag.

Réttindi skilnaðarbarna

Í dag klukkan 16 verður haldin ráðstefnan „Réttindi barna við skilnað“ í sal F&G á Hilton Hótel Nordica Reykjavík.

Ráðstefnan er sprottin af umræðu síðustu daga um jafnréttisfrumvarp félagsmálaráðherra, Jóhannu Sigurðardóttur, og þingmannafrumvarps Daggar Pálsdóttur varaþingmanns.

Markmiðið er að ræða réttindi barna til beggja foreldra sinna.

Það er Lúðvík Börkur Jónsson, formaður Félags um foreldra-jafnrétti, sem setur ráðstefnuna með umræðu um áherslur og stefnumál.

Næstur á eftir honum mun forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, flytja ávarp. Þá mun Jóhanna Sigurðardóttir ræða um barnið í nútíma fjölskyldunni og á eftir henni veitir Dógg Pálsdóttir upp spurningunni hvort einhverju þurfi að breyta um rétt barna til beggja foreldra.

Aðrir frummælendur verða Ásgeir Ingví Jónsson bæjarfulltrúi, séra Þórhallur Heimisson, listamaðurinn Jón Gnarr og Guðmundur Steingrímsson varaþingmaður.

Allir eru velkomnir, en áætluð ráðstefnuslit eru um klukkan 18.

www.volkswagen.is

Passat Variant TDI® 4Motion
kostar aðeins **3.350.000 kr.**

Aukahlutapakki að verðmæti **285.000 kr.** innifalinn.
Einnig fylgja vönduð vetrardekk að verðmæti **70.000 kr.**

Við getum nú boðið takmarkað magn af Passat Variant með geysiöflugri 140 hestafla 2,0 TDI® dísilvél sem eyðir aðeins 6,7 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Síteingt aldrif (4Motion) gerir vetraraksturinn að magnaðri upplifun.

Innifalinn 285.000 kr. aukahlutapakki

- 16" álfelgur
- Skyggðar rúður
- Aftengjanlegt dráttarbeisli
- Aksturstölva
- Leðurklætt stýri
- Fjarlægðarskynjarar að aftan og framan
- Silfurlitir þakbogar
- Hiti í framsætum
- 230V tengi í farþegarými



15%
vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ**
og stofnaðu reikning á spron.is



75 ára | spron



Volkswagen – kolefnisjafnaður útlástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Ég var ekki svikinn af flokknum

Vilhjálmur Þórmundur Vilhjálmsson gekk í Sjálfstæðisflokkinn sextán ára gamall og ætlar að deyjja sannur sjálfstæðismaður. Hann segir grasrótina og hinn almenna flokksmann standa á bak við sig og leitast ekki eftir afsökunarbeiðnum. Í samtali við **Klemens Ólaf Prastarson** ræðir gamli góði Villi átökin innan flokksins en leggur áherslu á sættir og hagsmuni borgarbúa.

Vilhjálmur og kona hans Guðrún flugu til Tenerife til að sleikja sárinn eftir að meirihlutinn í borginni féll. Þar hugaðu þau málin og spiluðu golf. Þau eru nú komin aftur heim og Vilhjálmur bauð blaðamanni til fundar í Valhöll, höfuðstöðvum Sjálfstæðisflokksins.

Nokkrir sjálfstæðismenn bíða þar með Vilhjálmi og er þeim umhugað um að allt fari vel fram. Innan skamms fáum við Villi að vera einir. Bjarni heitinn Benediktsson fylgdist þó með af veggnum.

Þú hefur verið borgarfulltrúi frá árinu 1982 og svo varstu borgarstjóri í sextán mánuði. Þrátt fyrir skamma setu er eins og orðið borgarstjóri loði svolítið við þig. Er ekki erfitt að vera orðinn óbreyttur borgarfulltrúi?

„Jú, það var einmitt á fundi í borgarráði núna í vikunni að ungar fulltrúi núverandi meirihluta sá ástæðu til að taka undir með orðum borgarstjóra þegar hún átti við mig! Ég leiðrétti hana auðvitað,“ segir Vilhjálmur og hlær.

„Þetta var góður tími og maður hafði mikið að gera. Ég er mjög stoltur af þeim verkefnum sem við unnum að. Mér finnst auðvitað miður að hafa ekki fengið tækifæri til að halda þessum góðu verkefnum áfram. Við náðum miklum framfarumálum í gegn og skýrasta dæmið um það er fjármálastjórnin. Ég lagði gríðarlega vinnu í hana því hún hafði verið í ólestri í mörg ár. Það var gert ráð fyrir því að hallinn yrði fjórir milljarðar á þessu ári, en það stefnir í að hann verði helmingi minni.“

En það hefur auðvitað áhrif að missa völdin. Þetta var vissulega mikið áfall og má ljúka því við að lenda í hvírfilbyl.“

Látum gott af okkur leiða

Heldur þú áfram í pólitík?

„Ég hef auðvitað hugleitt mína stöðu sem oddviti sjálfstæðismanna og það stendur ekki til að ég hætti því starfi. Ég er kjörinn borgarfulltrúi og hef stýrt þessum hópi í tæpt eitt og hálf ár. Ég lít svo á að ég hafi skyldum að gegna gagnvart kjósendum Sjálfstæðisflokksins og öðrum borgarbúum og þeim mun ég ekki bregðast. Við sjálfstæðismenn í borginni erum staðráðnir í að láta gott af okkur leiða. Ég hef fundið fyrir miklum stuðningi almennra flokksmanna á síðustu vikum og að sama skapi hafamínir félagar í borgarstjórnarflokknum lýst yfir miklum stuðningi við mig,“ segir Vilhjálmur.

En þú hefur væntanlega fundið fyrir gagnrýni líka?

„Ég hef auðvitað fundið fyrir gagnrýni og það er að mörgu leyti skiljanlegt að menn láti stór orð falla við þessar aðstæður. Vonbrigði okkar við að missa borgina í



FYRRVERANDI BORGARSTJÓRI Vilhjálmur ætlar að halda áfram í pólitík, í það minnsta út kjörtímabilið. Honum sárnaði greinilega það sem á gekk þegar meirihlutinn sprakk í borginni, en hefur sleikt sárinn með konu sinni síðustu vikur. Nú horfir hann til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

hendur vinstrimanna á nýjan leik voru auðvitað mjög mikil. En reynslan kennir manni að sýna stillingu og yfirvegun við slíkar aðstæður.“

Finnst þér að félagar þínir í borgarstjórnarflokknum hafi gert það?

„Ég hef sjálfur viðurkennt mín mistök í þessu máli. Það var keyrt of hratt og ekki nógu vel kynnt. Ég hef beðist velvirðingar á þessu og borgarfulltrúarnir hafa lýst yfir trausti við mig. Þetta mál hefur valdið miklum óróa og ég ætla ekkert að fara að gagnrýna einn eða neinn. Ég lít til framtíðar. Ég ætla ekki að fara að eltast við þau orð sem hafa verið látnin falla. Þetta er bara mannlegt.“

Ofuráhersla sexmenninganna á að áhættusöm útrás og orkufyrirtæki ættu ekki saman, kom hún ekki á óvart? Var þetta ekki bara hreinræktuð uppreisn?

„Ég vil ekki kalla þetta uppreisn. Þetta voru viðbrögð einstaklinga sem telja að ég hafi ekki sinnt þeim nógu vel í þessu máli. Þetta var bara ákveðin reiði sem braust út. Þeim fannst of langt gengið með REI og umfangið of mikið. Svo náði ég ekki að kynna þetta nægilega fyrir þeim og því var ákveðin hræðsla við málið. Orku-

veitan hefur lengi komið að útrás og stofnun REI var meðal annars byggð á þeirri hugmynd að auðvelda einkaaðilum að koma að útrás orkufyrirtækjanna. Og þetta er í takt við ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins. Þar er þessu fagnað. Viðbrögð minna félaga eru skiljanleg því þeir fengu ekki nægilega góða kynningu. Svo voru þarna stór einkafyrirtæki og það vakti ákveðna tortryggni hvað þetta gerðist hratt.“

Það hefur verið rætt um átökin sem einhvers konar uppgjör valdablokka í flokknum. Voru keppinautar þínir innan flokksins með valdablokkir á bak við sig?

„Ég er ekki fæddur með silfur-skeið í munni, heldur í verkamannabústað í Einholti 9. Þar bjuggum við sjö í sjötu fermetra íbúð. Pabbi var leigubílstjóri og sjómaður. Ég hef unnið mig upp í flokknum og haft stuðning grasrótáttarinnar þar. Ég hef ekki tilheyrt neinni völdugri blokk í flokknum.“

Auðvitað kemur stuðningur okkar úr ólíkum áttum. Það voru náttúrlega áhrifamenn þarna og það sást í auglýsingum [fyrir prófkjörið] hverjir studdu hvern. Það er ekkert sanngjarnt að segja að stuðningur við aðra en mig hafi komið frá einhverjum valdablokkum, ólíkt stuðningi við mig. Það voru auðvitað ákveðin hópar sem studdu mig líka og ég er ekkert að gagnrýna það. Ég barðist í prófkjörinu og ég sigraði. Síðan hef ég reynt að standa mig vel. Ég er ekki háður neinum og hef aldrei verið.“

Fundur með formanni

Var það ekki eins og rýtingur í bakið þegar sexmenningarnir funduðu með formanninum án þín?

„Eins og það mál endaði með kynningu í fjölmiðlum, þá var það mjög erfitt mál fyrir mig. En það er enginn rýtingur í bakinu á mér,“ segir Vilhjálmur og gantast við að þreifa á bakinu á sér. Honum vöknar þó eilítið um augu þegar hann heldur áfram: „Við höfum talað um þetta mál við Geir Haarde og ég met hann mjög mikils og hans vináttu.“

En hann gerði þarna ákveðin mistök?

„Ég veit ekki alveg hvernig þetta atvikaðist, en ég lít ekki svo á. Þetta bar auðvitað allt mjög brátt að. Það er svo margt sem gerist þegar kemur svona hafrót og margt sem menn ráða hreinlega ekki við. Það er auðvelt að vera vitur eftir á og þegar litið er til baka er margt sem maður hefði viljað gera betur eða á annan hátt. Auðvitað hefur maður velt miklu fyrir sér síðustu vikur og við Guðrún.“

Varst þú svikinn af flokknum?

„Nei, alls ekki, ekki af flokknum. Flokkurinn, sem er flokkurinn minn, hann kom saman hér í salnum hinum megin. Það voru um 220 manns og Geir formaður flutti ræðu og ég líka og við fórum yfir málið og allur salurinn stóð upp og klappaði og lýsti yfir stuðningi yfir mig. Þannig að ég var ekki svikinn af flokknum.“

Og þetta sexmenningatal, spurðu þau hvað þeim finnst um það, við erum sjö, ekki sex. Við erum sjö og ég er leiðtogi og ætla mér að vera það. Fólk í flokknum líkar ekki þetta sexmenningatal, við erum sjö. Það er mitt hlutverk að þetta flokkinn og ná á nýjan leik þeim góða anda sem ríkti í þessa sextán mánuði áður en fór sem fór. Það er það sem hinn almenni flokksmaður gerir kröfur til,“ segir borgarfulltrúinn og fær sér meira kaffi.

Enginn hefndarhugur

„Ég er ekki skaplaus maður, en ég er ekki með hatrammt hugarfar heldur. Ég reyni að finna hið jákvæða í þessari erfiðu stöðu. Ég er ekki á einhverjum veiðum. Það er mitt hlutverk að menn ynni saman og að græða sárinn. Ég er ekki að leita að sökudólgum til að ná mér niðri á, það er fjarri mér. Nú þurfa bara allir að axla ábyrgð.“

Hvaða ábyrgð hafa uppreisnarmennirnir axlað? Hafa þeir beðist velvirðingar á upphlaupinu?

„Það er bara komið að því að menn líti til framtíðar. Það skýrist fljótlega hvernig menn tækla þetta. Nú ríður á að menn standi saman og við verðum að gera það. Ég ætla ekki að fara að biðja um

afsökunarbeiðni. Ég hef sjálfur beðist afsökunar og þetta eru bara hlutir sem menn þurfa að ræða í okkur hópi. En það mun engum detta í hug að bregðast þessum óskum grasrótáttarinnar um að menn stilli saman strengi sína.“

Það hafa auðvitað miklar tilfinningar verið í þessu máli en síðan sættast menn bara. Þegar litið er til baka held ég að allir geti lært sína lexíu. Við verðum núna að standa saman og safna kröftum fyrir næstu kosningar.“

Ætlar þú að bjóða þig fram í þeim og í aðra prófkjörsbaráttu við Gísla Marteinn?

„Ég hef ekki tekið neina ákvörðun um það. Ég mun einbeita mér að næstu mánuðum og síðan hugsa málin. Ég er nú búinn að starfa á þessum vettvangi í 26 ár og það er dágóður tími. En eina ákvörðun mín núna er að standa mig vel.“

Litið til baka, hvers vegna telur þú að meirihlutinn hafi sprungið?

„Björn Ingi sleit samstarfinu, af einhverjum ástæðum. Við hefðum örugglega getað leyst þetta REI-mál ef við hefðum gefið okkur tíma til þess. Við ákváðum að selja okkur úr þessu og svo voru nokkur atriði sem við vildum ræða betur en hann lét ekki á það reyna. Hann kaus að fara aðra leið og mér sýnist að hann hafi akkúrat engu náð fram í nýja samstarfinu, að minnsta kosti ekki hvað REI varðar.“

Hvort dýpri ástæður eru fyrir slitunum veit ég ekki. Hann hefur ekki útskýrt ákvörðun sína með sannfærandi hætti,“ segir Vilhjálmur.

Sannur sjálfstæðismaður

„Ég ætla að deyjja sem sannur sjálfstæðismaður,“ segir Vilhjálmur að lokum. „Ég er búinn að vera lengi í flokknum og þykir ákaflega vænt um hann. Ég gekk í flokkinn sextán ára og síðan eru mörg ár liðin. Síðustu vikur hafa verið mjög erfiðar en það er alltaf hægt að finna leið til að halda áfram. Það má nú græða ýmis sár en það getur tekið tíma. Ég má þakka fyrir að hafa verið lengi í pólitík og vera með þetta harðan skráp.“

ÆSKUMYNDIR SJÁLFSTÆÐISMANS



Á LEIÐ Í FLOKKINN



STÚDENT FRÁ VERZLÓ

Vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði



Gerum hús að heimili

TEKK
COMPANY

OPÍÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

BYKO



Verið velkomin!

Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt

ALLA HELGINA - ÓTRÚLEG

OPNUNNA

Þetta er aðeins brot af fjölmörgum opnunartilboðum



250

Vnr. 52226342

Kastari

Halogen kastari,
hvítur, GU10, 50W.

590

Verð áður: 990



Vnr. 49950028

Reykskynjari

Reykskynjari.



4.490

Verð áður: 5.990

Vnr. 52224947

Borðlampi

Borðlampi, svartur,
E14, 40W.

490



Vnr. 71111362

Hamar

HURRICANE fiber
hamar, 450 g.

390

Verð áður: 690



Vnr. 38910040

Járnhillur

Járnhillur, 100x40x188 cm.

BYKO Kaupúni er opið alla daga

Virka daga frá kl. 8-20

Laugardaga frá kl. 9-18

Sunnudaga frá kl. 10-17



ARTILBOÐ

Breiddir: 40/50/60/70/80/90/100/110/
120/130/140/150/160/170/180 cm.

Vnr. 50510100

**Árimla-
gluggatjöld**
Árimlagluggatjöld,
hvít. Breidd: 40-180
cm, sídd: 160 cm.

Verð frá

490

1.990

Vnr. 88511007/33/42

Handklæðasett

Handklæðasett 3 stk.,
1 stk., 70x140 cm og 2 stk.,
50x100 cm, hvítt, kremað
eða brúnt.

Ryksugugildra

2.990

Verð áður: 4.990

Vnr. 88016502

Ryksuga

KASSEL ryksuga 1400W.
Ryksugugildra fylgir.



Andlit faraós opinberað

Einn frægasti konungur Egypta, **Tutankhamun**, lést aðeins níttján ára gamall fyrir þrjú þúsund árum undir dularfullum kringumstæðum. Sjö af þeim fornleifafræðingum sem fundu grafhýsi hans á síðustu öld hlutu voveiflegan dauðdaga í kjölfarið og talað var um „bölvun“ faraósins. Í tilefni þess að múmía hans var sýnd í fyrsta sinn opinberlega í vikunni skoðar **Anna Margrét Björnsson** líf og dauða gullna drengsins Nebkheperure Tutankhamun.

Almenningur fékk loks að berja augum hið raunverulega andlit og líkama Tutankhamuns í síðustu viku. Uppþornuð múmía hins forna egyptska konungs er varðveitt undir hörvaflingum og lokuð inni í dýrindis steinkistu alskreytttri gulli og gimsteinum. Hingað til hafa aðeins um fimmtíu manneskjur, látnar sem lífandi, séð líkamsleifar hans. Grafhýsi Tutankhamuns var uppgötvað fyrir 85 árum síðan af breska ævintryramanninum Howard Carter og hafði að geyma verðmæta dýrgripni úr gulli og filabeini. Fyrir miðju grafhýsinu stóð stórfengleg steinkista faraósins og ótal listaverk skreyttu vegg þess. Þar gaf að líta ýmsar sögur úr goðafræði Egypta og ágríp af lífi faraósins unga í myndtáknnum og málverkum. Þegar Carter fann grafhýsið árið 1922 var erfitt að ná kistunni og djásnunum upp á yfirborð eyðimerkurinnar. Þá brá Carter á það ráð að skera múmíuna í marga búta og menn hans notuðu logandi heita hnifa til þess að fjarlægja gyllta dauðagrímuna sem var föst við smurt höfuðið. Árið 1926 var líkami Tutankhamuns settur saman á ný en var rifinn þrisvar aftur upp úr kistu sinni á næstu þremur árum í rannsóknarskyni. Ástæða þess að líkamsleifar Tutankhamuns fengu að líta dagsins ljós í örskamma stund nú í síðustu viku er sú að fornleifafræðingar ætla að vernda hana gegn rakaskemmdum. Múmían er í bráðri hættu vegna mikils raka sem berst inn í grafhýsið þegar þúsundir ferðamanna heimsækja það á ári hverju. „Þessi gullni drengur sögu okkar ber með sér töfra og dularkraft og allir horfa til Egyptalands til að fullvissa sig um að við gerum“



Þessi gullni drengur sögu okkar ber með sér töfra og dularkraft og allir horfa til Egyptalands til að fullvissa sig um að við gerum allt í mætti okkar til þess að vernda leifar hans.

ZAHÍ HAWASS
FORMAÐUR EGYPSKU FORNLEIFAFRÆÐI-
STOFNUNARINNAR

allt í mætti okkar til þess að vernda leifar hans,“ sagði formaður egyptsku fornleifafræðistofnunarinnar, Zahi Hawass, áður en múmían var flutt til forvörslu.

Dularfullur dauðdagi

Dýrgripir Tutankhamuns hafa löngum vakið óskipta athygli almennings og milljónir ferðamanna hafa lagt leið sína í Dal konunganna í Egyptalandi. Leyndardómurinn um ótímabæran dauða hins unga faraós og sögusagnir um voveiflega dauðdaga þeirra sem áttu þátt í að fjarlægja hann úr grafhýsi sínu hafa orðið til þess að hann er einn frægasti faraó Egypta fyrr og síðar. Þegar líkami

Tutankhamuns var settur í röntgengeislun árið 1968 sást að höfuðkúpa hans var brotin, sem leiddi til vangaveltna um að hann hefði verið myrtur með höfuðhöggi. Sumir sagnfræðingar hafa haldið því fram að hann hafi verið myrtur vegna þess að hann hafi reynt að innleiða fjölgjöðstrú í Egyptalands á nýjan leik eftir að fyrirrennari hans, faraóinn Akhenaten, hafði snúið Egyptum til eingjöðstrúar. Þrjár manneskjur lágu helst undir grunsemdum um morðið – ráðgjafi hans, eiginkona hans og ekill. Önnur tilgáta er sú að hann hafi fallið úr hestvagni sínum á mikilli ferð og því fengið höfuðhögg sem leiddi til heilablæðingar. Sneiðmyndataka á líkamsleifum hans árið 2005 leiddi hins vegar í ljós að fótleggur hans var brotinn og því er mögulegt að hann hafi látist vegna sýkingar í kjölfar brotsins. Fornleifafræðingurinn Zahi Hawass er fullviss um að drengurinn hafi látist vegna sýkingar eða dreps í fótlegg vegna beinbrotsins. Þrátt fyrir að skiptar skoðanir séu á þeirri tilgátu þá eru flestir sérfræðingar nú sammála um að Tutankhamun hafi dáði af slysförum. Árið 2005 ákvað egyptska fornleifastofnunin að sýna dýrgripni úr grafhýsi Tutankhamuns með sýningu sem nefnist „Tutankhamun and the Golden Age of the Pharaohs“. Sýningin hefur farið um helstu borgir Bandaríkjanna, verður sett upp í London nú í nóvember en fer svo aftur til Egyptalands á næsta ári. Áhugasamir sem eiga leið um London geta skoðað sýninguna í „O2“-hvelvingunni sem áður hét The Millennium Dome. Sýningin hefst 15. nóvember og stendur fram í ágúst á næsta ári.

<http://www.visitlondon.com/tutankhamun>



ÁSÝND TUTANKHAMUNS Andlit faraósins sýnt hinn 4. nóvember í grafhýsi hans í Dal konunganna fyrir þrjú þúsund ár.

→ HVER VAR TUTANKHAMUN?

Egyptski faraóinn Tutankhamun (stundum stafað Tutan-khamen eða Tutan-khamon) heitir á egyptsku Tuwt-ankh-yaman, tilheyrði átjánundu konungsdættinni og var konungur frá 1333 til 1323 fyrir Krist. Hann var krýndur aðeins átta ára gamall og dó tæplega níttján ára. Í sögu Egyptalands heitir þetta tímabil „Nýja konungsdæmið“ og nafn hans þýðir „Hin lífandi ímynd Amuns“. Flestir sagnfræðingar telja að faðir hans hafi verið annað hvort Amenhotep hinn þriðji eða sonur Amenhoteps, Akhenaten. Tutankhamun var kvæntur systur sinni Ankhesenamun. Þau eignuðust tvö börn, dætur, en báðar fæddust andvana og múmfur þeirra fundust í grafhýsi föður þeirra. Á valdatíma Tutankhamuns breytti hann þjóðartrúnni aftur til fjölgjöðstrúar undir ráðgjöf Ay (sem var einnig ráðgjafi Akhenatens) og drottningsinnar fögru, Nefertiti. Banni við musterum og trúarathöfnum var aflétt og prestarnir endurheimtu sín fyrri völd. Höfuðborg Egyptalands var færð aftur til Þebu og mörg musterí voru byggð til heiðurs sólarguðsins forna, Amun-Ra. Tutankhamun háði styrjaldir gegn Hittitum og Núbíumönnum og kann að hafa slasast í þeim orrustum. Eftir dauða sinn er eins og Tutankhamun hafi horfið úr sögulegri vitund Egypta og lítið var vitað um hann fyrr en snemma á tuttugustu öld. Það liggur þó fyrir að grafhýsi hans var rænt tvisvar sinnum í fornöld en upplýsingar um hvar hann var grafinn virðast hafa týnst þar til Howard Carter fann grafhýsið fyrir tilviljun.



→ BÖLVUN TUTANKHAMUNS

Mikið fjölmiðlafar upphófst um bölvun faraósins vegna undarlegra atburða sem áttu sér stað í kjölfar þess að grafhýsið var opnað. Sama dag drap eitruð kóbraslanga kanarífugl Carters sem hann notaði til þess að athuga súrefnismagn. Kóbraslanga úr gulli skreytti enni dauðagrímu faraósins og egyptskir aðstoðarmenn Carters flúðu dauðhræddir undan „reiði faraósins“. Sama dag og grafhýsið var tæmt slokkuðu öll ljós í Kairó (en þó kom iðulega fyrir á þessum tíma að rafmagn fór af borginni).

Maðurinn sem fjármagnaði leit Howards Carter að gröf Tutankhamuns var Carnarvon lávarður, einn helsti safnari fornegyptskra minja á þeim tíma. Hann lést sjö vikum eftir opnun grafhýsisins í kjölfar skordýrabits. Hundur Carnarvons lávarðar drapst í Englandi á nákvæmlega sömu stundu og eigandi sinn og þjónustufólk segist hafa heyrt dýrið ýlfa hræðilega af kvöllum. Nokkrum vikum síðar lést yngri bróðir lávarðarins af ókunnnum ástæðum og einnig nokkrir samstarfsmenn Howards Carter. Einn þeirra, Westbury lávarður, stókk af húspaki og skildi eftir bréf þar sem hann skrifaði „Ég get ekki afborið að upplifa meiri hrylling“. Rithöfundurinn Arthur Conan Doyle, sem var frægur fyrir bækur sínar um Sherlock Holmes og áhuga sinn á dulspeki, kom fram í fjölmiðlum og taldi líklegt að Carnarvon hefði dáði vegna bölvunar Tutankhamuns. Af þeim tuttugu og sex manns sem opnuðu



STÓRKOSTLEGUR FUNDUR Teymi Howards Carnarvons fyrir tilviljun. Carter sést hér að rannsa þess sem tóku þátt í leiðangrinum létust.

grafhýsi Tutankhamuns voru sex látnir innan fimm ára. Vísindamenn síðari ára hafa haft uppi vangaveltur um að ástæða þess að svo margir dóu af „bölvun faraósins“ sé ef til villeitruð myglugró sem hafi mögulega verið í grafhýsinu og veikt ónæmiskerfi þeirra sem önduðu henni að sér.

Meðal áletrana innan í grafhýsi

nóvember 2007
Sport
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM ÍPRÓTTIR]

UMBOÐSMAÐUR ÍSLANDS

ÓLAFUR GARÐARSSON
HEFUR Í RÚMAN ÁRATUG
STAÐIÐ AÐ ÚTRÁS
ÍSLENSKRA
KNATTSPYRNUMANNA.
ÓLAFUR SEGIR
FRÁ STARFINU,
SAMNINGUNUM OG
SAMSKIPTUNUM VIÐ
STJÓRANA.

» OFMETNUSTU
LEIKMENN
ENGLANDS


» HVOR ER BETRI
WOODS EÐA
FEDERER?

» ÍPRÓTTASTJÓRI
FLENSBURG
EINAR OG ALEX
ERU GULLS ÍGILDI

» HOLLENSK
KNATTSPYRNA
NÝ KYNSLÓÐ
RYÐUR SÉR
TIL RÚMS

SPORTAIND/VILHELM





» ÉG ER

Anders Dahl-Nielsen

Aldur: 56 ára

Staða: Yfirmaður íþróttamála hjá Flensburg

Ágrip:

Anders Dahl er með þekktari mönnum í danska handboltaheiminum. Hann var frábær handboltamaður á sínum tíma og spilaði eina 209 leiki með danska landsliðinu á sínum tíma. Hann er þriðji markahæsti leikmaður danska landsliðsins frá upphafi með 610 mörk.

Anders Dahl kom til Íslands í byrjun níunda áratugar síðustu aldar. Hann þjálfaði þá KR eitt tímabil og meðal lærisveina hans var Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari Íslands. Anders hefur alla tíð síðan borið sterkar tilfinningar til Íslands og er mikill KR-ingur. Hann þjálfaði síðan danska félagið Ribe áður en hann var ráðinn þjálfari hjá Flensburg upp úr 1990.

Anders Dahl þjálfaði Flensburg í ein fimm ár. Hann fór þaðan til Skjern og þjálfaði danska liðið í ein sex ár. Þá tók hann við sem framkvæmdastjóri hjá félaginu og var þá yfirmaður Arons Kristjánssonar er hann þjálfaði Skjern.

Anders Dahl var síðan boðin staða yfirmanns íþróttamála hjá Flensburg síðasta og hann er því kominn á fornar slóðir. Hann situr einnig á bekknum hjá Flensburg í leikjum og gefur hinum sænska þjálfara liðsins, Kent-Harry Anderson, góð ráð ef á þarf að halda.

ERUM MJÖG ÁNÆGÐIR MEÐ ALEX OG EINAR

Íslandsvinurinn **Anders Dahl-Nielsen**, sem er yfirmaður íþróttamála hjá þýska stórliðinu Flensburg, segir að félagið sé mjög ánægt með þá **Alexander Petersson** og **Einar Hólmgeirsson** sem komu til félagsins í fyrrasumar. Í viðtali við Sport ræðir Dahl-Nielsen um lífið í þýsku úrvalsdeildinni og af hverju félagið sé meira og minna skipað skandinavískum einstaklingum.

Flestir íslenskir handboltaunnendur kannast ágætlega við hinn 56 ára gamla Dana, Anders Dahl-Nielsen. Hann þjálfaði KR eina leiktíð fyrir 25 árum og var svo yfirmaður Arons Kristjánssonar hjá Skjern í Danmörku. Hann er núna yfirmaður íþróttamála hjá þýska stórliðinu Flensburg en með því leika Íslendingarnir Alexander Petersson og Einar Hólmgeirsson. Sport hitti Anders-Dahl í höfuðstöðvum Flensburg á dögnum og fékk að skyggast bak við tjöldin í fylgd þessa viðkunnanlega Dana.

„Aðalmunurinn á Flensburg og Skjern felst í því að deildin hér er miklu stærri og hér er allt umfangið meira. Fleiri stórleikir, fleira fólk og annað. Sem stofnun þá er Skjern svipað vel rekið en allar aðstæður hjá þessu félagi eru miklu betri. Hér er allt til alls og það á sama stað. Við erum með félagsaðstöðuna, líkamsræktaraðstöðuna, æfingaaðstöðuna og allt annað á nákvæmlega sama staðnum sem er mikill kostur. Reksturinn er líka allt annar og veltan hjá Flensburg er rúmlega helmingi meiri en hjá Skjern,“ sagði Anders Dahl er hann settist niður með blaðamanni á kaffistofunni eftir að við höfðum farið ítarlega yfir alla aðstöðuna sem er hjá félaginu og verður að segjast eins og er að hún er til mikillar fyrirmyndar.

VILJUM HAFNA DANSKA OG SKANDINAVÍSKA LEIKMENN

Það vekur nokkra athygli að skandinavískir leikmenn eru í miklum metum hjá félaginu. Danir hafa löngum verið áberandi sem er eðlilegt þar sem bærinn er rétt við landamæri Danmerkur. Þjálfarinn er sænskur og nýjasta viðbótin voru tveir Íslendingar síðasta sumar.

„Við leggjum mikið upp úr því að hafa skandinavíska leikmenn hér. Það er líka mikilvægt að hafa danska leikmenn hér því þeirra fólk vill sjá þá spila og hingað mæta örugglega um 1.500 Danir á hvern leik. Bærinn er líka hálf danskur og hér búa margir Danir. Því er það félaginu mikilvægt að hafa danska leikmenn í liðinu,“ sagði Anders Dahl, en á meðal sterkra danskra leikmanna hjá félaginu eru hornamennirnir Lars Christiansen og Sören Stryger sem og línumaðurinn Michael Knudsen.

SKANDINAVAR HAFNA KOSTINA SEM VID LEITUM AÐ

„Það er ekki lítið á Dani og Skandinava sem erlenda leikmenn hér. Félagið vill hafa ákveðinn kultúr og ákveðna ásjónu og er ekki sama um hvernig leikmenn spila með félaginu. Skandinavískir leikmenn passa

fullkomlega inn í þessa ásjónu enda annálaðir vinnuhestar sem bera sig vel innan vallar sem utan. Er oftast en ekki til fyrirmyndar í öllu sem þeir gera og eru til í að leggja mikið á sig. Það eru kostir sem við kunnum að meta,“ sagði Daninn geðþekki.

ÞRÚ FÉLÖG Í DEILDINN EIGA MEST AF PENINGUM

Helga og Arnar taka á móti gestum.Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, lögglitir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is**Draumahús 530 1800**

Kársnesbraut 107 - 200 Kóp

Opið hús í dag kl. 14:00-14:30**69.900.000**

Glæsilegt 236,5 fm. 6 herb einbýlishús í Vesturbæ Kópavogs. Einstaklega fallegt og vandað hús sem þið verðið að skoða.

Sölumaður Draumahúsa verður á staðnum.Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, lögglitir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

FASTEIGNASALA

- heilshugar um þinn hag -

Vilhjálmur Bjarnason
Guðbjörg Róbertsdóttir
Guðný Guðmundsdóttir
Gunnar Magnússon
Heimir H. Eðvarðsson
Hrafnhildur Helgadóttir
Kolbeinn Sigurðsson
Kristinn Erlendssonlögg. fast.sali
lögg. fast.sali
sölumaður
sölumaður
sölumaður
sölumaður
sölumaður
sölumaðurÓlafur M. Sævarsson
Sigurður B. Halldórsson
Þóroldur Óskarsson
Rannveig Sveinsdóttir
Erla R. Guðmundsdóttir
Ómar Haraldsson
Ingvaldur Mar Ingvaldssonsölumaður
sölumaður
sölumaður
móttaka
bókari
tölvuumsjón/frágangur
framkv.stjóri**Suðurlandsbraut 50**

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

Sími 513 4300**Bjarkarás 1 til 29 - 210 Garðabæ, opið hús frá kl. 14:00 - 15:00****Opið hús í dag**

Glæsilegar 120-155 fm, 3ja herbergja íbúðir í funkisstíl, með sérinngangi og bílskúli við Bjarkarás í Garðabæ. Mikið útsýni af efri hæðunum. Íbúðirnar eru allar mismunandi og svalir allt frá 8fm upp í 57fm og stofustærð frá 33-50fm.. Verönd er með neðri hæðum. Íbúðirnar afhendast tilbúnar til innréttinga en þó búið að draga í rafmagn. Hægt er að frá íbúðirnar lengra komnar ef vill með innréttingum frá HTH.

Lóð er fullfrágengin með öllum gróðri, plöntu og trjágróðri samkvæmt arkitektateikningu. Byggingaraðili er Tré-mót ehf en arkitekt er Kristinn Ragnarsson. Verð frá 34,7-43,8 millj. (íbúðir teknar upp í).**Kvistavellir 41 - 221 Hafnarfj**
Opið hús 11. nóv. kl. 15:30 - 16:00Fallegt nýtt einbýli á einni hæð með tvöföldum innb. bílskúr. Íbúðin er 5 herbergja 156,6 fm og bílskúrin er 55,5 fm, eignin er því samtals 212,1 fm. Húsið er staðsteypt og er tilbúið til innréttingar. Eignin skiptist í forstofu, 2 baðherbergi, 4 svefnherbergi, þvottaherbergi, eldhús, svefnherbergisgang, stofu, geymslu og bílskúr. Hiti er í gólf. Eignin afhendist tilbúin að utan með grófjafnaðri lóð. Að innan er búið að setja milliveggi, sparsla og mála. Loft er tekið upp að hluta og er með möguleika á halögen lýsingu. **AFHENDING ER VIÐ KAUPSAMNING. Verð 49.900.000**
Sigurður Björgvin, tekur á móti gestum. Sími 663 2697**Opið hús Lyngmóar 11 - 210 Garðabæ**
Opið hús 11. nóv. kl. 16:00 - 16:30Falleg 104,9 fm 4ra herb. íbúð á 1. hæð hússins ásamt 16,9 fm bílskúr. Eldhús nýlega tekið í gegn með hvítsprautulakkaðri innréttingu. Björt borðstofa og stofa með parketi, útgangur á svalir og þaðan á afgirta viðarverönd. Baðherb. með hita og flisum á gólf, flisar á veggjum. Parket á gólfum í svefnh. Bílskúr með rafmagni, heitu og köldu vatni. **Verð 31,9 millj.**
Hrafnhildur S:8943800 tekur á móti gestum**Versturberg 144 - 111 Rvk**
Opið hús 11. nóv. kl. 15:30 - 16:00Rúmgóð 111,4 fm 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í verðlaunahúsi með yfirbyggðum svölum og útsýni yfir borgina, sjóinn og til fjalla. **Íbúðin skiptist í 3 svefnherbergi, eldhús, bað, hol, lítið gluggalaust herbergi, stofu og yfirbyggðar svalir til vesturs. Verð 24,9 millj.**
Verð velkomin. Guðný sími 821 6610**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

Hafnarfjörður – Miðbær

Verzlunarhúsnæði – laust strax
Frábært umhverfi – næg bílastæði

Til leigu



Alls 970 fm, þar af 750 fm jarðhæð og 220 fm kjallari. Mögulegt að leigja í minni einingum. Gæti hentað hverskonar verslunar og/eða þjónustufyrirtækjum. Frábært umhverfi. Næg bílastæði. Húsið að utan er í mjög góðu standi. Góð lofthæð. Innkeyrsludyr. **Hagstætt leiguverð. Nánari upplýsingar veitir Ingvar í síma 896 3101.**

EIGNAMIDLUN
Sólveig 21 • eignamidlun.is • Fax 588 8095
www.eignamidlun.is • Opð Mánudag – Fimmtudag 9-17
Sími 588 90 90
Sverrir Kristinnsson löggiltur fasteignasali

RÁNARGATA – GLÆSILEG, HÁTT TIL LOFTS

Mjög falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er mikið uppgerð á flottan hátt og skiptist í hol, eldhús, tvö svefnherbergi og tvær stofur. Parket á öllum gólfum nema baðherbergi sem er flísalagt í hólf og gólf. **Verð 29,9 millj.**
Upplýsingar veitir Gunnar Helgi í síma 824 9097
eða Magnea í síma 8 8



Stóreign

Lögfræðingur
Löggildur fasteignasali

Vegna aukinna umsvifa við sölu á atvinnuhúsnæði óskar Stóreign að ráða tvö lögmenn og/eða löggilda fasteignasala til starfa hjá Stóreign.

Allar nánari upplýsingar
veitir Þorlákur Ómar í síma 590 7600.

Stóreign | Fremstir í atvinnufasteignum

Lágmúla 7 | 108 Reykjavík | Sími 590_7600

VILTU BÆTAST Í STÓRAN HÓP ÍSLENDINGA SEM HAFA KEYPT EIGNIR Í BÚLGARÍU?

ELINOR II

Aðeins 4 íbúðir eftir



Sérlega fallegt 8 íbúða hús á besta stað alveg við ströndina, sundlaug og afgirt svæði. Stórglæsilegt hús á þremur hæðum í hinum skemmtilega bæ Budjaka við Sozopol.

Húsið er hannað í Nessebar stíl sem er þjóðlegur búlgarskur byggingastíll og er mjög hátt metinn í Búlgaríu. Það er mjög stutt niður á hvíta strönd frá húsunum og 3-5 mín. akstur niður í miðbæ Sozopol. Stutt í alla þjónustu og á veitingastaði. **VERÐ frá 77.000 €.**

VILLA KAREN

Aðeins 3 íbúðir eftir



Í boði eru eignir í VILLA KAREN sem glæsilegt 24 íbúða fjölbýli með 2ja herbergja íbúðum sem skiptist í þrjár byggingar. Tvær sex íbúða og eina átta íbúða byggingu. Sundlaug og pottur, grillaðstaða. Stutt á strönd.

VERÐ frá 74.000 €.

VILLA FIORD

Aðeins 4 hús eftir



VILLA FIORD – Tíu sérlega falleg raðhús á frábærum stað - 142 fm raðhús á 3 hæðum – 2 íbúðir í hverju húsi! ÚTSÝNI ÚT Á SVARTA HAFIÐ

1. hæð Stofa, Eldhús, salerni og verönd.
2. hæð Tvö svefnherbergi og tvö baðherbergi inn af hvoru þeirra. Tvennar svalir.
3. hæð er hönnuð sem íbúð með eldhúsi, stofu, baðherbergi, svefnherbergi. Tvennar svalir.

VERÐ frá 150.000 €.

FRÍ SKOÐUNARFERÐ FYRIR KAUPENDUR!

Proxima í samstarfi við fasteignasöluna Akkurat

Proxima
FINANCE LIMITED

Akkurat

FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

Halla Unnur
Helgadóttir, lögg. fast.

– www.bulgaria.is –

- PROXIMA er rekið af íslenskum aðilum sem eru að byggja vandaðar eignir á einum eftirsóttasta stað í Búlgaríu.
- Fallegar íbúðir og raðhús við Svartahafið.
- 15 mín til borgarinnar Bourgas sem liggur við Svartahafið, þægileg og skemmtileg borg.

- 1 klukkutími til Tyrklands.
- Budjaka „svæðið“ sem er byggt á er alveg við einn af frægari bæjum í Búlgaríu (Sozopol) yndislegur bær með fjölbreyttu og skemmtilegu mannlífi.
- 30 Mín á Alþjóðaflugvöll

- Þetta er eitt af eftirsóttari svæðum Búlgaríu og má aðeins byggja á 20% af landinu og aðeins upp á þrjár hæðir. Öruggt og rólegt svæði sem býður upp á góða fjárfestingu.

BÓKAÐU KYNNINGU!
Eiríkur Hilmarsson gsm. 822 7303
Ingvar Ragnarsson gsm. 822 7300

Hér búum við

Arnarneshæðin er einstaklega vel staðsett á eftirsóttum stað á höfuðborgarsvæðinu. Hverfið er sólríkt og skjólsælt, með gullfallegt útsýni til allra átta. Stutt er í alla verslun og þjónustu, fjölmargir skólar eru í næsta nágrenni og ótal frábær íþrótta- og útivistarsvæði innan seilingar.



Opið hús í Línakri 1 og 3 í dag frá kl. 14–15



☐ Línakri 1

5 herbergja íbúðir
164,6 fm – verð frá 45,9 m.

☐ Línakri 3

4 herbergja íbúðir
134,9 fm – verð frá 34,9 m.



Hafnarfjörður – Garðabær – Álftanes

MÁVAHRAUN - HF.



Hraunhamar kynnir fallegt einbýlishús á þessum eftirsóttu stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Húsið er 166,9 fm með bílskúr sem er 30,1 fm. Húsið er á einni hæð. Skipting eignar: forstofa, 3 svefnherbergi, (4 skv. teikningu), hol, eldhús með borðkróki. Stofa, borðstofa, baðherbergi, þvottahús og bílskúr. Sérlega gott skipulag. Húsinu hefur verið vel við haldið. **Þetta er eign sem hægt er að mæla með.**

STEEKJARHVAMMUR - HF.



Glæsilegt raðhús með innbyggðum bílskúr, samtals 200 fm. (neðri hús). Fjögur stór og góð svefnherbergi, möguleikar á fimmta. Fallegar innréttingar, mjög gott skipulag. Frábær staðsetning. Verönd í bakgarði. Falleg eign. **V. 42,5 millj.**

LANGALÍNA - GBÆ



Nýkomin sérlega falleg fullbúin 3ja herb. 116 fm íbúð á fyrstu hæð í glæsilegu nýlegu fjölb. Glæsilegar innréttingar og gólfefni, allt fyrsta flokks. Góð geymsla og sér staði í vönduðu bílskúli. Íbúðin er laus til afhend. **V. 36,9 millj.**

MÍÐVANGUR - HF. EINBÝLI



Nýkomið í einkasölu á þessum frábæra stað glæsilegt mikið endurnýjað einbýli með innbyggðum bílskúr, samtals ca 170 fm. Glæsilegt nýtt eldhús, nýstandsett baðherbergi, lagnir og fl. Glæsilegur gróinn garður. **Verð 52 millj.**

LINDARBERG - HF. GLÆSIL.



Nýkomið einkar glæsil. fullbúð parhús 176 fm m/innb. bílskúr. Glæsil. innréttingar, gott skipulag, fallega ræktuð lóð. Frábær staðsetning og útsýni. **V. 47,8 millj. no. 117996**

BREKKUBYGGÐ - GBÆ



Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í einkasölu mjög fallega 92,3 fm 3ja herb. íbúð með sér inngang á frábærum útsýnisstað vel staðsett í Byggðahverfi. Eignin skiptist í forst., hol, eldh., stofu, borðst., 2 herb., baðh., þv.hús og geymslu.. **Verð 27,9. millj.**
Uppl. veitir Þorbjörn Helgi, sölumaður gsm. 896 0058

FJARÐARGATA - HF. - LAUS



Nýkomið í einkasölu glæsileg 3ja til 4ra herb. ca 120 fm björt endaíbúð á 2. hæð í glæsilegu lyftuhúsi í miðbæ Hfj. S-svalir, sér þvottaherbergi. Öll þjónusta í göngufæri. Lyfta, útsýni. Laus strax. **Verð tilboð.**

Upplýsingar veitir Helgi Jón Harðarson, sölustjóri s. 893 2233 eða á skrifstofu

KJARRMÓAR - RAÐHÚS



Nýkomið í einkasölu á þessum frábæra stað, sérlega fallegt, mikið endurnýjað raðhús á tveimur hæðum, m. bílskúr, samtals 115 fm. Nýtt eldhús og baðherbergi ný standsett. Hús í góðu standi, verönd í suðurgarði. **V. 32 millj.**

FAXATÚN - GBÆ



Nýkomið sérlega fallegt talsvert endurnýjað einbýli á einni hæð með bílskúli samtals ca. 183 fm. Fallegar innréttingar, parket, nýlegur skáli. Gróinn garður. **Verð 41,5 millj.**

FJARÐARGATA - HF. LÚXUSÍBÚÐ



Glæsileg lúxusíbúð, 3-4 herbergi í dag, 128 fm. á 4. hæð (næst efstu) í glæsilegu lyftuhúsi í miðbæ Hafnarfjarðar. Stórglæsilegt útsýni yfir höfnina og bæinn. Góður inngangur, forstofa, glæsilegar stofur (borðstofa). Glæsilegt eldhús. Frá stofu er útgengt út á óvenju rúmgóðar flísalagðar yfirbyggðar svalir. Stór geymsla, þv. herb. tvö svefn. m. skáp, glæsilegt baðherbergi. Parket á gólfum. Sameiginleg geymsla á jarðhæð. Íbúðin er björt, rúmgóð og glæsileg. Staðsetningin er frábær, í göngufæri við alla þjónustu. Góð eign, laus strax. **Verð 43 millj.**

Uppl. veitir Helgi Jón sölustjóri s. 893 2233 eða á skrifstofu.

ÖLDUGATA - HF.



Nýkomið í einkasölu sérlega skemmtilegt einbýli með bílskúr, samtals 120 fm. Eignin hefur verið töluvert endurnýjuð á síðastliðnum árum. Góð staðsetning, stutt í skóla ofl. **V. 33,5 millj.**

LINDARHVAMMUR - HF.



Nýkomin í einkasölu, sérlega skemmtileg 97 fm neðri sérhæð í mjög góðu tvíbýli á þessum frábæra stað. Ný standsett baðherbergi. Parket á gólfum. 2-3 svefnherbergi. Laus fljótlega. **V. 25,9 millj.**

TJARNARBREKKA 1-3-5 - EINBÝLI



Glæsilegt 264 fm einbýlishús að mestu á einni hæð með 41,2 fm útsýnisskála á annari hæð með stórum þakgarði á þessum frábæra stað á Álftarnesinu. Húsið er á eignarlóð. Hús skilast tilbúið undir tréverk (sjá nánar skilalýsingu seljanda) Ekkert er til sparað í byggingu húss, tvöfaldur þakdúkur, lagt í fyrir hússtjórnkerfi o.fl. Frábær staðsetning. **Verð 59 millj.**
Nánari upplýsingar á skrifstofu Hraunhamars.

TJARNARBREKKA 4 - EINBÝLI



Glæsilegt 323 fm einbýlishús á þessum frábæra stað á Álftarnesinu. Sérlega vandað einbýlishús á einni hæð. Húsið er á eignarlóð. Hús skilast tilbúið undir tréverk. Ekkert er til sparað í byggingu húss tvöfaldur þakdúkur, lagt í fyrir hússtjórnkerfi o.fl. Frábær staðsetning.
Nánari upplýsingar á skrifstofu Hraunhamars.

KIRKJUBREKKA - RAÐHÚS



Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í einkasölu glæsilegt 219 fermetra parhús með bílskúr, á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað við Kirkjubrekku 7 á Álftanesi. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, gestasnyrtu, geymslu og bílskúr. Á neðri hæð eru þrjú góð herbergi, baðherbergi, sjónvarpshol, þvottahús og geymsla. Eignin afhendist í núverandi ástandi fullbúin að utan með gróflagnaðri lóð.
Upplýsingar og teikningar á skrifstofu Hraunhamars.

Álfaskeið - Hf. Lúxusíbúðir



Lúxus sérhæði í Hfj. Um er að ræða glæsilega húseign með 4 íbúðum þ.e. tvær íbúðir á hæð, undir húsinu verða rúmgóðar bílageymslur. Hornlóð.

- ✓ Íbúð 0101 - 179,8 fm auk stæði í bílageymslu og sameignir samtals 56 fm.
- ✓ Íbúð 0102 - 181,6 fm auk stæði í bílageymslu og sameignir samtals 56 fm.
- ✓ Íbúð 0201 - 174,0 fm auk stæði í bílageymslu og sameignar samtals 56 fm.
- ✓ Íbúð 0202 - 183,2 fm auk stæði í bílageymslu og sameignar samtals 56 fm.
- ✓ Íbúðir afhendast fullbúnar en án gólfefna.
- ✓ Byggingaraðili: Fjörður ehf. **Verð frá 41,5 millj.**

Afhending næstkomandi haust.
Nánari upplýsingar á skrifstofu Hraunhamars.

ERLUÁS - HF - EINBÝLI



Nýkomið í einkasölu glæsilegt nýlegt einlyft einbýli með innbyggðum tvöföldum bílskúr samtals 222 fm. Húsið skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, glæsilegt eldhús og baðherb. 3-4 svefnherb. Sjónvarpsskáli. Þvottaherb. o.fl. Frábær staðsetning innst í botnlanga á einum besta útsýnisstað bæjarins. Myndir á mbl.is.

GLITVANGUR - HF. EINBÝLI



Nýkomið í einkasölu glæsilegt einbýli á einni hæð m/innbyggðum bílskúr samtals 212 fm. Húsið skiptist m.a. þannig: 4 svefnherbergi, stofa, borðstofa, arinn, eldhús, sjónvarpshol, baðherbergi o.fl. Glæsileg hornlóð. Hiti í plani, góð staðsetning. Eign í sérflakki. Myndir á mbl.is.

EFSTAHLÍÐ - HF - PARHÚS



Nýkomið í einkas. sérl. fallegt nýl. tvílyft parhús með innb. bílskúr samtals 190 fm. Húsið skiptist í stofu, borðstofu, 4 svefnherb. sjónvarps.skáli, baðherb. o.fl. Fallegur garður með pöllum, svalir. Útsýni. Góð staðsetn. **Verð 44,9 millj.**

Reykjavík – Kópavogur

SPORÐAGRUNN - RVK. 3JA HERB.



Í einkasölu glæsilegt 94,4 fm 3ja herb. íbúð í góðu 3ja íbúða húsi á frábærum stað við Sporðagrunn í 104 Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, baðherbergi, tvö góð herbergi, geymslu og sameiginlegt þvottahús. Gólfefni eru parket og flísar. Frábær staðsetning. **V.28,4 millj.**

Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm. 8960058.

SNORRABRAUT - RVÍK. LAUS STRAX



Falleg íbúð á þessum vinsæla stað miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin er 64,3 fm fyrir utan geymslu sem er ca 6 fm. íbúðin er á annarri hæð. Skipting eignarinnar: hol, stofa, 2 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, geymsla. Eign sem vert er að skoða. **V. 18,9 millj.**

TJARNARGATA - RVK



Glæsileg 88 fm jarðhæð við Tjörnina í Rvk. Sér inngangur, forstofa, geymsla, eldhús, rúmgott barnaherb., sérlega gott svefnherb., björt stofa. Glæsil. baðherb. Á jarðhæð er sameiginl. þv.hús. Nýl. gler er í íbúð. Íbúðin er mikið endurnýjuð. Lóð í góðri rækt. Nýlegt dren og nýlegar frárennislagnir. **V. 27,5 millj.**

Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm. 8960058.

TJARNARGATA - RVK - VIÐ TJÖRNINA



Glæsileg 88 fm jarðhæð við tjörnina í Rvk. Sér inngangur, forstofa, geymsla, eldhús, rúmgott barnaherb., sérlega gott svefnherb, björt stofa. glæsilegt baðherb. Á jarðhæð er sameiginlegt þvottahús. Nýlegt gler er í íbúð. Íbúð mikið endurnýjuð. Lóð í góðri rækt. Nýlegt dren ásamt nýlegum frárennislögnum. Sérlega vönduð og björt jarðhæð á besta stað í bænum. **Verð 27,5 millj.**

Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm. 8960058.

DALAPING 4 - VATSENDI - KÓP.



Í einkasölu glæsilegt einbýli á 2 hæðum samtals um 359,7 fm. Þar af er bílskúr 62,4 fm. Um er að ræða vel staðsett timburhús í byggingu klætt að utan með múrstein í hvítum lit og afhendist húsið fullbúið að utan en einangrað að innan, útveggir og loft. Allt efni í innveggi ásamt stíga milli hæða fylgir með. **Frábær staðs. Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi. gsm 896-0058.**

Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm. 8960058.

ÁLFHÓLSVEGUR - KÓPV. RAÐHÚS



Hraunhamar hefur fengið í einkasölu raðhús á tveim hæðum, íbúð 118,2 fm, geymsla 15,4 fm og 30 fm bílskúr, samtals 163,6 fm vel staðsett miðsvæðis í Kópavogi. Fallegar innréttingar og gólfefni. **Góður garður. V. 34,9 millj.**

Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm. 8960058.

FAGRAPING 2 - KÓPV.- EINBÝLI



Í sölu glæsilegt einbýli á 2 hæðum 348,6 fm hannað og teiknað af Sigurði Hallgrímssyni hjá Arkþing. Húsið er í dag uppsteypt og skiptist í forstofu, fjölskyldurými, 3 herb, gang, þv.hús, baðh, og geymslu. Á efri hæð er hjónah, baðh, eldhús, búr, stofa og borðstofa. Góðar svalir eru á húsinu. Glæsilegt útsýni. Afhendist fullbúið að utan slétt þússað, þó verður frágangur á þaki eftir. Að innan er húsið fohkelt og lóð verður grófið. **Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm 896 0058.**

Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm 896 0058.

FÍFUHVAMMUR - KÓPAV. EINBÝLI



Nýkomið glæsilegt tvílyft einbýli með innbyggðum bílskúr samtals 244 fm. Húsið skiptist m.a. þannig: stórt eldhús, rúmgóðar stofur, borðstofa, sjónvarpsskáli, þvottaherbergi, þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi o.fl. Arinn í stofu. Frábær staðsetning og aðkoma. Stór ræktuð lóð. **Verð tilboð. Laust strax.**

Upplýsingar gefur Helgi Jón, sölustjóri s. 893 2233 eða á skrifstofu Hraunhamars.

NÚPALIND - KÓPV.



Í einkasölu sérlega björt og falleg 2ja herb. 77,2 fm íbúð á 7. hæð í nýlegu lyftuhúsi á þessum frábæra stað miðsvæðis í Kópavogi. Fallegar innréttingar og gólfefni eru parket og flísar. Frábært útsýni. Snýrtileg sameign. **V. 21,9 millj.**

Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm. 8960058.



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9-18

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 14-16 HEIÐARGERÐI 3, 0101 - VOGUM



Sérlega falleg og vel hönnuð 99,7 fm íbúð á jarðhæð í viðhaldslitlu fjölbýli. 3 sv. herb. Sérinnangangur. Eikarinnréttningar, parket og flísar. Verönd með skjólveggjum. Góð lán áhvilandi. **Verð 20,9 millj.**
Iris tekur á móti gestum sími 565 1074

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Haðarstígur 18 Parhús í Þingholtunum Opið hús í dag frá kl. 14-16



Mikið endurnýjað 140 fm parhús í Þingholtunum. Á aðalhlæð eru forstofa, gesta snyrting, eldhús með ljóstri viðarinnréttingu, björt stofa með útgengi á lóð. Uppi eru sjónvarpshol, 2 herbergi og nýlega endurnýjað baðherbergi og í kjallara eru 1 herbergi og baðherbergi auk þvottahúss/geymslu. **Eign sem hefur nánast öll verið endurnýjuð að innan sem utan síðustu 10 árin. Fallegur bakgarður með timburverönd, skjólveggjum og lýsingu. Verð 46,3 millj.**

Eignin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16. Verið velkomin.

Brekkulækur 1

Góð 3ja herb. íbúð með séringngangi
Opið hús í dag frá kl. 14-16



Falleg 76 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð **ÍBÚÐ 0102** með séringngangi. Íbúðin skiptist í hol, stofu með góðri loft-hæð, opið eldhús, 2 góð herbergi og baðherbergi með þvottaaðstöðu. Parket og flísar á gólfum. Sér geymsla í kjallara. Mikið endurnýjuð eign. Hús nýlega viðgert og málað að utan. **Verð 22,8 millj.**

Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16. Verið velkomin.

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Tungusel 7, 109 Reykjavík. OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 15-16



Mjög vel skipulögð 113,4 fm 4ra herb. Endaíbúð á 4. efstu hæð í góðu húsi, fallegt útsýni til Esjunar og víðar. Eignin skiptist í hol með skápum, eldhús með flísam á gólfi, stofu og borstofu með útgangi út á suður svalir, 3 góð herbergi með parketi á gólfi. Baðherbergi með baðkari. Í kjallara er sérgeymsla. **Verð 24 millj.** (5102)

Berhard og Bryndís taka vel á móti ykkur í dag milli kl. 15-16.

Hraunbær 36, 110 Reykjavík. OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 15-16



Mjög vel staðsett 90,9 fm 3ja herb. Endaíbúð á 2. hæð með mjög fallegu útsýni til suðurs. Eignin skiptist í: Forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi, tvö herbergi og geymslu á jarðhæð. Sameiginlegt þvottahús á jarðhæð ásamt hjóla, vagnageymslu og gufubaði. Mjög gott skipulag er á íbúðinni. **Verð. 20,8 millj.** (5130)

Austurberg 34, 111 Reykjavík. OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 15-16



Mjög rúmgóð 74,6 fm 2ja herb. íbúð á 2. hæð í snyrtilegu húsi með séringngangi frá svalagangi. Eignin skiptist í: Forstofu með fatahengi, flísar á gólfi, hol með parketi á gólfi, Gott herbergi með skápum, stofu/borðstofu með parketi á gólfi, útgengt út á rúmgóðar svalir, stórt eldhús með góðum borðkrók, baðherbergi með baðkari, tengi fyrir þvottavél og þurrkara flísar á gólfi. Innaf forstofu er flísalögð geymslu. Rúmgóðar vestur svalir. Örstutt í skóla, framhaldsskóla, sund og aðra þjónustu. **Verð 17,5 millj.** (5120)

Kristin og Guðni taka vel á móti ykkur í dag milli kl. 15-16.

Bergþórugata 5, 101 Reykjavík OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 13:30-14:30



Mjög gott 232,9fm einbýlishús með bílskúr sem innréttaður er sem íbúð/vinnstofa. HÚSIÐ VAR ALGJÖRLEGA ENDURBYGGT 1984. Eignin skiptist í: Neðri hæð: Forstofu, hol, 4 herbergi, baðherbergi, þvottahús. Efri hæð: Stofa, borðstofa, eldhús, sjónvarpshol. Bílskúrin er innréttaður sem 2ja herb. íbúð /vinnustofa. Í kj. undir bílskúr er stór geymsla. Glæsilegur garður með pöllum og skjólgirðingum. Parket og flísar á gólfum. Stækunnarmöguleikar. **Verð 75,0 millj.** (5113)
Söluamaður verður á staðnum.

Leifur Aðalsteinsson Löggildur fasteignasali.

A

K

K

U

R

A

T



Bókaðu skoðun!

ENGIHJALLI - 200 KÓPAVOGUR

Góð 3ja herbergja 90,0 fm íbúð á 6.hæð í lyftuhúsi með tvennum stórum svölum og miklu útsýni. Snyrtileg íbúð með nýlegum gólfefnum.

VERÐ 20.9 millj.

Nánari upplýsingar gefur Þóra Prastardóttir lögg.fast. 822 2225



Bókaðu skoðun!

BURKNAVELLIR - 221 HAFNARFJÖRÐUR

Falleg 3ja herbergja 87,6 fm íbúð á 4.hæð (efstu) í lyftuhúsi með miklu útsýni. Sérmerkt staði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Vandaðar innréttingar og gólfefni.

VERÐ 24.3 millj.

Nánari upplýsingar gefur Þóra Prastardóttir lögg.fast. 822 2225



Bókaðu skoðun!

LÓMATJÖRN - NJARÐVÍK

Glæsileg, fullbúin 163,9 fm einbýli með innbyggðum bílskúr. Opið eldhús, með/án innréttingar. Náttúruflísar/plankaparket á gólfum. Stór stofa með góðri lofthæð. 4 svefnh. með fataskápum.

Verð: 33,5 - 34,5 millj.

Nánari uppl. gefa Ásdís 898-3474 eða Bjarni 896-3875 hjá Akkurat.



Bókaðu skoðun!

LÆKJARVAÐ - 110 RVK

Mjög góð efri sérhæð með góðum bílskúr (160,5fm samtals) í Norðlingaholti.

Verð 43 millj.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Akkurat 594-5000 eða 824-5066



Bókaðu skoðun!

LITLIKRIKI - 270 MOSF.

Sérlega glæsilegt fohelt einbýli á einni hæð en á 2 pöllum í góðum botnlanga. 5 svefnherbergi, rúmgóður bílskúr. Möguleiki á að fá lengra komið.

Nánari uppl. gefur Ingvar Ragnarsson löggiltur fasteignasali 822-7300

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

Halla Unnur Helgadóttir lögg. fast. 824 5051
Viggó Sigursteinsson lögg. fast. 824 5066
Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300
Þóra Prastardóttir lögg. fast 822 2225

MANNSINS



g vinnuna. Í dag er Ólafur með um þrjátíu leik-
SPORT/VALLI

leiki og traust er það sem einkennir góðan umboðsmann að sögn Ólafs. „Ég segi alltaf við leikmenn að ég geti engu lofað nema því að ég geri mitt besta. Ég vil meina að sú tryggð sem þessir leikmenn halda við mig þýði að ég sé að gera eitthvað rétt, en auðvitað er nærtækast að spyrja þá.“

Ólafur hefur kynnst mörgu fólki í gegnum starf sitt en kynni hans af skjólstæðingum sínum eru það sem að hans mati er mest heillandi við starfið. „Ég á fullt af vinum, sumir þeirra eru helmingi yngri en ég. Við hlustum samt á sömu tónlist og tölum um sama fótboltann. Ég finn engan mun og vona að þeir geri það ekki heldur,“ sagði Ólafur kíminn. „Fótboltinn sameinar okkur.“

Ólafur fer sjálfur á marga leiki, sér í lagi hjá þriðja flokki, auk þess sem hann reynir að sjá yngri landslið Íslands spila

erlendis. „Það er eitt að vera góður með til dæmis Fram á móti Val en ef þú stendur þig með Íslandi gegn Englandi þá er virkilega eitthvað varið í þig. Ég tel mig ekki hafa meira vit á fótbolta en næsti maður en ég get ekki reynt að sannfæra erlent félag um að kaupa leikmann ef ég hef ekki trú á honum. Þetta þurfa líka að vera góðir karakterar, því þú spilar knattspyrnu fyrst og fremst með höfðinu, eins og allar aðrar íþróttir,“ segir Ólafur.

TVÖ STÖRF SEM FARA VEL SAMAN

Starf Ólafs og reynsla sem lögfræðingur smellpassar inn í umboðsmennskustarfið. „Ég sérhæfi mig mikið í samningum. Ég þarf auðvitað að ná góðum samningum fyrir leikmenn og það þarf ýmislegt til þess. Það þarf stundum að haga seglum þannig að vera með fleiri en einn kaupanda. Það getur verið nauðsynlegt að haga sér þannig að maður hafi fleiri spil á hendi en í raun og veru eru til staðar. Það má þó ekki taka óþarfa óhættu en þetta er kúnst og stundum heimikill póker,“ segir Ólafur sposkur.

Hann viðurkennir jafnframt að fjölmiðlar geti hjálpað umboðsmönnum mikið, þrátt fyrir að hann nýti sér það alls ekki á sama hátt og margir umboðsmenn erlendis. „Það er augljóst að þetta er gert erlendis en ég hef ekki trú á því að þú getir gert miðlungsleikmann góðan í gegnum fjölmiðla. Ég viðurkenni þó að það getur nýst að fá ákveðnar upplýsingar í blöðin. Það getur hentað mér að það sé annað lið á eftir manni sem ég er að selja ef það er sannleikanum samkvæmt. Ég er því kannski ekki alsaklaus í þeim efnum,“ sagði Ólafur og brosti.

Umboðsmaður Íslands, ef svo má segja um Ólaf, er ekki á flæðiskeri staddur hvað skjólstæðinga varðar og ekki ætti að vera langt í að einhverjir af þeim strákum sem hann er með hér heima sjáist á erlendum vettvangi. „Það er alltaf gaman að sjá stráka komast út, þetta eru samtíðarburðarásar í íslenska landsliðinu,“ segir Ólafur Garðarsson.

» ÉG ER

Nafn: Ólafur Garðarsson

Aldur: 47 ára

Búseta: Seltjarnarnes

Knattspyrnuferill: Grótta til fimmtán ára aldurs, „keyptur“ í KR þar sem 2. flokkur félagsins var á leið til útlanda. Var að eigin sögn ekki nógu góður fyrir meistara flokk KR. Spilar í dag með Gróttu City í old boys-flokknum.

Menntun: Próf frá lagadeild Háskóla Íslands 1984, héraðsdómslögmaður 1986 og hæstaréttarlögmaður 1992. Réttindi sem FIFA-umboðsmaður knattspyrnumanna haustið 1997.

Starf í dag: Umboðsmaður og hæstaréttarlögmaður á Lögfræðistofu Reykjavíkur í Borgartúni.

Lið á Íslandi: KR og Grótta

Lið á Englandi: Leeds áður fyrr. Í dag þykir Ólafi skemmtilegast að horfa á Arsenal og Manchester United en mestu ánægjuna fær hann af því að sjá sína eigin menn spila.

Bill: Mercedes Benz

Farsími: Gamall og góður Nokia sími - mikið notaður.

Staðreyndir:

...Ólafur fer um 20 ferðir á ári til útlanda en reynir að eyða þar sem stystum tíma. Hann tekur gjarnan fjölskyldu sína með sér út.

...Ólafur er í góðu sambandi við skjólstæðinga sína en oft reynir meira á samskiptin þegar á móti blæs, til dæmis meiðslí, erfið samskipti við knattspyrnustjóra og annað. Ólafur hringir reglulega í alla sína leikmenn.

...Ólafur er með tæplega þrjátíu leikmenn á sínum snærum erlendis og ætlar ekki að bæta mikið við sig. Þessi tala hefur verið óbreytt hjá Ólafi í nokkur ár.

...Ólafur hefur átta leikmenn hér heima sem hann mun reyna að koma í atvinnumennsku fyrr en síðar.

...Ólafur notar um helming af vinnutíma sínum í umboðsstörf og hinn helminginn í lögfræðistörf.

...Ólafur setur sjaldan óvenjulegar klásúlar í samninga sína og hann segir það ekki lengur leyfilegt að hafa lágmarks kaupverð í samningum leikmanna eða að þeir fái hluta kaupverðsins.

Ólafur um:

Að gerast umboðsmaður: „Þú þarft að taka próf hjá KSÍ og hafa tryggingu frá íslensku tryggingafélagi. Hver sem er getur tekið prófið en þar er prófað úr reglugerðum FIFA, UEFA og KSÍ. Þetta er eins og hvert annað próf, þú þarft að lesa vel til að ná því.“

Samningsferillinn: „Hann er misjafn. Ég tala við klúbbinn eða hann við mig og upp frá því er leikmaðurinn skoðaður. Hann fer kannski á reynslu og síðan byrja þreifingar. Áður en kemur að mínu hlutverki þurfa félögin að ná saman um kaupverð. Svo talar félagið við mig, stundum við leikmanninn líka, en ég kys að leikmaðurinn sé ekki við borðið. Mér finnst ekki passa að leikmaður sé að þrúta við væntanlegan vinnuveitanda sinn, það er betra að það sé einhver annar sem er leiðinlegi aðilinn, sem er þá ég.“

Sætasta samninginn: „Það er erfiðt að velja einn samning. Ég man að samningurinn sem við Her-



mann náðum við Ipswich þegar hann fór þangað fyrir fjóra og hálf milljón punda á sínum tíma var mjög góður. Við vorum rosalega ánægðir eftir hann. Því hærri sem tölurnar eru, því ánægðari er maður. Ég tel mig hafa náð fekgjóðum samningum fyrir Ívar og Brynjar til dæmis líka. Það eru hæstu tölurnar í Englandi en sumir samningar taka gífurlega langan tíma að klárast. Nýjasti samningurinn er þó alltaf bestur,“

Hefurðu gert mistök við samningagerð?

„Leikmaður hefur aldrei misst af samningi af því ég hef teft of djærft eða eitthvað slíkt. Ég hugsa auðvitað stundum að ég hefði ef til vill getað beitt mér öðruvísi í einhverju, en ef maður er ekki gagnrýninn í hugsun bætir maður sig heldur aldrei.“

Margir knattspyrnustjórar í ensku úrvalsdeildinni hafa miklar mætur á Hermanni Hreiðarssyni.

LÉTTÖL

LEIKURINN ER HAFINN!



DRAUMADEILD EGILS GULL

Enski boltinn er farinn að rúlla...

Spilaðu með frá byrjun og settu saman þitt draumalið í enska boltanum!

Glæsileg verðlaun í boði fyrir bestu þjálfarana:

1. verðlaun:
100.000 kr ferðaávisun + stór glaðningur frá Egils Gull

2. verðlaun:
PS3 leikjatölva + glaðningur frá Egils Gull

3. verðlaun:
Gjafabréf frá Argentínu Steikhúsi

Auk fullt af aukavinningum frá Egils Gull og Ölgerðinni

VISIR.IS

www.visir.is/draumadeild

11 OFMETNIR Á ENGLANDI

Enska úrvalsdeildin hefur marga framúrskarandi leikmenn á sínum snærum. Væntingar eru gerðar til allra leikmannanna sem spila í einni bestu deild heims en ekki standa allir undir þeim. Sitt sýnist hverjum þegar kemur að því að sigta út þá góðu og slæmu í deildinni en Sport valdi þessa ellefu leikmenn sem þá ofmetnustu í ensku úrvalsdeildinni. **EFTIR HJALTA ÞÓR HREINSSON**

ALAN SMITH Tölfræðin talar sínu máli. 56 mörk í 228 leikjum fyrir Leeds og 12 mörk fyrir Manchester United í 51 leik. Fyrir framherja af hæsta kalíber er það bara ekki nógu gott, en samt er hann keyptur á tæpar 800 milljónir íslenskra króna í sumar og fær þakkarbréf frá Alex Ferguson fyrir vel unnin störf. Voru þau virkilega svona vel unnin? Var settur á miðjuna hjá Manchester en leysti engin vandamál til langtíma þar. Hefur ekki verið fastamaður í byrjunarliði síðan hann var hjá Leeds.

Lið: Newcastle
Þjóðerni: Enskur
Fæddur: 20. október 1980
Hæð: 178 cm
Þyngd: 68 kg

Vissir þú: Smith var kallaður Júdas af stuðningsmönnum Leeds eftir að hann fór til erkifjendanna í Man. Utd árið 2004. Hann gaf skuldum vöfðu félagi sínu þó 6 milljónir punda í kveðjugjöf sem hann fékk þegar hann skrifaði undir hjá United.



DAVID NUGENT Það segir sitt um þennan sómapilt að hann var afskaplega nálægt því að ganga til liðs við eitt lélegasta lið deildarinnar, Derby, með fullri virðingu fyrir því liði, aðeins tveimur mánuðum eftir að hann var keyptur til Portsmouth í sumar. Stóð sig ágætlega í 2. deildinni, nokkuð vel í ensku 1. deildinni með mark í þriðja hverjum leik að meðaltali sem kom honum af einhverjum undarlegum ástæðum í enska landsliðið. Hvort hann geti staðið sig meðal stóru strákanna á svo sannarlega eftir að koma í ljós en við fyrstu sýn virðist sem milljarðurinn sem Portsmouth borgaði Preston í sumar hafi verið peningasóun af bestu gerð.

Lið: Portsmouth
Þjóðerni: Enskur
Fæddur: 2. maí 1985
Hæð: 180 cm
Þyngd: 70 kg

Vissir þú: Nugent var á mála hjá Liverpool þegar hann var yngri. Samningi hans var rift þar sem hann var ekki nægilega góður.



EMRE Hefur aldrei náð að sýna sitt rétta andlit á Englandi og velta gárungarnir því nú fyrir sér hvort hann sé nokkuð betri en raun ber vitni. Tími hans þar hefur reyndar verið meiðslum hrjáður og hann virðist alltaf ná að meiðast í nokkrar vikur eftir að hann jafnar sig. Umdeildur leikmaður sem fékk meðal annars sex leikja bann frá landsleikjum eftir slagsmál. Var í þrígang í fyrra ásakaður um kynþáttanið innan vallar. Hann var orðaður við sölu til síns heima í sumar en ákvað að vera áfram hjá Newcastle.

Lið: Newcastle
Þjóðerni: Tyrkneskur
Fæddur: 7. september 1980
Hæð: 177 cm
Þyngd: 80 kg

Vissir þú: Pele sjálfur valdi Emre á lista yfir 125 bestu fótboltamenn heims í mars árið 2004.

SALOMON KALOU Kantmaður eða framliggjandi miðjumaður sem hefur það hlutverk að skora og leggja upp mörk. Hefur mistekist það hjá Chelsea. Skoraði sjö deildarmörk á síðasta tímabili og hefur ekki sannað sig sem einn besti ungi miðjumaður Evrópu, eins og honum var lýst við komuna til Chelsea. Jose Mourinho hélt þó áfram að gefa honum tækifæri, í von um að hann næði að réttlæta þá 1,3 milljarða króna sem hann borgaði fyrir Kalou síðasta sumar.

Lið: Chelsea
Þjóðerni: Filabeinsstrendingur
Fæddur: 5. ágúst 1985
Hæð: 184 cm
Þyngd: 71 kg

Vissir þú: Kalou sótti um að gerast hollenskur ríkisborgari til að spila fyrir landslið þjóðarinnar en umsókn hans var hafnað.



RIGEL REO-COKER Átti hreint ömurlegt tímabil með West Ham á síðasta tímabili og endaði á því að snúa öllu í háaloft. Fór fram á að fara frá félaginu og endaði hjá Aston Villa. Beið lengi eftir tilboði frá einum af stóru klúbbunum og var meðal annars sterklega orðaður við Arsenal. Ekkert tilboð barst þaðan, sem kemur kannski ekkert sérstaklega á óvart, og því endaði hann hjá Villa. Var fyrirliði U21 árs landsliðs Englandinga og lifir enn á þeirri fornu frægd.

Lið: Aston Villa
Þjóðerni: Enskur
Fæddur: 14. maí 1984
Hæð: 179 cm
Þyngd: 71 kg

Vissir þú: Coker varð yngsti fyrirliði West Ham aðeins títugur að aldri.



DIDIER ZOKORA Leitinn að hinum nýja Vieira heldur áfram á Englandi. Zokora átti að vera sterkur kandidat fyrir þann titil, en annað hefur komið á daginn. Kom frá Frakklandi eftir að hafa staðið sig vel með spútnikliði Filabeinsstrandarinnar á HM árið 2006. Hefur aldrei náð sér á strik og mistókst algjörlega að fylla skarðið sem Michael Carrick skildi eftir sig þegar hann hélt á vit Englandsméistararitils.

Lið: Tottenham
Þjóðerni: Filabeinsstrendingur
Fæddur: 14. desember 1980
Hæð: 180 cm
Þyngd: 70 kg

Vissir þú: Zokora er með húðflúr á hægri hendi þar sem stendur Armand. Það er nafn bróður hans sem drukknaði aðeins 14 ára gamall þegar Zokora var á 17. aldursári. Hann segist spila hvern leik í minningu hans.



SYLVAIN DISTIN

Vissulega líkamlega sterkur og fljótur varnarmaður en á það til að vera hrikalega mistækur. Var fyrirliði Manchester City og hefur átt sína góðu leiki en er samt alls ekki þessi fráberni varnarmaður sem mörgum finnst hann vera. Sem betur fer hafa þjálfarar franska landsliðsins gert sér grein fyrir því og velja hann aldrei í hópinn.

Lið: Portsmouth
Þjóðerni: Franskur
Fæddur: 6. desember 1977
Hæð: 195 cm
Þyngd: 88 kg

Vissir þú: Distin ákvað að fara frekar til City eftir að hafa verið lánsmaður hjá Newcastle eitt tímabil til að spila í sinni upphaldsstöðu sem miðvörður. Hann var aðallega vinstri bakvörður hjá Newcastle.

ANTON FERDINAND

Er afar langt frá því að vera í sama klassa og bróðir hans, Rio Ferdinand. Hefur staðið sig ágætlega en hefur oft þótt latur og aðgerðir hans utan vallar hafa verið umdeildar. Þarf að bæta sig mjög mikið ef hann á að ná þeim hæðum sem bróðir hans hefur náð.

Lið: West Ham
Þjóðerni: Enskur
Fæddur: 18. febrúar 1985
Hæð: 183 cm
Þyngd: 73 kg

Vissir þú: Í upphafi árs 2007 var Ferdinand sektaður fyrir að ljúga að klúbbnum að hann þyrfti að heimsækja veika ömmu sína þegar hann fór í raun út á lífið til að halda upp á afmælið sitt.



TITUS BRAMBLE

Að þessi maður skuli spila í þessari deild er móðgun við knattspyrnuheiminn. Einbeitingarleysi hans er með ólíkindum og mistök hans sem leitt hafa til marka eru nánast óteljandi. Fékk skiljanlega ekki nýjan samning hjá Newcastle en komst að hjá Wigan á einhvern ótrúlegan hátt.

Lið: Wigan
Þjóðerni: Enskur
Fæddur: 18. janúar 1979
Hæð: 182 cm
Þyngd: 76 kg

Vissir þú: Árið 2000 skoraði Bramble þrennu úr aukaspjrum gegn Newcastle, þar á meðal einni frá eigin vítateig.



PAULO FERREIRA

Hefur engan veginn tekist að leysa mestu vandræðastöðu Chelsea. Hefur ítrekað átt sökina þegar lið spæna upp vinstri vænginn gegn Chelsea og komast í ákjósanlegar stöður. Juliano Belletti var keyptur í sumar og ætli Ferreira verði ekki seldur ef Chelsea nær að kaupa Daniel Alves í janúar.

Lið: Chelsea
Þjóðerni: Portúgalskur
Fæddur: 18. janúar 1979
Hæð: 182 cm
Þyngd: 76 kg

Vissir þú: Jose Mourinho tók Ferreira með sér frá Porto eftir að hann gerðist stjóri Chelsea og borgaði heilar 13,2 milljónir punda fyrir hann, sem er fánlega há upphæð fyrir mann í hans gæðaflokki.



PAUL ROBINSON Hefur spilað 41 landsleik fyrir England og ólíklegt verður að teljast að þeir verði mikið fleiri. Hans góðu augnablik falla algjörlega í skuggann af hlægilegum mistökum hans sem eru æði mörg. Stuðningsmenn Tottenham eru væntanlega ekki sammála þessu mati en að England skuli ekki vera með annan mann sem byrjunarliðsmann í markinu er rannsóknarefni út af fyrir sig.

Lið: Tottenham
Þjóðerni: Enskur
Fæddur: 15. október 1979
Hæð: 190 cm
Þyngd: 89 kg

Vissir þú: Robinson tryggði Tottenham jafntefli gegn Swindon á lokamínútum leiks í Deildabikarnum árið 2003 með glæsilegum skalla. Í vítaspjrukeppni varði hann tvær spyrnur og kom liði sínu þar með áfram.



MAX VERÐHRUN!



Raklette grill

Ideline 743158
• 8 manna Raklette panna
• 1200w

3.989 kr.

Fullt verð ~~4.989~~

Sjálfhreinsandi stál bakarofn

49.989 kr.

Fullt verð ~~89.989~~

Xper X05800
• Bakarofn með stáláferð
• Multifunction 8 blástursofn
• Pyrolytísk sjálfvirk hreinsun



23 sporgerðir

Elna ELNA2130

- Einföld og góð saumavél
- 23 sporgerðir - tafla á vél
- Sporval með einfaldri stilliskífu
- Stillanleg sporlengd og -breidd
- Nál stillanleg frá miðju
- Spóluvinda og tvinnaskeri
- 5 gerðir saumfóta fylgja
- Overlock
- Íslenskur leiðarvísir

19.989 kr.

Fullt verð ~~29.989~~



Hrærivél

Exido 246009

- 4,4 lítra hrærivél
- 2 stál skálar
- 12 hraðastillingar
- Tveir mótórar
- Snúningsskál

12.989 kr.

Fullt verð ~~19.989~~



Casio CTK-230

- Hljómborð - 4 áttundir
- 49 nótur - 100 hljóð
- 12 nótna pólifónía
- 100 prógröm
- 50 innbyggð lög
- Notar rafhlöður eða straumbreyti

Hljómborð

9.989 kr.

Fullt verð ~~14.989~~

Hand ryksuga

Philips FC6050

- Handryksuga
- 14w sogstyrkur
- 0,7kg

3.989 kr.

Fullt verð ~~4.989~~

1800w ryksuga

Kenwood VC1807

- 1800w ryksuga
- 2 fylgihlutir
- Litur: Silfur

5.989 kr.

Fullt verð ~~9.989~~



Scandomestic K60

- 60 sm keramik helluborð
- Með snertirofum
- 4 hellur - rúnnaður kantur
- Timarofi
- Ein Booster hella
- Rúnnaður kantur
- 2x18sm 1800w hellur
- 2x14,5cm 1200w hellur
- Mál: (bxhxd) 58x51x5 sm
- Innbmál: 56x49x5

Keramik helluborð

29.989 kr.

Fullt verð ~~39.989~~



1.989 kr.

MEÐ ÍSLENSKUM TEXTA



MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

1.989 kr.

Opnunartími

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19

Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18



MAX / Kaupúni 1
210 Garðabæ
Sími 412 2200

VERÐHRUN!

Við erum beint á móti IKEA

MAX
RAFTÆKI


GIMSTEINAR Í SUÐRINU

Boltinn í Suður-Evrópu:
Einar Logi Vignisson



Martin Petrov hefur verið einn besti leikmaðurinn í haust í enska boltanum en þar til hann gekk í raðir Manchester City var hann eflaust ekki

mjög þekktur meðal íslenskra fót-
boltaáhugamanna. Var þó einn albesti
leikmaðurinn í spænsku deildinni
með fremur brokkgengu liði **Atletico
Madrid**. Það er fullt af leikmönnum á
borð við Petrov á sveimi í liðunum
sem eru skrefinu á eftir þeim stóru
suðurfrá. Gallinn er að það er ekki svo
gott fyrir íslenska fótboltaáhugamenn
að átta sig á getu þeirra. Ítalski bolt-
inn ekki sýndur þetta árið, ekki einu
sinni mörkin. Í spænska boltanum er
fókusinn á tiltölulega fá lið. **Real Madrid**
og **Barcelona** eru í öndvegi og þá er
allmikið sýnt frá Meistaradeildarliðun-
um **Valencia** og **Sevilla**. Jafnvel **Villarreal**
og **Atletico Madrid**. Önnur lið sjást ekki
nógu reglulega til þess að stemming
myndist fyrir þeim. **Milanó**- og **Rómar-
liðin** sjást í Meistaradeildinni, aðeins í
skottið á **Fiorentina** í UEFA-bikarnum.
Önnur ítölsk lið eru ósýnileg, meira að
segja **Juventus**.



En hvaða
leikmenn
eru syðra sem gætu
orðið stjórnur á
næstunni? Argentínu-
menn eiga tvö helstu
ungstirnir. Tel **Messi**
ekki með sem er löngu
orðinn ofurstjarna. Í
síðasta eintaki Sport

fjallaði ég eilítið um **Sergio
Aguero** hjá **Atletico Madrid** sem er í hópi
markahæstu manna bæði á Spáni og
í UEFA-bikarnum. Með **Napoli** leikur
landi hans, hinn 22 ára gamli **Ezequiel
Ivan Lavezzi** sem er ekkert ósvipaður
þeim **Aguero** og **Messi**, smávaxinn,
fljóttur og grjótharður. Hann er helsta
stjarna spútnikliðs **Napoli** ásamt tví-
tugum Tékka, **Marek Hamsik**, sem sækir
sitthvað til landa síns **Pavel Nedved**.
Genoa bjó enn lengur en Napoli við
niðurlægingu neðri deildanna og
verið sem kálfur að vori í Serie A.

Enginn þó sprækari en **Marco Boriello**.
Hann er fæddur í **Napólí** en var ungur
keyptur til **AC Milan** þar sem hann fékk
fá tækifæri og var lánaður til hinna og
þessara liða í nokkur ár. Alltaf kallaður
reglulega til **Milan** ef einhver meiddist
og spilaði einhverja níu leiki í fyrravor.
Nú er **Boriello** aðalmaðurinn í sókn
Genoa og sýnir loks þá takta sem gerðu
hann að helstu stjórnunungmennna-
landsliðsins fyrir nokkrum árum.

Ög af því að við sjáum lítið af **Juventus**
er ágætt að minnst í lokin á nokkra
leikmenn **Juve** sem hafa verið frábærir
í haust. Tveir bestu ungu varnarmenn
á Ítalíu (og kannski í Evrópu ásamt
Micah Richards) eru **Giorgio Chiellini** sem
hefur verið alveg framúrskarandi og
Domenico Criscito sem er að komast í
gang eftir meiðslu. **Antonio Nocerino** er
miðjumaður sem hefur leikið nær alla
leikina og haldið rándýrum mönnum
á borð við **Tiago** og **Almiron** á bekknum.
Þessir strákar eru allir liðlega tvítugir
og gætu orðið kjarninn í endurreisn
Juventus næstu árin.

Íþróttamenn sem njóta algjörra yfirburða í grein sinni í lengri tíma eru sjaldgæf tegund og koma
venjulega fram á sjónarsviðið með nokkurra ára, jafnvel áratuga millibili. Að tveir slíkir skuli vera
uppi á sitt besta á sama tíma er nánast einstakt í íþróttasögunni. Með snilli sinni og hæfileikum hafa
Tiger Woods og **Roger Federer** skráð sig á spjöld íþróttasögunnar, hvor í sinni íþrótt, en um leið búið
til samkeppni sín á milli um hvor þeirra standi framar. Sport bar saman árangur beggja og reyndi að
komast að haldbærri niðurstöðu.



FEDERER GEGN WOODS

» FRAMMISTADÁÍ STÓRMÓTUM

Bæði **Woods** og **Federer** hafa
látið hafa það eftir sér að
stórmótin séu hinn raunveru-
legi prófsteinn á getu íþróttá-
manna. Þar eru taugarnar
þandar til hins ýtrasta, allir
helstu andstæðingarnir eru
með og álagið er aldrei meira.
„Kylfingar eru dæmdir eftir
frammistöðu á stórmótunum,“
sagði **Woods** fyrir nokkrum
árum. Með þessi ummæli til
hliðsjónar er áhugavert að bera
saman frammistöðu íþróttamann-
ana í stórmótum.

» NÍÐURSTADÁ

Federer hefur spilað úrslitaleikinn
í síðustu 10 stórmótum og unnið
átta þeirra. Enn sem komið er
hefur hann ekki unnið Rafael
Nadal á leir-yfirborðinu sem
spilað er á í Opna franska
meistaramótinu. Á öðrum
tegundum valla hefur hann hins
vegar ótvíræða yfirburði og á
síðustu þremur árum hefur það
heyrtil undantekninga að hann
sigri ekki á mótunum sem hann
tekur þátt í. Á sama tíma hefur
Woods unnið fjögur af síðustu 10
stórmótum – og það sem meira er;
í nokkrum þeirra hefur hann verið
nokkuð langt frá sigri. Þótt **Woods**
sé alltaf sigurstranglegastur í
þeim mótum sem hann tekur þátt í
sýnir tölfræðin að hann sigrar
ekki nema í þriðja til fjórða hverju
móti. **Federer** hefur sigrað í 12 stórmót-
um frá upphafi og er tveimur
sigrum frá meti Pete Sampras.
Woods hefur unnið 13 stórmót á
ferlinum og er fimm sigrum frá
meti Jack Nicklaus. Afgerandi
líkur eru á að þeir muni báðir slá
þessi met.

» NÍÐURSTADÁ

Þegar allir tölfræðipættir eru
bornir saman er nánast
ómögulegt að segja til um
hvor stendur framar. **Woods**
hefur unnið fleiri sigra og er
nær þeim bestu í sögunni, en
hafa ber í huga að ferill hans
hefur verið lengri en ferill
Federer. Ef árangur beggja er
borinn saman síðustu 5-6 ár, eða
frá þeim tíma að **Federer** varð
atvinnumaður, hefur tennisþilar-
inn augljóslega vinninginn.
Síðustu ár hafa yfirburðir
Federer óumdeilanlega verið
meiri, ekki síst á stórmótunum.
En þegar allt kemur til alls er það
ómögulegt verkefni að ætla að
skera úr um hvor sé betri
íþróttamaður, **Tiger Woods** eða
Roger Federer. Þeir eiga það
sameiginlegt að hafa fyrir löngu
skráð sig á spjöld íþróttasögunnar
sem einstakir afreksmenn og
verða þeir ávallt í hópi fremstu
íþróttamanna sem uppi hafa
verið.

HVOR ER BETRI?

» TITLAR OG TEKJUR Á ÞESSU ÁRI

Það sem af er ári hafa þeir
báðir, **Woods** og **Federer**,
unnið sjö titla. **Woods** hefur
tekið þátt í 15 mótum og verið
í hópi þriggja efstu manna tíu
sinnum. **Federer** hefur keppt í
12 mótum, unnið 51 víðureign
en tapað sex. **Woods** hefur
unnið sér inn tæpar 700
milljónir í verðlaunafé á árinu
en **Federer** hefur unnið sér inn
um 500 milljónir. Hafa ber þó í
huga að verðlaunaféð á
golfmótum er almennt hærra en í
tennis svo að það væri nærri lagi
að miða við forskotið sem þeir
hafa á næsta mann. Þar sést að
þeir hafa báðir aflað sér inn
rúmlega helmingi meira en næsti
maður á listanum. Forskotið sem
þeir hafa á næsta mann er því
nánast það sama og því má segja
að þeir komi jafnir út í þeim
samanburði.

» TITLAR FRÁ UPPHAFI

Woods hefur unnið 60 mót á
ferlinum og vantar tvo sigra
til að komast upp fyrir Arnold
Palmer á lista yfir sigursæl-
ustu kylfinga allra tíma. Fyrir
framan þessa tvo sitja Ben
Hogan (64), Jack Nicklaus
(73), og Sam Snead (82).
» **Woods** er langyngsti kylfing-
urinn til að rjúfa 60 sigra múrinn
og ef allt er eðlilegt ætti **Woods**
að vera kominn í efsta sæti þessa
lista fljótleiga á næsta áratug.
Federer hefur borið sigur úr
býtum á 51 móti það sem af er
ferli og hefur hann aðeins tapað í
16 af þeim 67 úrslitaleikjum sem
hann hefur spilað frá upphafi. Sá
árangur kemur honum í 9. sæti
yfir flesta sigra í sögunni. Hann
vantar töluvert upp á að ná efsta
manninum, Jimmy Connors, sem
vann alls 109 mót á sínum ferli.
Hafa ber þó í huga að Connors
var uppi á tíma þegar samkeppni-
in var takmörkuð og áhugi fyrir
tennis var lítil, í samanburði við
vinsældir íþróttarinnar í dag.
Ljóst er að met Connors verður
seint slegið.




TIGER WOODS

Íþrótt: Golf
Þjóðerni: Bandaríkjamaður
Aldur: 31
Upphafið: Tiger var nánast alinn upp
til að verða atvinnukylfingur. Faðir
hans Earl stóð yfir honum frá
fæðingu og lét hann fá kylfu í
hendurnar um leið og hann kunnir að
ná gripi á hlutum. Til eru myndir af
Tiger að æfa sveiflu þegar hann var
ekki orðinn eins árs. Þriggja ára
gamall var Tiger farinn að slá yfir
100 metra í upphafshöggum.

ROGER FEDERER

Íþrótt: Tennis
Þjóðerni: Svisslendur
Aldur: 26
Upphafið: Ólíkt Tiger var Federer
ekki alinn upp til að verða atvinnu-
maður í íþrótt sinni. Hann var þriggja
ára þegar hann hélt fyrst á tennis-
spáða en byrjaði ekki að æfa
íþróttina af alvöru fyrr en um átta ára
aldur. Federer þótti einnig mjög
efnilegur knattspyrnumaður og bjóst
hans nánasta fjölskylda ekki við því
að tennis yrði ofan á. Þrettán ára
gamall ákvað Federer að einbeita sér
algjörlega að tennis.





512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Í DAG KL. 14:50

MAN. UTD - BLACKBURN

Í DAG

- KL. 12:45 BIRMINGHAM - ASTON VILLA
- KL. 13:55 CHELSEA - EVERTON
- KL. 14:55 TOTTENHAM - WIGAN
- KL. 14:55 BOLTON - MIDDLESBROUGH
- KL. 15:55 PORTSMOUTH - MAN. CITY

SÝN 2 **HD**

SÝN EXTRA

SÝN EXTRA 2

SÝN EXTRA 3

SÝN EXTRA **HD**

4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS Í KVÖLD KL. 19:10

Á MORGUN

KL. 19:50 READING - ARSENAL

SÝN 2



BOLTINN



HD

FÁÐU ÞÉR HD MYNDLYKIL Í VERSLUNUM VODAFONE OG NJÓTTU ÚTSENDINGA DIGITAL ÍSLANDS Á SÝN 2 Í HÁSKERPU.

SÝN 2
enski boltinn

ÍBÚNINGSKLEFANUM

Með Einari Hólmgeirssyni

Hver er alltaf á síðustu stundu?

Ólafur Stefánsson, ekki spurning. Ótrúlegt hvernig maðurinn getur verið utan við sig eitthvað.



Hver er best klæddur?

Markús Máni var nú alltaf með púlsinn á nýjstu tískunni, en eftir að hann lagði skóna á hilluna tók Robbi Gunn við. Hefur greinilega sína kosti að búa í Köln.

Hver er verst klæddur?

Roland Eradze. Gamla Adidas-þjálfaútlpan frá HM '95 er ekki að gera sig.

Hver á flottasta bílinn?

Erfitt að svara þessu í tengslum við landsliðið en hér í Þýskalandi keyra mafíósarnir Blazenko Lackovic og Dane Sijan á glænýjum Audi Q7 jeppum.

Hver á ljótasta bílinn?

Anders Eggert, hornamaður danska landsliðsins, keyrir um á 4 ára gömlum Benz sem er svo sem alveg þokkalegur, en málið er að á honum er fullt af ótrúlega ljótum auglýsingum og í þokkabót hefur hann ekki þrifið bílinn síðan hann fékk hann fyrir tveimur árum. Og samt fáum við að þrifa bílana okkar frítt!

Hver er stæltastur?

Slagurinn er á milli Fúsa og Alex Pettersson, en ég held að Velmennið Alex taki þetta með herslumun.



Hver eyðir mestum tíma fyrir framan spegilinn?

Það mun vera Alex. Það kemur ekki af sjálfu sér að vera kynþokkafyllsti maður Íslands. Það kostar að vera kúl.

Hversu góður er þjálfarinn þinn í handbolta, á skalanum 1-10?

Þú ert ekki að svara þessari spurningu.

Hafið þið séð þjálfarann? Hann er tröll að burðum og ég vil ekki lenda í honum!



LOKASVARIÐ

» BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON

Lýstu sjálfum þér í fjórum orðum: Gleyminn, þolinmóður, tryggur og rólegur.
 Helsti veikleiki: Gleyminn.
 Helsti styrkleiki: Þolinmóður.
 Ef þú mættir velja þér einn ofurkraft, hver yrði hann?: Að geta verið á tveimur stöðum í einu. Annars vegar alltaf í golfi, hins vegar alltaf hjá fjölskyldunni.
 Eftirminnilegasti golfvöllurinn: Leopard Creek í Suður-Afríku.
 Ef þú værir síamstvisturi, hvern vildirðu helst hafa fastan við þig? Konuna mína, því hún bætir upp alla gallana sem ég hef.
 Morgunmatur: Múslí með mjólk, tvær sneiðar af ristudu brauði, önnur með osti og sultu og hin með banana. Svo drekk ég epladjús og kaffi með.
 Hvað æfirðu mikið utan móta? Fimm daga vikunar, 6-8 tíma á dag.
 Lúxemborg eða Ísland? Ísland í júlí, ágúst og um áramót. Annars Lúxemborg.
 Kaupþing, Landsbankinn eða Glitnir? Að sjálfsgöðu Kaupþing.
 Hvaða kylfu í pöknum geturðu síst verið án? Þútturinn, jafnvel þó svo að hann hagi sér ekki alltaf vel.
 Hvenær héltu fyrst á golfkylfu? Ætli ég hafi ekki verið 11 eða 12 ára.
 Hvað geturðu farið hátt á heimslistanum? Eg er viss um að ég geti náð topp 50.
 Verðurðu stressaður á golfvelli? Ég var stressaður þegar ég vissi að tvö þör á tveimur síðustu holunum á lokaúrtökumóti Evrópumótaraðarinnar í fyrra myndu tryggja mér kortið á mótaröðina. En mér leið samt mjög vel.
 Besta höggið: Ætli það hafi ekki verið höggið með 3-járninu á síðustu holunni á úrtökumótinu. Það var yfir vatn og á móti vindi og ég vissi að ég þurfti þar.
 Versta höggið: Hér kemur sér vel að vera gleyminn.
 Hvaða geisladiskur er í spilaranum? „Nokkrar notalegar ábreiður“ með Stebba og Eyfa. Algjörir meistarar sem koma mér ávallt í gott skap.
 Besta ráðið: Að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig.
 Bíll: Toyota Land Cruiser. Ég er mjög sáttur með hann, ótrúlegt plássið í skottinu.
 Hefur spilað Tiger Woods leikinn á PlayStation? Hef einu sinni farið í hann og er það í eina skiptið sem ég hef farið í PlayStation á ævinni. Ég er lítið fyrir tölvur.
 Hvað gerirðu í frístundum? Ég eyði öllum þeim frístundum sem ég hef með fjölskyldunni.
 Af hverju er Tiger Woods svona góður? Það er einfalt. Vegna þess að hann hefur fundið betri leið en aðrir við að koma kúlunni ofan í holuna í sem fæstum höggum.
 EF þú værir ekki atvinnukylfingur.....þá væri ég atvinnumaður í fótbolta.
 Ef þú gætir spilað einn hring með einum kylfingi í sögunni... ..þá myndi ég velja Tiger Woods. Einfaldlega vegna þess að hann er sá allra besta sem hefur spilað þessa íþrótt.



Auglýsingasími

512 5050

- Mest lesið

DRAUMALIÐIÐ

» **EMIL HALLFREDSSON**, leikmaður Reggina á Ítalíu, hefur spilað mjög vel fyrir lið sitt á sínu fyrsta tímabili í Serie A deildinni eftir að hafa gengið nokkuð óvænt í raðir liðsins frá Lyn í Noregi fyrr á þessu ári. Sport fékk Emil til að stilla upp úrvalslíði þeirra leikmanna sem hann hefur mætt á Ítalíu. Athygli vekur að Emil velur engan samherja sinn hjá Reggina í liðið og stillir auk þess sjálfum sér upp í þá stöðu sem hann lék í síðasta leik Reggina, sem fremsti miðjumaður.

„Þetta er náttúrulega guðdómlegt lið og rúsinan í pylsuendanum er ég í stöðu leikstjórnanda. Það var spurning um mig eða Totti en hann er slakur í að „chippa“ og því fæ ég hnossið. Svo vantaði líka bara myndarlegan karlmann í þetta lið,“ segir Emil.

The diagram shows a 4-2-2 formation. In the defense, from left to right: Alessandro Rosina (Torino), Daniele De Rossi (Roma), Gianluigi Buffon (Juventus), and Maicon (Inter). In the midfield, from left to right: Alessandro Nesta (AC Milan), Emil Hallfreðsson (Reggina), and Ivan Córdoba (Inter). In the attack, from left to right: Antonio Di Natale (Udinese), David Trezeguet (Juventus), and Zlatan Ibrahimovic (Inter). Kaka (AC Milan) is positioned as a second striker.

Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga



10 TUGURINN

félög sem hafa orðið meistara með Íslendinga innanborðs



Anderlecht, Belgíu

Arnór Guðjohnsen varð belgískur meistari þrjú tímabil í röð,

frá 1985 til 1987. Síðasta árið varð Arnór bæði markahæstur og kosinn besti leikmaður ársins, skoraði þá 19 mörk í 34 leikjum.

Besiktas, Tyrklandi

Eyjólfur Sverrisson varð meistari eina árið sem hann spilaði í Tyrklandi. Eyjólfur fór þangað á láni frá Stuttgart og skoraði 9 mörk í 33 leikjum.

Brann, Noregi

Meistaralið Brann á nýliðnu tímabili er fyrsta erlenda félagið sem verður meistari með þrjá íslenska leikmenn innanborðs. Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason og Ármann Smári Björnsson léku allir með liðinu.

Celtic, Skotlandi

Jóhannes Eðvaldsson var í stóru hlutverki þegar skoska liðið vann tvöfalt vorið 1977. Jóhannes varð einnig meistari með liðinu tveimur árum síðar.

Chelsea, Englandi

Eiður Smári Guðjohnsen lék með tveimur meistaraliðum Chelsea. Hann var með 12 mörk í 37 leikjum 2004/05 en árið eftir lék hann meira á miðjunni og var með 2 mörk í 26 leikjum.



Genk, Belgíu

Bræðurnir Þórður og Bjarni Guðjónssynir voru báðir með meistaraliði Genk 1999. Þórður átti frábært tímabil og skoraði 9

mörk í 28 leikjum en Bjarni lék sjö leiki.

IFK Göteborg, Svíþjóð

Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson voru báðir í stórum hlutverkum hjá sænsku meisturunum í vetur. Ragnar lék alla 26 leikina og var besti leikmaður ársins að margra mati.

Luzern, Sviss

Sigurður Grétarsson var í stóru hlutverki þegar FC Luzern vann fyrsta og eina meistaratið sinn 1989. Sigurður skoraði 8 mörk í 28 leikjum.

Stuttgart, Þýskalandi

Bæði Ásgeir Sigurvinsson og Eyjólfur Sverrisson hafa orðið meistarar með þessu þýska liði. Ásgeir skoraði 12 mörk í 31 leik og var kosinn leikmaður ársins þegar Stuttgart vann 1984.

Östers IF, Svíþjóð

Teitur Þórðarson átti glæsilegan feril í Svíþjóð og náði því að verða þrisvar sinnum meistari með Öster á fjórum árum; 1978, '80 og '81.

AF HVERJU HELD ÉG MEÐ



ARSENAL „Haustið 1971 var mamma stödd í London og ákvað að koma við í íþróttavöruslun til að kaupa búning á mig. Hún hafði ekki hundsvit á fótbolta og spurði einfaldlega hvað hún ætti að kaupa og fékk Arsenal-treyju, en liðið var þá tvöfaldur meistari. Mamma var fljót að gleyma hvaða liði treyjan tilheyrði og það tók mig hálfan veturinn að komast að því. Á þessum tíma leið langt á milli leikja í svart-hvítu sjónvarpinu og ekki var eins greinilegt hvaða liði hver treyja tilheyrði, til dæmis voru liðin ekki með auglýsingar. En eftir að ég komst að þessu hef ég haldið með Arsenal. Það hafa verið erfið tíma-

bil en í seinni tíð er voða gaman, hið unga lið blómstrar, hefur verið að spila flottasta boltann og skilað góðum úrslitum það sem af er tímabili. Og ég er bjartsýnn núna.“



VAL „Ég er uppallinn í Hlíðunum, æfði fótbolta og handbolta með Val á uppvaxtarárum og tengdist félaginu því sterkum böndum. Ég og aðrir Valsarar höfum upplifað erfitt skeið á undanförunum árum, en segja má að því hafi lokið formlega með tveimur Íslandsmeistaratiðum í haust. Vígsla nýrra mannvirkja á Hlíðarenda markar auk þess nýja tíma hjá félaginu og ég er viss um að Valsmenn og meyjrar eiga gott í vændum.“

Stefán Hilmarrson, tónlistarmaður



TÖFFARI SEM HUGSAR FYRIR ÖLLU

Nýr KIA cee'd: Sporty Wagon



Frábær fjölskyldubíll
2.190.000 kr.

Þú gerir varla betri kaup!

Með nýjum KIA cee'd Sporty Wagon færðu meiri akstur, meira olnbogarými og meiri þægindi fyrir minni pening – án þess að fórn frábæru útliti og aksturseiginleikum. Þú færð einnig sjö ára ábyrgð, ríkulegan staðalbúnað og getur valið um beinskiptan 115 hestafla dísilbil sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið, eða 120 hestafla sjálfskiptan bensínbil sem eyðir 6,9 lítrum á hundraðið. Og allt þetta færðu á aðeins kr. 2.190.000 kr.

Ríkulegur staðalbúnaður:

- álfelgur
- USB-tengi fyrir iPod
- aðgerðastýri
- sex öryggisloftþúðar
- loftkæling
- 6 diska geislaspillari
- rafræn stöðugleikastýring
- upplýsingatölva



KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is



Andlit hans birtist þá almenningi í fyrsta
NORDICPHOTOS/AFP



LÍKAMINN SKOÐAÐUR Forstöðumaður egyptsku fornleifafraeðistofnunarinnar, Zahi Hawass, fyrir framan rakapétta glerkistu faraósins í síðustu viku.
NORDICPHOTOS/AFP

→ FALLEGUR UNGLINGUR

Árið 2005 birti teymi sérfræðinga – egyptskra, franskra og bandarískra – í samvinnu við The National Geographic Society vaxmynd af andliti Tutankhamuns sem gerð hafði verið eftir ítrustu rannsóknum á beinabyggingu hans og andlitsfalli. Sérfræðingarnir unnu hver í sínu lagi og fengu ekki að vita hver átti hið forna andlit fyrr en eftir á. Niðurstöðuna má sjá á meðfylgjandi mynd sem sýnir fríðan unglingsmann með hið klassíska „egyptska“ nef og áberandi varir. Litarháttur vaxmyndarinnar varð hitamál þegar National Geographic birti myndina vegna þess að Tutankhamun var sýndur ljósbrúnn á hörund með hnotubrún augu, en skiptar skoðanir eru um hversu dökkir forn-Egyptar hafi verið að litarhætti. Sérfræðingar sögðust hafa notað sama hörundslit og er að finna á listaverkum Egypta af þeim sjálfum en að auðvitað væri ekki hægt að færa sönnur á það hversu dökkur eða ljós húðlitur Tutankhamuns var í raun og veru.



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: **BÍÓ** **SIRKUS**

EJS

skemmtilegri

NÝTT FANGELSI NÝR FLÓTTI PRISON BREAK FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 21:15

MANNAMÁL - kl. 19:05

NÆTURVAKTIN - kl. 20:00

DAMAGES - kl. 20:30

ARTER FANN GRÖF TUTANKHAMUNS ÁRIÐ 1922



ka kistu og múmíu faraósins en fjölmargir

Tutankhamuns á fornegyptsku myndletri voru þessar:
„Þeir sem ganga inn í þessa heilögu gröf munu fá skjóta heimsókn hins vængjaða dauða.“
„Það er ég sem stöðva sandinn frá því að fylla þessa leynilegu gröf. Ég vernda hinn dauða“ (áletrun á stytta af guði dauðans, Anubis)

Eddan til vegs og virðingar

Hvað skyldu kvikmyndagerð, bókmenntir og knattspyrna eiga sameiginlegt? Jú, fyrir utan að eiga sér dygga fylgismenn og vera sífellt í umræðunni er blásið til veislu einu sinni á ári og þeir sem hafa skarað fram úr á árinu heiðraðir. *Freyr Gíga Gunnarsson* skautaði yfir Edduna sem afhent verður í kvöld og komst að því að hún er miklu meira en bara þotupartí á Hilton-hótelinu og mikilvægari en margan grunar.

I knattspyrnunni hefur valið á besta leikmanni ársins verið að þokast nær tölfræðilegum staðreyndum. Actim hefur til að mynda verið notað í ensku úrvalsdeildinni þar sem hægt er að fylgjast grannt með frammi-stöðu leikmanna í hverjum leik. Sá sem stendur sig hvað best samkvæmt þessu tölfræðikerfi hlýtur að vera sá besti. En svo er nú ekki. Þegar leikmenn og þjálfarar ganga að kjörborðinu og velja þann besta virðist smekkur og tilfinning hvers og eins ráða för. Og hið sama má kannski segja um bæði kvikmyndir og bókmenntir. Ekki er hægt að vinna út frá neinum tölfræðilegum upplýsingum og varla hægt að ganga út frá því sem vísu að sú kvikmynd eða bók sem fær mestu aðsóknina eða selst best í bókabúðum sé sú besta.

Núndu Edduverðlaunin verða afhent í kvöld en þeim var komið á fót þegar íslenska sjónvarps- og kvikmyndaakademían var stofnuð. Eddan verður í ár fyrst og fremst verðlaun fagfólks. Á undanförunum árum hefur íslenskum almenningsi gefist kostur á að kjósa um alla flokka og hefur atkvæði hans haft þrjátíu prósent vægi á móti sjöttíu hjá akademíunni. Töluverð umræða hefur verið meðal meðlima akademíunnar um þessa kosningu og var sú ákvörðun tekin í lok september á þessu ári að nýta ekki þennan möguleika í ár.

Ekki bara stytta

Kvikmyndagerð á Íslandi er enn á hálfgerðu tanntökuskeiði hvað fjármagn varðar; leikstjórar og framleiðendur þurfa að leita út fyrir landsteinana til að klára fjármögnun hugverka sinna og jafnvel veðsetja sín eigin hús til að fá síðasta aurinn í kassann. Og verða síðan að treysta á að áhorfendum líki vel við myndina og sjái hana í kvikmyndahúsum.

Að fá Eddu getur oft reynst gulls ígildi þegar þarf að kynna mynd á erlendri grundu og því getur oft verið ansi heitt í kolunum áður en tilnefningar eru tilkynntar og eins þegar kosning stendur yfir. Eddan getur haft mikil áhrif á aðsókn kvikmynda og þannig fleytt aðstandendum yfir erfiðasta hjallann. Kvikmyndagerðarmenn reka hins vegar ekki stífa kosningabaráttu fyrir kosningar eins og tíðkast í

Hollywood en þó eru málin rædd þegar tækifæri gefst, aðstandendur kvikmynda reyna koma sínu á framfæri og svo er bara að treysta á „góðan“ smekk starfsfélaganna.

Oftar en ekki hefur það verið regla að aðsóknarmesta kvikmynd hvers árs hljóti flestar tilnefningar eða verðlaun. En þetta er hins vegar ekki algilt. Í takt við tímann var meðal annars aðsóknarmesta kvikmynd ársins árið 2004 en fékk enga tilnefningu. Voksne Mennesker fékk hins vegar ákaflega litla aðsókn 2005 en stóð uppi sem sigurvegari það árið með fjórar Eddur. Í fyrra voru það síðan Börn sem fengu átta tilnefningar en stóðu ekki uppi í hárinu á Mýrinni, sem varð hálfgerður risi í íslenski kvikmyndagerð og hlaut fimm Eddur af þeim fimm sem hún var tilnefnd fyrir.

Veðramót stálu senunni í ár þegar tilkynnt var um tilnefningararnar og leiða kapphlaupið um styttuna með ellefu talsins. Aðsóknarmesta íslenska kvikmyndin í ár, ævintýramyndin *Astrópía*, varð hins vegar að láta sér lynda eina og má því segja að reglan um aðsókn og Eddu sé nánast að hrúni komin.

Leikið efni í boði einkaaðila

Að mati margra er sjónvarpsframleiðsla komin lengra á veg en kvikmyndagerð og íslenskir áhorfendur gera miklar kröfur um gæði leikins efnis, sem oft er ekki nýtur mikillar hylly úti í þjóðfélaginu. Framleiðslan líður hins vegar fyrir mikinn kostnað og sjónvarpsstöðvar eru oftar en ekki tregar til að leggja út í gerð þeirra. Og ef svo fer er yfirleitt bara gerð ein þáttaröð og síðan ekki söguna meir. Það voru því nokkur tíðindi þegar tilkynnt var fyrir helgi að Næturvaktin myndi þröskast og þróast í Dagvakt með sömu leikurum og persónum.

Hins vegar hefur getuleysi Ríkissjónvarpsins í leiknu efni undanfarin ár stungið nokkuð í augun. Einkareknu stöðvarnar, Stöð 2 og Skjár einn, hafa einokað þennan verðlaunaflokk og það hefur aðeins gerst tvívegis að framleiðsla RÚV hafi hlotið Edduna. Í bæði skiptin var það Áramótaskaup í leikstjórn Óskars Jónssonar.

Í ár er þar engin breyting á; RÚV er áberandi í skemmtiþáttum en víðs fjarri í leiknu efni. Sigtíð án Frímanns er framleiðsla Skjás eins og bæði Stelpurnar og Næturvaktin eru sýndar á Stöð 2. Það horfir hins vegar til betri tíðar í Efstaleitinu með framleiðslu á Mannaveiðum eftir Björn Brynjúlf Björns-son með þeim



LOKSINS HEIMA Sigur Rós kom heim og gerði Heima sem reyndist vera veisla fyrir bæði augu og eyru.

Gísli Erni og Ólafi Darra í aðalhlutverkum og þar á bæ eru menn farnir að horfa aðeins lengra fram á veginn. Á föstudaginn var svo haldinn blaðamannafundur með Þórhalli Gunnarssyni, Björgólfi Guðmundssyni og Páli Magnússyni þar sem tilkynnt var um leiðir til að efla framleiðslu á leiknu íslensku efni.

Sterkustu flokkarnir

Heimildarmyndagerð hefur verið í miklum blóma á Íslandi að undanförunum og má kannski segja að baráttan í þeim flokki hafi verið hvað hörðust ef undanskilin er stuttmyndaflokkurinn þar sem hver snilldin af fætur annarri hefur rekið á fjórum akademíunnar.

Árið í ár er þar engin undantekning. Báðir þessir flokkar hafa ákaflega sterka kandiata sem eiga varla eftir að geta sætt sig við neitt annað en sigur.

Hið metnaðarfulla verk Ara Alexanders og Bergsteins Björgólfs-sonar, *Syndir feðranna*, um Breiðavík hefur snert ákaflega marga og þykir um margt mögnuð kvikmynd og einstök. Sigur Rósarkvikmyndin *Heima* hefur einnig hrifið marga með sér og fengið frábæra dóma í tónlistartímaritum. Stuttmyndirnar *Anna*, *Skröltormur* í New York og *Bræðrabylta* hafa allar fengið mikið lof og kannski má segja að í þessum flokkum sé eiginleg baráttan um Edduna.

Eddan hefur síður en svo verið allra og yfirleitt hefur verðlaunahátíðin mátt þola háðsglósur sjálfskipaðra gagnrýnenda í dagblöðum. Henni hefur engu að síður tekist að skapa sér nafn meðal þjóðarinnar og það má sjá af auglýsingum næstu daga hversu miklu máli það skiptir fyrir aðstandendum, framleiðendum, leikara og leikstjóra að fá eina ef ekki tvær Eddur. freyrgigja@frettabladid.is



SIGURSTRANGLEG Flestir hallast að því að Veðramót fari með sigur af hólmi enda tilnefnd til ellefu Edduverðlauna.



AÐSÓKNARMEST MEÐ EINA Astrópía hlaut aðeins eina tilnefningu til Eddunnar og sannaði þar með fyrir fullt og allt að vinsældir og Eddan fara ekki alltaf saman.



Í FARARBRODDI Næturvaktin, Sigtíð og Stelpurnar eru flaggskip leikins efnis í sjónvarpi. RÚV hefur dregið lappinar í þessum flokki en það horfir til betri tíma í Efstaleitinu.



HEIMILDARMYNDIN SYNDIR FEÐRANNA Heimildarmyndagerð hefur verið í miklum blóma undanfarin ár og í þeim flokki hefur verið gríðarlega hörð baráttan. Og í ár verður engin undantekning þar á.

SIGURVEGARAR SÍÐUSTU ÁRA

1999 Ungfrúin góða og húsið Leikstjóri: Guðný Halldórsdóttir	2000 Englar alheimsins Leikstjóri: Friðrik Þór Friðriksson	2001 Mávahlátur Leikstjóri: Ágúst Guðmundsson	2002 Hafið Leikstjóri: Baltasar Kormákur	2003 Nói Albínói Leikstjóri: Dagur Kári	2004 Kaldaljós Leikstjóri: Hilmar Oddsson	2005 Voksne Mennesker Leikstjóri: Dagur Kári	2006 Mýrin Leikstjóri: Baltasar Kormákur

Kemur ekki á óvart!

SPRON Verðbréf eru augljóslega besti kosturinn.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi allt frá stofnun. Síðastliðna 12 mánuði er ávöxtun sjóðsins **15,4%***

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is

SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,4% ávöxtun*



Glitnir
Sjóður 9
15,1% ávöxtun*

Kaupþing
Peningamarkaðssjóður
15,0% ávöxtun*

Landsbankinn
Peningabréf Landsbankans
14,1% ávöxtun*

STUÐ MILLI STRÍÐA Að vera örvhentur í réttthentum heimi

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR SKRIFAR MEÐ VINSTRI



Það getur stundum verið erfitt að tilheyra minnihlutahópi. Samt tilheyra nú flestir einhverjum þessara hópa – ég er til dæmis örvhent. Í gegnum tíðina höfum við sem erum örvhent þurft að hlusta á annað fólk segja að örvhentir séu fatlaðir eða skrýtnir. Svo hafa nú einhverjir snillingar komið fram með alls kyns rannsóknir um örvhenta sem mismikið mark er hægt að taka á. Ein þeirra leiddi til dæmis í ljós að örvhentir lifðu að meðaltali nú árum skemur en réttthentir og önnur að örvhentir yrðu frekar geðklofar en aðrir.

Og svo voru það hlutirnir sem stóðu manni nær. Ég fékk til dæmis aldrei 10 í skriftarprófum í grunnskóla. Það var nefnilega skylda að skrifa með blekpena, sem er örvhentum með öllu ómögulegt. Vinstri höndin fer nefnilega alltaf beint ofan í óþornað blekið svo að allt fer í klessu.

En þetta er nú lítil þraut að þola miðað við það sem tíðkaðist áður fyrr. Ég gleymi því aldrei þegar mér var sagt frá börnunum í gamla daga sem þurftu að sitja ofan á vinstri höndinni og pína sig til að skrifa með þeirri hægri. Einhvers staðar las ég líka að í gömlum þjóðsögum hefðu örvhentir verið litnir hornauga vegna þess að vinstri hliðin hefði verið hlið

illra vætta og trölla. Í Bretlandi tíðkaðist lengi vel að berja örvhenduna úr fólki.

Svo það er kannski ekkert skrýtið að örvhentir hafi lengi verið í vörn vegna „fötlunar“ sinnar. Nú er öldin nefnilega önnur og vakning að verða í málefnum örvhentra. Allt í einu er hægt að fá hraðþornandi blekpena – svo það fari ekki allt út um allt. Svo eru komnar stílabækur fyrir örvhenta í allar helstu ritfangaverslanir. Skæri, dósahnífar og tölvumúsir eru bara örfá dæmi um það sem hefur nú verið hannað sérstaklega fyrir örvhenta.

Örvhentir hafa snúið vörn í sókn og á næsta ári mun ég halda 13. ágúst, dag örvhentra, mjög hátíðlegan.

myndasögur**■ Pondus**

Eftir Frode Øverli

**■ Gelgian**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**■ Handan við hornið**


Eftir Tony Lopes

**■ Kjölturakkar**

Eftir Patrick McDonnell

**■ Barnalán**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**SAGA UM FORBODNA ÁST MED TÓNLIST EFTIR LAY LOW****Afbragðs dómur!**

„Þetta er falleg sýning...“

ákaflega sterk... með því að

taka Ökutíma til sýningar hefur íslenskt leikhús stigið feti frammar... LA – þar sem allt blómstrar og grær... rigna yfir sýninguna stjórnunum.”

MK, Mbl

„Þetta er stórgóð sýning í einkar vel heppnaðri umgjörð“

EB, Fréttablaðið

„LA nýtur nú vinsælda og virðingar í samfélaginu sem önnur leikhús mega öfunda það af... mjög vel unnin“

JVJ, DV

„Ég er djúpt snortin... Stórkostlegur leiksigur...“

mjög áhrifamikil sýning“

SLG, RÚV

„stórkostlegan samleik...beint í hjartastað...“

IS, Kistan

„djúpt og áhrifamikil... rússbanaferð... enn einn sigurinn!“

VAJ, landpostur.is

„magnaða sýningu... opnar augu og snertir, leikhús sem skiptir máli“

JJ, Dagur.net

**Næstu sýningar:**

7., 9., 10., 14., 16., 17., 22., 23., 24., 29., 30. nóv og 2., 6., 7., 14. des.

Allt að seljast upp!**ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!**Miðasala: 4 600 200 | netsala: leikfelag.is

Í samstarfi við



LEIKFÉLAG AKUREYRAR

NÝJAR BÆKUR

Hjá Heimskringlu er komin út bókin *Virðing og umhyggja* – Ákall 21. aldar eftir dr. Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Fátt er mikilvægara en uppeldi og menntun æskufólks.



Hér er athygl- inni beint að því hlutverki uppallenda, einkum í skólafarfa, að rækta mikilvæg gildi í samskiptum fólks sem almenn samstaða ríkir um: virðingu og umhyggju,

vináttu og kærleika, réttlæti og umburðarlyndi. Megináhersla er lögð á hversu brýnt sé að efla samskiptahæfni og siðferðiskennd barna og unglinga og leggja grunninn að fjölmenningslegri hæfni þeirra og lýðræðislegri borgaravítund. Umfjöllunin byggist á áralöngum rannsóknnum höfundar á félagsþroska og samskiptahæfni barna og ungmenna og uppeldis- og menntunarsyn kennara. Viðfangsefnið snertir okkur öll, jafnt foreldra og aðra ættingja sem þær fagstéttir sem annast uppeldi og menntun barna og unglinga og hlúa að heilbrigði þeirra og farsæld. Bókin *Virðing og umhyggja* – Ákall 21. aldar er 537 bls.

Menntun forysta og kynferði eftir Guðnýju Guðbjörnsdóttur er komin út hjá Háskólaútgáfunni. Hvaða máli skiptir menntun fyrir framgang kvenna og karla til forystustarfa? Með annarri bylgju femín-



ismans urðu kvenna- og kynjafræðin til og brátt kom fram sú krafa að konur stýrðu sjálfar þeirri menntun sem þær fengu. Lögð var rík áhersla á jafnrétti kynjanna í

skólafarfa á 8. og 9. áratug síðustu aldar en fyrir nokkrum árum tók umræðan óvænta stefnu og beindist að stöðu drengja í skólum. Hvað gerðist eiginlega? Hvernig stendur á því að þrátt fyrir framgang kvenna í menntakerfinu gengur þeim hægt að ná fram jafnrétti í launum og völdum? Þetta eru helstu viðfangsefni sem tekist er á við í þessari bók um menntun, forystu og kynferði. Hér er greint frá rannsóknum höfundar á þessu sviði síðustu tuttugu ár. Þar sem um er að ræða safn greina frá þessu tímabili skín tíðarandinn í gegn. Rannsókn og greining Guðnýjar er 325 bls.

Hjá JPV útgáfu er komin út bókin *Í öðru landi* – Saga úr lífinu eftir Eddu Andrésdóttur fjölmiðla-konu og rithöfund. Þetta er ljúfsár og lágstemmd frásögn dóttur sem



horfir á eftir föður sínum hverfa inn í ómínnisland Alzheimerssjúkdómsins, þaðan sem hann átti ekki afturkvæmt en hann lést innan við ári eftir að veikindanna varð fyrst vart. Dóttirin

fylgist vanmáttug með þegar faðir hennar missir smátt og smátt tengslin við tilveruna og tími hans fjarar út og um leið finnst henni hún sjálf stödd í öðru landi. Henni verður hugsað til líðinna tíma og hún fer að rifja upp sögu föður síns og fjölskyldunnar, drauma og veruleika íslenskrar alþýðufjölskyldu á seinni hluta síðustu aldar, tíðaranda og minningarbrott frá líðinni tíð. Lítil atvik vekja upp ljúfan ilm minninganna og þrátt fyrir tregann í frásögninni er húmorinn aldrei langt undan. Bókin er 349 bls.

Skruddum skilað

Alger upplausn ríkir í stríðs-ástandi og er fólk þá heldur ólíklegt til að fetta fingur út í smáatriði líkt og bókaþjófnad. Þó má lengi leiðrétta gömul brot. Átti slíkt sér stað nýverið þegar chileska þjóðin skilaði 3.778 bókum sem hermenn hennar tóku ófrjálsri hendi úr þjóðarbókasafni Perú árið 1881, fyrir 126 árum.

Hermennirnir létu greipar sópa um bókasafnið eftir að hafa náð höfuðborg Perú, Lima, á sitt vald í Kyrrahafsstríðinu sem stóð frá árinu 1879 til 1883.

Bækurnar eru á grísku, latínu, frönsku og spænsku og innihalda sumar verðmæt landakort sem eru allt að því fjögurhundruð ára gömul. Flestar bókanna eru í góðu ástandi og notaði Chile því tækifærið og sendi þær með bögglaþjónustu DHL til Perú í síðustu viku.



BÓKAKOSTUR Tömlegt var um að litast í hillum þjóðarbókasafns Perú árið 1881.

Utanríkisráðherra Perú, Jose Garcia Belaunde, þakkaði chilesku þjóðinni fyrir að skila bókunum og sagði að nauðsynlegt væri fyrir löndin tvö að róa að því öllum árum að styrkja vinnuáttusamband sitt.

Samskipti Chile og Perú hafa oft og tíðum verið erfið vegna landamæraeigna. Chile sölsaði undir sig land frá bæði Perú og Bólivíu á 19. öld og ríkir því nokkur kuldi á milli þessara nágrannaþjóða.

- vp

Kári með leiðsögn

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, verður með leiðsögn um sýningu Listasafns Íslands á verkum Kristjáns Davíðssonar sem nú stendur yfir. Í spjalli sínu mun Kári rekja kynni sín af Kristjáni og fjalla um einstök verk á sýningunni út frá persónulegri reynslu en hann hefur verið handgenginn Kristjáni í hartnær fjóra áratugi. Leiðsögnin er í dag kl. 14.



KÁRI STEFÁNSSON Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.



RENAULT



ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

Hagkvæmari rekstareining

Ný sending komin!

Renault Kangoo fæst í 4x4 útgáfu.
Einnig færðu Renault Kangoo með sjálfskiptingu.

Nú hefur aldrei verið hagkvæmara að fá sér eintak af vinsælasta atvinnubíl Íslands sl. ára.



Bíll á mynd: Kangoo 6 dyra með alfélgum, þokujósum og hliðarglugga.

án VSK.
Kr. 21.194

á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.670.000

Verð frá kr. 1.341.365 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 26.386

Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.

Kangoo Express - 6 dyra - 75 hestöfl - beinskiptur.

Kr. 1.341.365 kr. án VSK.

Við greiðum að sjálfsgöðu út gamla atvinnubílinn.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendra myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðum

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR			
MR. WOODCOCK	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L	
ROGUE ASSASSIN	kl. 8 og 10.10	16	
JEVINTYRAEYJA IBBA	kl. 2, 4 og 6	L	
EASTERN PROMISES	kl. 8 og 10.10	16	
HÁKARLABEITA	kl. 2	L	
CHUCK AND LARRY	kl. 5.50	L	
HAIRSPRAY	kl. 3.50	L	

www.laugarasbio.is - Miðasala á midf.is

NÝTT Í BÍÓ!

LIONS FOR LAMBS RICHARD LINKLATER
SÁNNKÖSLIÐ STÖRMYND
12

MR. WOODCOCK JOHN DAHLER
TAKTU ÓT REFSINGUNA MED MR. WOODCOCK
ENGIN MISKUN!
L

ATH: EKKERT HLE græna ljósið

SMÁRA BÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000		
LIONS FOR LAMBS	kl. 5:45 - 8 - 10:15	12	LIONS FOR LAMBS	kl. 3 - 6 - 8 - 10	12
LIONS FOR LAMBS LUXUS	kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15	16	THIS IS ENGLAND	kl. 3 - 6 - 8 - 10	12
BALLS OF FURY	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10	7	ROGUE ASSASSIN	kl. 8 - 10:10	12
JEVINTYRAEYJA IBBA 600 KR.	kl. 2 - 4 - 6		SUPERBAD	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	14
DARK IS RISING	kl. 1:30 - 3:45 - 5:50	7	GOOD LUCK CHUCK	kl. 3 - 5:40	
THE HEARTBREAK KID	kl. 8 - 10:30	12			
RESIDENT EVIL 3	kl. 10:10	16			
GOOD LUCK CHUCK	kl. 8	14			
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 2 - 4				

SAMBIÓN Sími 575 8900 midf.is

30 DAYS OF NIGHT Hvar myndir þú fela þig í 30 daga...? 12

ASSASSINATION OF JESSE JAMES MICHAEL CLAYTON

SAMBIÓN ALFABAKKA	SAMBIÓN AKUREYRI
30 DAYS OF NIGHT	kl. 5:30 - 8 - 10:30
30 DAYS OF NIGHT	kl. 8 - 10:30
MICHAEL CLAYTON	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30
THE GOLDEN AGE	kl. 8
THE INVASION	kl. 3 - 5:50
ÞRÖTTAHEITJAN	kl. 1:30 - 3:30 - 6
THE BRAVE ONE	kl. 10:30
THE KINGDOM	kl. 10:30
STARDUST	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30
ASTRÓPÁ	kl. 3:30 - 6
RATATOUILLE	kl. 1 - 3:30
BRATZ	kl. 1
ASSASSINATION OF...	kl. 5:50 - 8
30 DAYS OF NIGHT	kl. 5:40 - 8 - 10:30
MICHAEL CLAYTON	kl. 8 - 10:30
DARK IS RISING	kl. 1:30
ÞRÖTTAHEITJAN	kl. 2 - 4 - 6
RATATOUILLE	kl. 1:00 - 2:40
IN THE LAND OF WOMEN	kl. 3:30
ÞRÖTTAHEITJAN	kl. 2 - 4 - 6
ASSASSINATION OF...	kl. 5 - 8
BRATZ - THE MOVIE	kl. 1
STARDUST	kl. 5:50
30 DAYS OF NIGHT	kl. 8 - 10
ÞRÖTTAHEITJAN	kl. 1 - 4 - 6
BALLS OF FURY	kl. 6 - 8 - 10
JEVINTYRAEYJA IBBA	kl. 2 - 4
EASTERN PROMISES	kl. 8
THE KINGDOM	kl. 10:10
JEVINTY... IBBA	kl. 3 - 5:50
ÞRÖTTAHEITJAN	kl. 3 - 5:50
HEARTBRAKE KID	kl. 5:30
STARDUST	kl. 5:50
MICHAEL CLAYTON	kl. 8
THE INVASION	kl. 8
THE BRAVE ONE	kl. 10:20
THE KINGDOM	kl. 10:20



SIGN Hljómsveitin Sign er að senda frá sér sína fjórðu plötu.

Vonir og draumar rætast

Hafnfirski roksveitin Sign sendir frá sér sína fjórðu plötu, The Hope, á mánudag undir merkjum útgáfufyrirtækis síns R&R músík.

Sign hefur unnið hörðum höndum að plötunni undanfarnir tvö ár á milli þess sem hún hefur verið á tónleikaferðalögum um Bretland með ýmsum þekktum sveitum innan síns geira. Hefur hún fengið góða dóma og eignast dyggan hóp addáenda, en platan er væntanleg í búðir í Bretlandi snemma á næsta ári.

Ferskir eftir tónleikaferðir

Minna „glysrokk“ er á nýju plötunni en á þeirri síðustu, Thank God For Silence. Í staðinn er undirtóninn orðinn alvarlegri og greinlegt að strákarnir hafa þroskast

mikið sem lagahöfundar og hljóðfæraleikarar. „Hún er þyngrri en samt þínu poppaðari,“ segir söngvarinn og gítarleikarinn Ragnar Zolberg um muninn á The Hope og síðustu plötu og bróðir hans Egill bætir við: „Við náðum að kúpla okkur vel frá tónleikaferðunum sem við vorum í og mættum alltaf ferskir til að vinna plötuna.“

Söngurinn á plötunni var tekinn upp í Englandi af Jolyon V. Thomas og föður hans Ken Thomas, sem hefur unnið mikið með Sigur Rós. „Ég var með þeim uppi í sveit í tvær vikur. Það gekk mjög vel og síðan sá ég líka fullt af íkornum,“ segir Ragnar og hlær.

Spila með Skid Row

Sign hitar upp fyrir hina heimsfrægu sveit Skid Row á tónleikaferð um Bretland sem hefst á þriðjudaginn. Hinn 1. desember

spila sveitirnar síðan á Nasa. „Við erum eiginlega ekki búnir að fatta þetta almennilega,“ segir Egill og getur varla beðið eftir að takst á við verkefnið. „Þetta er algjör draumur fyrir okkur sem höfum hlustað mikið á þá.“

Boltinn rúllar

Ragnar segir þá félagar hafa verið undir miklum áhrifum frá Skid Row á síðustu tveimur plötum og í raun hafi það verið fjarlægur draumur að fá að spila með sveitinni. Eftir að liðsmenn Skid Row heyrðu útgáfu Sign af lagi þeirra Youth Gone Wild á safnplötu tímaritsins Kerrang! fór boltinn aftur á móti að rúlla. Ragnar útilokar ekki að halda samstarfi við sveitina áfram eftir að tónleikaferðinni lýkur. „Fyrir þremur árum var ég að hugsa hvort við myndum gera lög með þeim og kannski verður það að veruleika.“ freyr@frettabladid.is

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

IPRÖTTAHEITJAN kl. 1:30 / Háskólabíó og kl. 3:30 / Háskólabíó og skóli
DARK RISING kl. 3:00 / Háskólabíó
STARDUST kl. 3:00 / Háskólabíó
JEVINTYRAEYJA IBBA kl. 2:00 / Háskólabíó
RATATOUILLE kl. 1:00 / Háskólabíó

450 kr. REGNBÖGINN **450 kr.**

LIONS FOR LAMBS kl. 3:00 / Regnboginn
MR. WOODCOCK kl. 3:00 / Regnboginn
ELIZABETH kl. 4:00 / Háskólabíó
THIS IS ENGLAND kl. 3:00 / Regnboginn

LAUGARÁS BÍÓ Fjölskyldudagar kl. 2, 4 og 6 **450 kr.** laugardag og sunnudag

MR. WOODCOCK 450 kr. Sýnd kl. 2, 4 og 6

JEVINTYRAEYJA IBBA 450 kr. Sýnd kl. 2, 4 og 6

HÁKARLABEITA 450 kr. Sýnd kl. 2

CHUCK AND LARRY 450 kr. Sýnd kl. 5.50

HAIRSPRAY 450 kr. Sýnd kl. 3.50

Fritt Nizza með hverjum bíómiða

Grín og gleði alla helgina

EDDA 2007



ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSVERÐLAUNIN

Edduverðlaunin verða veitt í kvöld á Hilton Reykjavik Nordica
Bein útsending Sjónvarpsins hefst kl. 19:40

Ert þú búin(n) að kjósa vinsælasta sjónvarpsþátt ársins?

- 900-9901: Game tíví
- 900-9902: Kompás
- 900-9903: Næturvaktin
- 900-9904: Stelpurnar
- 900-9905: Venni Páer

Símtalið kostar 99 krónur



SJÓNVARPIÐ

Úrslit kynnt í beinni útsendingu í kvöld

DAGSKRÁ:

- 18:40 Fordrykkur
- 19:40 Bein útsending hefst í Sjónvarpinu
- 21:40 Samkvæmi að útsendingu lokinni á Hilton Reykjavik Nordica

Framkvæmdastjórn
Eddunnar 2007
er í höndum
Sagaevents



sagaevents

FRÉTTABLAÐIÐ



capacent

EDDA 2007

EDDA 2007



>Stjarnan þarf að vinna upp eitt mark

Kvinnalið Stjórnunnar mætir í dag franska liðinu U.S. Mios Biganos HB í seinni leik liðanna í EHF-bikarnum en leikurinn fer fram í Mýrinni í Garðabæ og hefst klukkan 16. Frakkarnir unnu fyrri leikinn 27-26 þar sem Stjarnan var 14-12 yfir í hálfleik og 25-21 yfir þegar langt var liðið á seinni hálfleik. Frakkarnir skoruðu þá sex mörk í röð áður en Stjarnan skoraði lokamarkið. Stjörnuástúlur komast í 16 liða úrslit vinni þær leikinn með tveimur mörkum eða meira. Stjarnan kvartaði mikið yfir móttökunum sem liðið fékk út í Frakklandi en stelpurnar ætla örugglega að svara því með því að slá Frakkana út í Mýrinni í dag.

sport
sport@frettabladid.is



ÓSKAR BJARNI ÓSKARSSON, ÞJÁLFARI VALS: ÁGÆTAR SIGURLÍKUR GEGN CELJE LASKO

Áhorfendur geta verið áttundi maðurinn

Karlalið Vals í handbolta mætir slóvenska liðinu Celje Pivovarna Lasko í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í Vodafone-höllinni í dag og hefst leikurinn kl. 17.30. Fyrri leikur liðanna endaði 34-24 fyrir Celje Lasko á heimavelli þeirra, en Óskar Bjarni Óskars-son, þjálfari Vals, metur möguleika liðs síns þó ágæta. „Celje Lasko-liðið er náttúrliga gríðarlega sterkt og er ekki bara með landsliðsmenn í öllum stöðum á vellinum heldur líka á bekknum, á meðan við höfum einn landsliðsmann innan okkar raða. Við ætlum hins vegar ekki bara að mæta í leikinn og hafa gaman af þessari reynslu, heldur ætlum við að taka á þeim og láta þá finna vel fyrir okkur og ég vil meina að ef við eigum að eiga möguleika á sigri í þessari keppni í einhverjum leik, þá er það þessi leikur á móti Celje Lasko á

heimavelli. Til þess að það geti gerst þurfum við hins vegar að eiga algjöran toppleik,” sagði Óskar Bjarni, sem telur tækni-feila í fyrri leik liðanna hafa kostað Valsmenn allt of mörg mörk. „Við höfum lært það að í Meistaradeildinni er liðum refsað grimmilega fyrir öll mistök með hraðauppflaupum mótherjanna. Þegar við náum hins vegar að stilla upp í vörn á móti þessum liðum í Meistaradeildinni hefur okkur yfirleitt gengið mjög vel að verjast. Vonandi náum við að snúa þessari þróun við og fá fleiri mörk sjálfir úr hraðauppflaupum en við höfum verið að fá hingað til í keppninni,” sagði Óskar Bjarni og

ítrekaði jafnframt að hvatning áhorfenda gæti ráðið úrslitum í leiknum. „Það er gríðarlega mikilvægt að við Valsarar náum að skapa góða stemningu fyrir leiknum og að sem flestir mæti á leikinn og styðji liðið hraustlega áfram. Án grins geta áhorfendur algjörlega verið áttundi maðurinn á vellinum og skilað 3-4 mörkum á heimaliðið og sama gildir vitanlega um jákvæð áhrif stuðningsins áhorfenda á varnarleikinn og markvörsluna,” sagði Óskar Bjarni og kvaðst sjá mun á Valsliðinu í deildinni heima eftir reynsluna af leikjum í Meistaradeildinni. „Þessi reynsla á tímælalaust eftir að hjálpa okkur í titilvörninni.”



HAM
Verð á mann í tvíbyli frá
49.300 KR.
WEST
BIRMINGHAM
8.-10. FEBRÚAR 2008
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Chelsea, Blackburn og Portsmouth.

+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir



WWW.ICELANDAIR.IS

Birgir Leifur vann sitt fyrsta mót

Birgir Leifur Hafþórsson vann glæsilegan sigur á úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina á Spáni í gær. Birgir Leifur tryggði sig inn á lokamótið þar sem 30 efstu komast inn á Evrópumótaröðina á næsta ári.

GOLF Atvinnukylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG vann glæsilegan sigur á úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina sem lauk á Arcos Gardens-vellinum á Spáni í gær.

Birgir Leifur lék lokahringinn á þremur höggum undir pari og tryggði sér fjögurra högga sigur. Birgir Leifur vann þarna sitt fyrsta mót á erlendri grundu en hann fékk fyrir sigurinn 200 þúsund íslenskar krónur.

„Það hefur alltaf verið markmið hjá manni í hverju einasta móti að vinna en það hefur aldrei verið eins gott tækifæri til þess eins og nú. Það er því gaman að geta klárað það í fyrstu tilraun þegar maður hafði virkilega tækifæri til þess að vinna. Maður er búinn að vinna hörðum höndum að því að komast á þennan stað og það var allt að gerast hjá mér á þessu móti. Það var gaman að sjá að ég náði mörgum fuglum en var að sama skapi með fáa skolla. Það er mjög notaleg tilfinning þegar maður kemst á svoleiðis skrið,” sagði Birgir Leifur kátur eftir að sigurinn var í höfn.

Þriðji hringur Birgis var frábær en hann lék þá á 65 höggum eða sjö höggum undir pari og var þá búinn að bæta skor sitt tvo daga í röð.

„Ég spilaði rosalega vel allt mótið. Það var frábært að fá 65 högga hring ofan í það að vinna þetta mót. Það var rosalega sterkt að ná því á þriðja degi, sem er svona dagur þegar hreyfingin er oft mikil á kylfingum. Ég var virkilega sáttur með þann hring,” sagði Birgir Leifur.

„Það var mjög gott hjá mér í dag í erfiðum aðstæðum. Það var mjög hvasst en ég var bara með einn

skolla og aldrei í neinum vand-ræðum. Þetta var virkilega þægilegt, mér leið vel á vellinum og var aldrei smeykur við það sem ég var að taka mér fyrir hendur,” sagði Birgir Leifur um lokahringinn þar sem að hann fékk fjóra fugla og aðeins einn skolla.

„Ég setti mér það markmið fyrir mótið að koma mér í gegn en svo þegar maður var kominn í forustu ákvað ég að setja mér það markmið að vinna eitt mót,” lýsir Birgir Leifur, sem lék tvo síðustu dagana á tíu höggum undir pari.

Það voru 19 efstu kylfingarinn á mótinu sem komust inn á lokamótið sem hefst 15. nóvember næstkomandi. Þar er barist um 30 laus sæti á Evrópumótaröðinni á næsta ári og eru það 160 kylfingar sem mæta til leiks með það markmið. Birgir Leifur er að taka þátt í þessu ferli í títunda sinn. Hann náði 4. sæti á sama móti og tryggði sig þá inn á Evrópumótaröðina með því að ná 25. sæti á lokaúrtökumótinu.

„Lokamótið byrjar strax næsta fimmtudag þannig að við erum bara að fara að bruna niður eftir núna,” segir Birgir en með honum er kylfusveinninn Stefán Már Stefánsson sem er einnig mjög efnilegur kylfingur.

„Það skiptir í rauninni engu máli í hvaða sæti þú ert á þessu öðru stigi en það gefur manni sjálfs-traust að komast áfram á þennan hátt. Þetta mót telur ekkert í næstu viku og því getur maður bara reynt að hugsa jákvætt og byggja ofan á þetta. Við ætlum okkur bara að klára dæmið aftur og halda kortinu fyrir næsta ári. Það er pottþétt sett stefnan á það,” sagði Birgir Leifur að lokum.

ooj@frettabladid.is



11 UNDIR PARI Birgir Leifur Hafþórsson lék á tíu höggum undir pari síðustu tvo dagana og tryggði sér glæsilegan sigur á mótinu á Spáni. NORDICPHOTOS/GETTY

Guðríður Guðjónsdóttir var ánægð með heimsókn Fylkis í Digranesið í N1-deild kvenna í handbolta í gær:

Fylkisstelpur unnu sinn annan leik í röð

HANDBOLTI Kvinnalið Fylkis vann sinn annan leik í röð í N1-deild kvenna þegar liðið vann HK í Digranesi 27-31. Útlitið var þó ekki allt of gott eftir fyrri hálfleikinn því HK-liðið var þá komið sex mörkum yfir, 19-13. Guðríður Guðjónsdóttir, þjálfari Fylkis, var ánægð með sigurinn í leiklok en fyrir viku vann Fylkisliðið góðan heimasigur á Akureyri, 23-15.

„Þetta var æðislegt. Ég lagði upp með það fyrir þennan leik að þetta væri lið í sömu stöðu og bæði búin að vinna tvo leiki. Þetta var rosalega gaman hjá okkur,” sagði Guðríður en leikurinn var kaflaskiptur.

„Þetta var stórskrýttinn leikur. Við vorum yfir í upphafi leiks en síðan fórum við að klúðra og klúðra dauðafærum og hún fór að verja rosalega vel í markinu hjá HK í fyrri hálfleik. Í seinni hálfleik fórum við að nýta þessi færi og spiludum á sama tíma fína vörn og fengum bara átta mörk á okkur í



GÓÐAR Hildur Sif Pálmarsdóttir skorar eitt þriggja mörka sinna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

seinni hálfleik. Það er frábært hjá stelpunum að koma svona sterkar til baka en það var bara ekki réttlátt að við værum sex mörkum undir í hálfleik. Það er mjög fín

dreifing á markaskorinu hjá liðinu. Natasa Damićanovic náði sér ekki alveg á strík framan af en kom síðan með fín mörk í lokin. Jelena Jovanovic fór einnig að

verja vel þegar vörnin okkar fór í gang og varði mjög vel síðasta korterið,” sagði Guðríður, sem er ánægð með veturinn til þessa.

„Við erum búnar með fyrstu umferðina. Markmiðið hjá okkur var að ná að landa sigri. Við gerðum það á móti FH, unnum síðan Akureyri og klárum svo þennan leik. Við vorum búnar að sjá HK-liðið spila og skoða þeirra leik fram og til baka. Það voru að mínu mati helmingslíkur hjá okkur að vinna þennan leik og ég er rosalega ánægð með að fara og ná í tvö stig í Digranesinu,” sagði Guðríður að lokum.

Sunna María Einarsdóttir skoraði 8 mörk fyrir Fylki, þar af fimm þeirra úr vítum, en Natasa Damićanovic skoraði 6 mörk, Sunna Jónsdóttir var með 5 mörk og Nataly Sæunn Valencia gerði 4. Það dugði ekki HK að Natalia Cieplowska skoraði 13 mörk en næst henni var Jóna Sigríður Halldórsdóttir með 8 mörk. - 66j

RÁÐSTEFNA

RÉTTINDI BARNNA VIÐ SKILNAÐ

Feðradaginn þann 11. nóvember 2007 kl. 16:00 í sal F&G

HILTON HÓTEL NORDICA REYKJAVÍK

DAGSKRÁ:

ALLIR VELKOMNIR



Setning: Formaður Félags um foreldrajafnrétti
Lúðvík Börkur Jónsson. Áherslur og stefnumál.



Ávarp:
Ólafur Ragnar Grímsson forseti.



Barnið í nútímafjölskyldunni:
Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.



Réttur barna til beggja foreldra – þarf einhverju að breyta?
Dögg Pálsdóttir hrl. & varaþingm.

KAFFIHLÉ



Miðast tryggingar barna eingöngu við lögheimili þeirra?
Ásgeir Ingvi Jónsson, bæjarfulltrúi & stjórnarmaður.



Börn og skilnaður:
Sr. Þórhallur Heimisson.



Að vera, eða vera ekki pabbi:
Jón Gnarr.



Samantekt:
Guðmundur Steingrímsson, aðst.m.borgarstj. & varaþingm.

Ráðstefnuslit: Um kl18:00.

Samstarfsaðilar: Dómsmálaráðuneytið, Félagsmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg,
Velferðarsjóður barna, Jafnréttisstofa, Barnaverndarstofa



FÉLAG UM FORELDRAJAFNRÉTTI
BARN Á RÉTT Á BÁÐUM FORELDRUM

www.foreldrajafnretti.is

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta:

Fram – ÍBV 38-26 (17-15)
Mörk Fram: Jóhann Gunnar Einarsson 12/5 (13/5), Filip Kliszczek 6 (9), Hjörtur Hinriksson 3 (5), Haraldur Þorvarðarson 3 (5), Jón Björgvin Pétursson 3 (6), Daniel Berg Pétursson 3 (7), Stefán Stefánsson 2 (3), Zoltán Beányi 2 (3), Rúnar Káráson 2 (3), Einar Ingi Hrafnsson 1 (1), Guðjón Dreggsson 1 (3), Jón Þorbjörn Jóhannsson (1)

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 9 (24/1, 37,5%), Magnús Erlendsson 12/1 (23/2, 52,2%).

Hraðaupplaupt: 12 (Daniel 3, Filip 2, Stefán 2, Jón Björgvin 2, Guðjón, Zoltán, Jóhann Gunnar)

Fiskuð viti: 5 (Einar Ingi 2, Stefán, Haraldur, Jóhann Gunnar).

Utan vallar: 6 mínútur.

Mörk ÍBV: Zilvinas Grietze 5 (7), Leifur Jóhannesson 5 (12), Sigurður Bragason 5/1 (13/2), Sindri Haraldsson 4 (9), Nikolaj Kulikov 3 (3), Vignir Stefánsson 1 (1), Grétar Eyþórsson 1/1 (1/1), Óskar Steingrímss. 1 (2), Brynjar Óskars. 1 (3).

Varin skot: Friðrik Sigmarsson 6 (25/3, 24%), Kolbeinn Arnarsson 9 (28/2, 32,2%).

Hraðaupplaupt: 11 (Zilvinas 3, Leifur 2, Nikolaj 2, Vignir, Sigurður, Sindri, Grétar)

Fiskuð viti: 3 (Nikolaj 2, Zilvinas)

Utan vallar: Aldrei

Akureyri-Afturelding 26-26

Mörk Akureyrar: Magnús Stefánsson 9 (15), Goran Gusic 5/2 (9), Einar Logi Friðjónsson 4 (7), Andri Snær Stefánsson 3 (5), Heiðar Þór Aðalsteinsson 2 (3), Jónatan Magnússon 2 (5), Hörður Fannar Sigþórsson 1 (1).

Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 10 (15) 40%, Hörður Flóki Ólafsson 2 (11) 15%

Hraðaupplaupt: 4 (Heiðar 2, Andri, Jónatan)

Fiskuð viti: 2 (Magnús, Þorvaldur)

Utan vallar: 4 mínútur.

Mörk Aftureldingar: Hilmar Stefánsson 7/4 (11), Daniel Jónsson 6 (9), Magnús Einarsson 4 (12), Reynir Árnason 2 (4), Hrafn Ingvason 2 (4), Jóhann Jóhannsson 2 (6), Davíð Ágústsson 1 (1), Jón Andri Helgason 1 (2), Einar Örn Guðmundsson 1 (3), Ásgeir Jónsson 0 (2).

Varin skot: Davíð Svansson 15 (24) 38%, Smári Guðfinnsson 0 (2) 0%.

Hraðaupplaupt: 4 (Magnús, Daniel, Hilmar, Jón Andri)

Fiskuð viti: 4 (Magnús, Hilmar, Davíð, Hrafn)

Utan vallar: 4 mínútur

STADAN Í DEILDINN

HK	8	5	1	2	223-197	11
Stjarnan	8	5	1	2	230-219	11
Fram	8	5	1	2	237-212	11
Haukar	7	5	1	1	202-176	11
Valur	7	3	1	3	175-166	7
Afturelding	8	2	2	4	207-216	6
Akureyri	8	2	1	5	214-225	5
ÍBV	8	0	0	8	209-286	0

NÆSTU LEIKIR

Haukar-Valur	14. nóv. Kl: 19:00
HK-Afturelding	14. nóv. Kl: 19:15
ÍBV-Haukar	17. nóv. Kl: 15:00
Fram-Akureyri	18. nóv. Kl: 16:00
Stjarnan-ÍBV	20. nóv. Kl: 20:00
Haukar-Fram	20. nóv. Kl: 20:00

Fjögur lið eru nú á toppi N1-deildar karla í handbolta eftir sigur Fram á ÍBV í Safamýrinni í gær:

Frábærar 10 mínútur dugðu Framliðinu

HANDBOLTI Fram vann öruggan sigur á botnliði ÍBV, 38-26, á heimavelli sínum í N1-deildinni í gær og náði þar með Stjörnunni, Haukum og HK að stigum í efsta sæti deildarinnar. Eyjamenn eru sem fyrr í neðsta sæti án stiga.

Það var ekki að sjá að lið í neðsta sæti og lið í toppbaráttunni ættust við í fyrri hálfleik. Leikurinn var jafn og hafði ÍBV frumkvæðið framan af. Þegar sex mínútur voru til leikhles var ÍBV tveimur mörkum yfir, 12-14, en heimamenn enduðu hálfleikinn af krafti og fóru með tveggja marka forskot inn í leikhléið, 17-15.

Jóhann Gunnar Einarsson fór mikinn í fyrri hálfleik og hélt

Fram í raun inni í leiknum með átta mörkum sínum í hálfleiknum. „Við ræddum það fyrir leik að ÍBV er með hörkulið. Þeir hafa ekki verið með sitt sterkasta lið í vetur vegna meiðsla, leikbanna og ekki fengið leikheimildir þannig að þetta er sterkt lið. Við komum eins og ég veit ekki hvað í leikinn. Vorum heppnir að vera ekki undir enda fengum við að heyra það í hálfleik,“ sagði Jóhann í leikslok.

Allt annað var að sjá til Fram í seinni hálfleik en að sama skapi hrundi leikur ÍBV. Fram skoraði 10 fyrstu mörk seinni hálfleiksins á fyrstu 10 mínútum hans. Magnús Erlendsson kom inn í markið hjá Fram og hélt hreinu á þeim tíma.



ÖRUGGT Einar Ingi Hrafnsson skorar hér eina mark sitt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Það segir margt um sterka vörn Fram að Magnús þurfti aðeins að verja fimm skot áður en ÍBV skoraði loks.

Eftir þetta var aðeins spurning um hve stór sigur Fram yrði. Munurinn á seinni hálfleik og þeim fyrri hjá Fram var einfaldur að mati Jóhanns Gunnars. Boltinn fékk að ganga eftir hlé og fyrir vikið opnaðist vörnin hjá ÍBV og flestar sóknir Fram enduðu með dauðafæri.

Þó að Eyjamenn væru inni í leiknum í fyrri hálfleik virtist liðið aldrei hafa trú á því að það gæti strítt Fram að einhverju ráði. Mennt voru latir að hlaupa til baka þegar boltinn tapaðist og fljótir að henga haus. Slakur sóknarleikur liðsins í upphafi seinni hálfleiks varð til þess að leikurinn var í raun aldrei spennandi. - gmi

Jafntefli í andleysinu á Akureyri

Leikur Akureyrar og Aftureldingar í N1-deild karla í gær var lítið fyrir augað og stemningsleysi innan vallar skilaði sér á pallana. Akureyringar geta sjálfum sér um kennt að hirða ekki öll stigin.

HANDBOLTI Sú stemning sem Akureyringar sýndu á upphafsmínútum leiksins í gær hélt sér engan veginn út leik þeirra gegn Aftureldingu í gær. Það var ekki boðið upp á áferðarfallegan handbolta í leik sem lyktaði með 26-26 jafntefli.

Akureyri komst strax yfir í upphafi leiks og aðeins góður fyrri hálfleikur Davíðs Svanssonar, markmanns Aftureldingar, kom í veg fyrir að heimamenn styngju gestina af. Sóknarleikur Aftureldingar var oft á tíðum langur og vandræðalegur og liðið skoraði aðeins tvö mörk á fyrstu fimmtán mínútunum.

Bæði lið virkuðu áhugalaus og voru í hlutlausum gír nánast allan leikinn. Áhugaleysið skilaði sér í stúkuna en lítil stemning var á þöllum. Það er óvanalegt fyrir Akureyringa, sem jafnan styðja vel við bakið á sínum mönnum. Akureyringar voru skrefinu á undan gestunum allan fyrri hálfleikinn og höfðu 13-12 yfir í hálfleiknum.

Heimamenn virkuðu frískir í upphafi hálfleiksins og leit allt út fyrir að þeir hefðu fundið fimmta gírinn. Þeir komust þremur mörkum yfir en einbeitingarleysi og



TÖPUÐ STIG Goran Gusic og félagar í liði Akureyrar náðu ekki að landa sigri gegn ungu liði Aftureldingar í KA-húsinu í gær. PEDROMYNDIR/ÞÓRIR TRYGGVASON

röð mistaka hleyptu baráttuglöðum Mosfellingum aftur inn í leikinn. Jafnt var á flestum tölum undir lokin en Afturelding komst yfir í fyrsta skipti í stöðunni 25-26.

Akureyringar jöfnuðu leikinn,

gestirnir fóru í sókn og skoruðu en markið var dæmt af vegna línu. Akureyringar fengu lokasóknina en þeir misstu boltann á klaufalegan hátt, sem var í takt við spilamennskuna í gær. Niðurstaðan var því jafntefli, 26-26.

„Ég er langt frá því að vera sáttur með jafntefli. Mennt voru bara á hælunum lengst af, klúðruðu dauðafærum hvað eftir annað og við réttum þeim þetta í hendurnar með aulamistöfum af okkar hálfu. Við eigum mikið inni og það er alveg ljóst að við förum ekki langt á þessari frammistöðu,“ sagði hundfúll Magnús Stefánsson sem skoraði 9 mörk fyrir Akureyri í gær, mörg hver stórglæsileg.

Bjarki Sigurðsson, þjálfari Aftureldingar, var sáttari en Magnús í lok leiksins. „Mér fannst við ekki spila þennan leik vel varnarlega eins og við höfum gert en sjálfsagt er þetta sanngjarnt þar sem Akureyri var yfir megnið af leiknum. Við hefðum auðveldlega getað stolið þessu hérna í lokin en fyrir okkar eigin klaufaskap endaði þetta svona,“ sagði Bjarki, sem játti því að það hefði verið svekkjandi að stela ekki sigrinum í blálokun þar sem liðið var yfir, með boltann og manni fleiri.

„Við gáfumst aldrei upp eins og hefur orlað á þegar á móti blæs. Mennt lögðu sig fram og við gátum stolið þessu en gerðum það ekki í dag, það kemur kannski næst,“ sagði brosmildur Bjarki Sigurðsson. - hþ

Aðeins eitt lið í NBA-deildinni er enn taplaust eftir fyrstu tvær vikur tímabilsins:

Besta byrjun Boston í 20 ár

KÖRFUBOLTI Boston Celtics er nú eina ósigrada lið NBA-deildarinnar eftir 106-83 sigur á Atlanta Hawks aðfaranótt laugardagsins.

Boston hefur unnið fjóra fyrstu leiki sína á tímabilinu sem er besta byrjun félagsins í 20 ár eða síðan að Larry Bird, Kevin McHale og Robert Parish hjálpuðu Celtics til þess að vinna sex fyrstu leikina 1987-88.

Þrjá af þessum fjórum leikjum hefur Boston unnið með meira en 20 stiga mun en sá fjórði vannst í framlengingu gegn Toronto Raptors.

Kevin Garnett hefur leikið frábærlega í upphafi tímabils, hann var með 27 stig, 19 fráköst, 6 stóðsendingar og 3 varin skot í sigrinum á Hawks og hefur skorað 23,8 stig, tekið 16,3 fráköst og gefið 6,0 stóðsendingar að meðaltali í fyrstu fjórum leikjum sínum með



SVAKALEGAR TÖLUR Kevin Garnett er langhæstur í framlagi í NBA enda allt í öllu hjá Boston. NORDICPHOTOS/GETTY

Boston auk þess að nýta 61,5 prósent skota sinna.

„Þetta er ekki bara Kevin Garnett. Þegar þú ert með Ray Allen og Paul Pierce í blöndunni veistu að þú ert með skotmenn alls staðar í kringum Garnett,“ sagði Mike Woodson, þjálfari Atlanta, en Paul Pierce (22,5 stig í leik) og Ray Allen (21,5) hafa einnig spilað vel í upphafi tíma-

bils. Saman eru þrjú lið með 67,8 stig, 24,0 fráköst og 13,9 stóðsendingar að meðaltali í fyrstu fjórum leikjum sínum.

„Styrkur okkar í sókninni leynir sér ekki en þið vitið ekki öll hvað við leggjum mikið á okkur til þess að bæta vörnina. Við vitum að við erum ekki gallalausir en við leggjum mikla áherslu á að tala saman og vera sem ein liðsheild út á vellinum,“ sagði Kevin Garnett eftir sigurinn á Hawks.

Þjálfarinn Doc Rivers var ekki ánægður með alla töpuðu boltana hjá sínum mönnum og heimtaði að liðið léki betur. Það er samt ekki hægt að kvarta yfir byrjuninni; 4 leikir og 4 sigrar með 18 stiga mun að meðaltali. Í síðustu tveimur leikjum hefur liðið hitt yfir 60 prósent skota sinna sem er dæmi um sóknarógnunina í liðinu. Nú er að sjá hvað Boston vinnur marga leiki í röð. - 66j

www.expressferdir.is

SKRÁÐU ÞIG Í FÓTBOLTA- KLÚBB EXPRESS FERÐA!

Það margborgar sig að skrá sig í Fótþolklúbb Express Ferða. Nöfn allra klúbbfélaga og þeirra sem skrá sig fyrir 15. nóvember fara í pott og eru glæsileg verðlaun í boði, ferð á heimaleik með West Ham að eigin vali.

Innifalið er flug, gisting og miði á leikinn.

Dregið verður 1. desember.

➤ Gakktu til liðs við okkur og skráðu þig á www.icelandexpress.is/expressfotbolti

Skráðu þig fyrir 15. nóvember!



Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

FERÐ ÞÚ AVÖLLINN?

3 LEIKIR Á 3 DÖGUM

VINNUR ÞÚ DRAMA FERÐINA?

SENDU SMS SKEYTID BTC FOV Á NÚMERID 1900, SVARAÐU EINNÍ SPURNINGU OG ÞÚ GÆTIR UNNID!

1. DESEMBER BLACKBURN - NEWCASTLE

2. DESEMBER LIVERPOOL - BOLTON

3. DESEMBER MAN UTD - FULHAM

*HAGGAFINGARFRÉTTIR: ÞÚ GÆTIR UNNID! FULLT AF AÐRAGLEIÐUM FÝRIR ÞÉSSU FERÐ. ÞÚ GÆTIR UNNID! ÞÚ GÆTIR UNNID!

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin:

Sunderland-Newcastle	1-1
1-0 Danny Higginbotham (52.), 1-1 James Milner (65.)	
Derby-West Ham	0-5
0-1 Lee Bowyer (42.), 0-2 Matthew Etherington (51.), 0-3 Sjálfsmark (54.), 0-4 Lee Bowyer (59.), 0-5 Nolberto Solano (69.)	
Liverpool - Fulham	2-0
1-0 Fernando Torres (81.), 2-0 Steven Gerrard, viti (85.)	

STADAN:

Arsenal	11	8	3	0	24-9	27
Man. Utd	12	8	3	1	21-6	27
Man. City	12	8	1	3	16-13	25
Liverpool	12	6	6	0	19-6	24
Chelsea	12	7	3	2	18-8	24
Portsmouth	12	6	4	2	23-13	22
Blackburn	11	6	4	1	15-9	22
Everton	12	6	1	5	18-14	19
West Ham	12	5	3	4	18-10	18
Aston Villa	11	5	3	3	16-13	18
Newcastle	12	5	3	4	19-18	18
Reading	12	4	1	7	15-26	13
Fulham	13	2	6	5	16-20	12
Birmingham	12	3	2	7	12-18	11
Sunderland	13	2	4	7	13-22	10
Middlesbrough	12	2	3	7	12-23	9
Tottenham	12	1	5	6	19-24	8
Wigan Athletic	12	2	2	8	10-19	8
Bolton	12	1	4	7	11-18	7
Derby County	13	1	3	9	5-31	6

N1-deild kv. í handbolta:

HK-Fylkir	27-31 (19-13)
Mörk HK: Natalia Cieplowska 13, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 8, Arna Sif Pálsdóttir 3, Lilja Lind Pálsdóttir 1, Auður Jónsdóttir 1, Elsa Rut Óðins dóttir 1.	
Mörk Fylkis: Sunna María Einarisdóttir 8, Natasa Damjanovic 6, Sunna Jónsdóttir 5, Nataly Sæunn Valencia 4, Elzbieta Kowal 3, Hildur Sif Pálmars dóttir 3, Hanna Rút Sigurjónsdóttir 2.	

Akureyri-Grótta	18-25 (17-10)
Mörk Akureyrar: Anna Teresa Morales 5, Lilja Þór isdóttir 4, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 3, Monika Rutkowska 3, Arna Valgerður Erlingsdóttir 2, Ester Óskarsdóttir 1.	
Mörk Gróttu: Pavla Plaminkova 5, Karólína Gunnarsdóttir 4, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4, Auksé Vysniauskaité 3, Eva Marg. Kristinsdóttir 3, Hildur Marín Andrésdóttir 2, Tanja Zukovska 2, Kristín Þórðardóttir 1, Arnís M. Erlingsdóttir 1.	

Haukar-FH	26-16 (16-7)
Mörk Hauka: Hanna G Stefánsdóttir 8, Ramune Pekarskyte 4, Harpa G Melsted 3, Ausra Geciene 2, Erna Þráinsdóttir 2, Erna Halldórsdóttir 2, Nína Kristín Björnsdóttir 2, Sigrún Brynjólfsdóttir 1, Sandra Stojkovic 1, Inga F Tryggvadóttir 1.	
Mörk FH: Ebba Særun Brynjarsdóttir 3, Gunnur Sveinsdóttir 3, Dröfn Sæmundsdóttir 2, Birna Helgadóttir 2, Guðrún Tryggvadóttir 2, Hildur Þor geirsdóttir 2, Hafdis Guðjónsdóttir 1, Ragnhildur Guðmundsdóttir 1.	

STADAN Í DEILDINN

Stjarnan	8	7	1	0	201-135	15
Fram	8	6	2	0	214-155	14
Valur	8	6	0	2	209-154	12
Grótta	8	5	1	2	197-170	11
Haukar	8	4	0	4	215-181	8
Fylkir	8	3	0	5	169-190	6
HK	8	2	0	6	185-215	4
FH	8	1	0	7	156-235	2
Akureyri	8	0	0	8	138-249	0



HELENA SVÆRRISDÓTTIR Er í lykhillut-verki hjá TCU. FRÉTTABLAÐ/DANIEL

Helena Sværissdóttir hjá TCU: Einu frákasti frá tvennu

KÖRFUBOLTI Helena Sværissdóttir spilaði sinn fyrsta alvöruleik þegar TCU vann 74-63 sigur á Radford-skólanum í WNIT-mótinu í bandaríska háskólaboltanum.

Helena var í byrjunarliðinu sem framherji eins og í síðustu æfingaleikjum og endaði leikinn með 12 stig, 9 fráköst, 4 stolna bolta og 2 stóðsendingar.

Helena nýtti 4 af 6 skotum sínum og setti niður öll þrjú vátin. TCU mætir geysisterku liði LSU í kvöld í næstu umferð. - 66j

Torres bjargaði Liverpool

Varamaðurinn Fernando Torres braut ísinn fyrir Liverpool níu mínútum fyrir leikslok í 2-0 sigri á Fulham á Anfield. West Ham vann sinn stærsta útisigur frá upphafi með 5-0 sigri á Derby þar sem Lee Bowyer skoraði tvö mörk.

FÓTBOLTI Spánverjinn Fernando Torres kom Liverpool til bjargar gegn Fulham á Anfield í ensku úrvalsdeildinni í gær og Liverpool er nú með 24 stig, þremur stigum á eftir toppliði Arsenal sem á leik til góða. West Ham er í 9. sætinu eftir 5-0 stórsigur á úti-velli gegn botnliði Derby en hins vegar varð 1-1 jafntefli í nágranna-slag Sunderland og Newcastle.

Það gekk lítið framan af hjá Liverpool, sem var að leika sinn fyrsta leik eftir að hafa unnið 8-0 metsigur á Besiktas í Meistaradeildinni. Fernando Torres kom inn á sem varamaður á 70. mínútu og ellefu mínútum síðar nýtti hann sér langt útspark lands síns José Manuel Reina og skoraði á laglegan hátt. Fyrirliðinn Steven Gerrard innsiglaði síðan sigurinn með marki úr vítaspyrnu eftir að Peter Crouch hafði verið felldur.

„Við vissum að við yrðum að vera þolinmæðir og halda áfram að hreyfa boltann. Við fengum fullt af færum en náðum ekki að skora fyrr en í lokin en þetta er ekki í fyrsta sinn sem við lendum í slíkum aðstæðum á þessu tímabili. Við verðum að vinna okkar leiki ef við ætlum að vera með í toppbaráttunni. Við höfum verið að vinna á úti-velli en ekki á heimavelli. Ég vona að við förum nú að vinna á heimavelli líka,“ sagði Rafael Benítez, stjóri Liverpool, en liðið er enn taplaust með 6 sigra og 6 jafntefli í 12 leikjum.

„Við erum ekki með slæmt lið en erum enn ekki á þeim stað að geta haldið aftur af Liverpool í 90 mínútur. Ég var samt ánægður með frammistöðu minna manna,“ sagði Lawrie Sanchez, stjóri Fulham.

West Ham vann sinn stærsta sigur í ensku úrvalsdeildinni síðan í desember og hefur jafnframt aldrei unnið stærra á úti-velli en þegar liðið burstaði botnliði Derby 5-0. Lee Bowyer skoraði tvö marka West Ham og lagði það þriðja upp. „Ég er rosalega ánægður með hvernig menn hafa komið inn í liðið. Við erum með leikmenn sem eru að spila fyrir utan sína vanalegu stöðu en þeir hafa staðið sig frábærlega. Þegar menn snúa til baka úr meiðslum mun ég eiga í vandræðum með að velja í liðið,“ sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham, sem var án ellefu leikmanna í þessum leik. Sunderland, sem hafði ekki

HETJAN Fernando Torres kom Liverpool til bjargar í gær.



VITI Peter Crouch er hér búinn að fiska vítaspyrnu. Steven Gerrard skoraði af miklu öryggi. NORDICPHOTOS/GETTY

Þetta var fimmta tap Derby í röð sem liðið nær ekki að skora í. „Við gerðum allt rétt fyrstu 40 mínútur leiksins en síðan var þetta leikur milli karlmannna og drengja,“ sagði Billy Davies, stjóri Derby, en nú er liðin 521 mínúta síðan Derby-menn skoruðu í deildinni.

Sunderland, sem hafði ekki



TVENNA Mario Gomez fagnar öðru marka sinna gegn Bayern í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

Þýska Bundesliga í fótbolta: Stuttgart skellti Bayern í gær

FÓTBOLTI Þýsku meistararnir í Stuttgart urðu í gær fyrstir til að vinna Bayern München á tímabilinu þegar þeir unnu 3-1 sigur í leik liðanna í gær.

Stuttgart skoraði öll mörkin sín í fyrri hálfleik, Mario Gomez skoraði tvö og Tyrkinn Yildiray Bastürk bætti við því þriðja. Bayern hafði aðeins fengið á sig fjögur mörk í fyrstu tólf leikjum tímabilsins.

Ítalinn Luca Toni náði að minnka muninn í lokin með sínu níunda marki á tímabilinu en Bæjarar eru áfram á toppnum með 28 stig stig eða einu meira en Werder Bremen. Stuttgart fór aftur á móti úr ellefta sæti í það áttunda. - 66j



24 MÖRKUM Á EFTIR Guðmundur Steinarsson þarf að skora 24 mörk til þess að ná föður sínum. FRÉTTABLAÐ/VILHELM

Guðmundur Steinarsson: Framlengir við Keflavík

FÓTBOLTI Guðmundur Steinarsson, leikmaður Keflavíkur í Landsbankadeild karla, hefur framlengt samning sinn við liðið um tvö ár.

Guðmundur er 28 ára gamall framherji sem skoraði fimm mörk í 17 leikjum með Keflavík í sumar. Guðmundur er sem stendur fjórði markahæsti leikmaður félagsins með 48 mörk í 149 leikjum, vantar aðeins eitt mark til þess að jafna Ragnar Margeirsson í þriðja sætinu.

Guðmundur á hins vegar langt í land með að slá við föður sínum sem skoraði 72 mörk fyrir Keflavík í efstu deild. - 66j

Íslendingaslagur í tvíliðaleik kvenna á Alþjóðlega badmintonmótinu Iceland Express International:

Ragna í tveimur úrslitaleikjum í dag

BADMINTON Íslenska badminton-fólkið ætlar að fagna 40 ára afmæli sambandsins með því að ná glæsilegum árangri á alþjóðlega badmintonmótinu Iceland Express International.

Þegar er eitt íslenskt gull í húsi en úrslitaleikirnir fara fram í dag. Ragna Ingólfssdóttir tryggði sér sæti í tveimur úrslitaleikjum í gærkvöldi en hún mætir dönsku stúlkunni Trine Niemeier í einliðaleik og komst síðan ásamt Katrínu Atladóttur í úrslitaleik tvíliðaleiks þar sem þær glíma við Söru Jónsdóttur og Tinna Helgadóttur. Bæði íslensku þörin unnu danska spilara til þess að komast í úrslitaleikinn.

Sex íslenskir leikmenn komust í undanúrslit; Tinna Helgadóttir og Ragna Ingólfssdóttir í einliðaleik, Magnús Ingi Helgason og Tryggvi Nielsen í tvíliðaleik og Ragna með Katrínu Atladóttir í tvíliðaleik og Tinna með Söru Jónsdóttur, einnig í tvíliðaleik. Vissulega frábær árangur hjá okkar fólki að komast svona langt í þessu sterka móti.

Íslensku stelpurnar hafa stolið senunni á mótinu og náð

betri árangri en íslensku strákarnir en Magnús Ingi Helgason og Tryggvi Nielsen komust þó óvænt í undanúrslit í tvíliðaleik karla þegar þeir sigruðu Pedro Yang og Erick Anguiano.

Pedro og Erick voru fyrir fram taldir sterkasta tvíliðaleiksparið í mótinu og því frábært hjá þeim Tryggva og Magnúsi að sigra þá. Í undanúrslitum töpuðu þeir hins vegar fyrir Dönunum Peter Hasbak og Jonas Glyager Jensen 21-19 og 21-13 þar sem litlu mátti muna í fyrri lotunni.

Þær Sara Jónsdóttir og Tinna Helgadóttir hafa spilað frábærlega í tvíliðaleiknum og sérstaka athygli vakti sigur þeirra í átta liða úrslitunum þar sem að þær lögðu sænsku stúlkurnar Emilie Lennartsson og Sophiu Hansson 22-20, 16-21 og 21-14. Þær stækast voru fyrir fram taldar sterkasta tvíliðaleikspar mótsins.

Ragna Ingólfssdóttir hefur haldið uppteknum hætti frá því um síðustu helgi þegar hún tryggði sér sigur á opna ungerska mótinu. Ragna tapaði þá ekki lotu og hún hefur heldur



NÓG AÐ GERA Ragna Ingólfssdóttir spilar tvo úrslitaleiki í dag en hún hefur unnið allar tólf loturnar í sex leikjum sínum á leið sinni í úrslitaleik einliðaleiks og tvíliðaleiks. FRÉTTABLAÐ/VÖLUNDUR

ekki tapað lotu á Iceland Express International, hvorki í einliðaleik né í tvíliðaleik. Ragna vann Kati Tolmoff frá Eistlandi 21-14 og 21-5 í undanúrslitunum en Tolmoff var einu sæti ofar en Ragna í röðun inn í mótið.

Þetta var glæsilegur sigur hjá Rögnu á þessum sterka leikmanni sem er númer 45 á heimslistanum. Tinna Helgadóttir

náði hins vegar ekki að fylgja eftir velgengni sinni í átta liða úrslitunum og beið lægri hlut fyrir dönsku stúlkunni Trine Niemeier 21-10 og 21-8. Ragna hafði slegið út danskar stúlkur í 8 liða og 16 liða úrslitunum og getur nú unnið þriðju dönsku stúlkuna þegar hún mætir Trine Niemeier á morgun. - 66j

> Whoopi Goldberg

Whoopi var fyrsta kona sögunnar til þessa að vera kynnrir á Óskarsverðlauna-hátíðinni. Það gerðist árið 1994 en síðan þá hefur hún oft séð um það starf. Whoopi var einnig önnur kona sögunnar af afrískum uppruna til þessa að hljóta sjálf verðlaunin. Það var fyrir myndina The Color Purple en áður hafði Hattie McDaniel fengið verðlaunin fyrir leik sinn í Gone With the Wind, 45 árum áður.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER DÝRAKONA

Hljáð um hjartarætur

Ég á tvær vinkonur sem eru á öndverðum meiði. Önnur á hund sem er eins og barnið hennar, hún segir af honum sögur, kaupir handa honum jólagjafir og heldur upp á afmæli. Hin þolir ekki fólk eins og fyrri vinkonu mína. Telur fólk sem fer með dýrin sín eins og börn hálf ógeðfellt, að sama skapi skilur vinkona mín, hundaeigandinn, ekki hvernig fólk getur ekki líkað við dýr. Líklega á þessi lýsing við ansi marga. Annað hvort ertu dýramanneskja eða ekki. Ég telst nú líklega til þeirra fyrri þó ég myndi líklega aldrei klæða hundinn minn í fót og kalla hann barnið mitt. Hins vegar hef ég alveg einstaklega gaman af öllum sjónvarpsþáttum sem snúa að dýrum. Animal Planet er frábær stöð og alltaf hægt að sækja þangað þegar einu sinni sem oftast er ekkert annað í sjónvarpinu. Dýrastöð National Geographic er álíka stöð sem alltaf er gaman að kíkja inn á.

Fyrir mig var því mikill happafengur þegar sjónvarps-

þættirnir Dýravínir byrjuðu aftur á Skjá einum. Guðrún Heimisdóttir stendur sig þrýðilega í hlutverki þáttastjórnanda og kemur víða við. Kynnir hundategundir, heimsækir frægt fólk og gæludýrin þess og finnur skemmtileg sjónarhorn á ýms málefni.

Þetta er auðvitað ekki þáttagerð af svipuðum staðli og sú sem maður á að venjast á Animal Planet. Hins vegar er þetta frábært framtak því svona þátt vantaði í flóruna. Mættu fleiri sjónvarpsstöðvar taka sér Skjá einn til fyrirmyndar enda fátt umfjöllunar-efni jafn þakklátt og gæludýrin.



EKKI MISSA AF



▶ **17.20** Valur-Celje Lasko SÝN



▶ **19.50** JD Modelling Agency SIRKUS



▶ **20.00** Næturvaktin STÖÐ 2



▶ **20.30** Ertu skarpari en skólakrakki? SKJÁREINN



▶ **21.40** Forbrydelsen SJÓN-
VARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í nætur-garði, Róbert Bangsi, Pósturinn Páll, Bubbi byggir, Herkúles, Sígildar teiknimyndir, Finni kostur, Arthur og Ævintýri HC Andersen

10.50 Váboði (2:13)

11.15 Laugardagslögin

12.30 Silfur Egils

13.45 Það er í ættinni

15.35 Krínglukastarinn

16.00 Fjórðungsmót hestamanna á Austurlandi

16.35 Október 1917 (1:2)

17.30 Tákn málsfréttir

17.40 Box-drottningin

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.40 Edduverðlaunin 2007 Bein útsending frá afhendingu Edduverðlaunanna við hátíðlega athöfn á Hótel Hilton Nordica. Kynnir er Þorsteinn Guðmundsson.

▶ **21.40 Glæpurinn** (5:20) (Forbrydelsen: Historien om et mord) Danskir spennuþættir af bestu gerð. Ung stúlka er myrt og rannsókn lögreglunnar leiðir ýmislegt forvitnilegt í ljós.

22.40 Sunnudagsbíó - Macbeth Bresk sjónvarpsmynd frá 2005 byggð á leikriti Williams Shakespeare sem hér er fært til nútímans.

00.10 Silfur Egils

01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The Perez Family

08.00 Hackers

10.00 Miss Congeniality 2

12.00 Moonlight And Valentino

14.00 The Perez Family

16.00 Hackers

18.00 Miss Congeniality 2

20.00 Moonlight And Valentino Aðalhlutverk: Kathleen Turner, Whoopi Goldberg, Elizabeth Perkins, Gwyneth Paltrow og Jon Bon Jovi.

22.00 Courage under Fire

00.00 End of Days

02.00 Tupac. Resurrection

04.00 Courage under Fire



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Hlaupin, Barney, Addi Paddi, Funky Valley

08.00 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.

10.05 Barnatími Stöðvar 2 Ben, Tracey McBean 2, Tutenstein, A.T.O.M., Háheimar

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Nágrannar

12.45 Nágrannar

13.05 Nágrannar

13.25 Nágrannar

13.45 Nágrannar

14.10 Ítaliúævintýri Jóa Fel (3:10)

14.40 Extreme Makeover (20:23)

15.30 Freddie (15:22)

15.55 Til Death (12:22)

16.20 Logi í beinni

16.55 60 mínútur

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.05 Mannamál (5:40)

▶ **20.00 Næturvaktin** (9:13) Ný íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. (9:13) Endurupplifðu Næturvaktina í sérstakri 45 mínútna útgáfu í tilefni af þremur Eddutilnefningum. Vinsælasti þáttur ársins, besti leikni sjónvarpsþáttur landsins. Pétur Jóhann Sigfússon, aðalleikari ársins. 2007.

20.30 Damages (6:13) Frobisher ákveður að breyta um stefnu varðandi málsökningna en hann er tilbúinn að gera hvað sem er til að koma í veg fyrir að hann tapi auðæfum sínum. 2007. Bönnuð börnum.

21.15 Prison Break NÝTT (1:22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Nýtt fangelsi og ný flóttatíraun.

22.00 Friends of God: A Road Trip With Alexander (Vínir Guðs) Sláandi ný heimildarmynd um svakalegan upp-vöxt hinna svokölluðu risakirkjusamkoma í Bandaríkjunum, en það hefur færst mjög í vöxt að kirkjusamkomur heitruaðra kristinna manna þar í landi séu haldnar á stórum íþróttaleikvögnum fyrir troðfullu húsi. 2007.

23.00 The Clearing

00.35 Saving Grace (9:13)

01.20 Supernova

02.45 Supernova

04.10 Slap Shot

05.50 Fréttir

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SÝN besta sætið

07.00 Spænski boltinn (Getafe - Barcelona)

08.40 Spænski boltinn (Valencia - Murcia)

10.20 Box Miguel Cotto - Shane Mosley

11.50 NFL Gameday

12.20 Meistaradeild Evrópu - endurs.

**14.00 Meistaradeild Evrópu - Fréttá-
þáttur**

14.30 Augusta Masters (Augusta Mast-
ers Official Film - 2002)

15.30 NBA-körfuboltinn 2007/2008 Út-
sending frá leik Miami og Phoenix sem fór
fram föstudaginn 9. nóvember.

▶ **17.20 Valur - Celje** Bein útsending frá
leik Vals og Celje Lasko í riðlakeppni Meis-
taradeildar Evrópu í handknattleik.

18.50 Spænski boltinn (Real Madrid -
Mallorca)

21.00 NFL-deildin Bein útsending frá
stórleik New York Giants og Dallas Cowboys
í NFL fötboltanum. New York hefur unnið
sex leiki í röð en tekst Dallas að stoppa þá?

00.00 Valur - Celje Útsending frá leik
Vals og Celje Lasko.

SÝN2

07.45 Sunderland - Newcastle

09.25 Derby - West Ham

11.05 Liverpool - Fulham

12.45 Birmingham - Aston Villa (Enska
úrvalsdeildin 2007/2008)

14.50 Man. Utd. - Blackburn (Enska úr-
valsdeildin 2007/2008)

17.15 Chelsea - Everton (Enska úrvals-
deildin 2007/2008)

19.10 4 4 2 Tveikið Heimir Karlsson og
Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel
völdum sparspekingum og saman skoða
þeir allt sem tengist leikjum dagsins á
skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk
dagskrárgerð eins og hún gerist best.

20.30 Bolton - Middlesbrough (Enska
úrvalsdeildin 2007/2008)

22.10 4 4 2

23.35 Portsmouth - Man. City

SKJÁREINN

10.30 Vörutorg

11.30 World Cup of Pool 2007 - NÝTT
Heimsbikarkeppnin í pool fór fram Rotter-
dam í Hollandi fyrir skömmu en þar mættu
31 þjóð til leiks með tveggja manna lið.

Þetta er í annað sinn sem þessi keppni er
haldin og sigurvegarnir frá því 2006, þeir
Efen Reyes og Francisco Bustamante frá
Filipseyjum freista þess að verja titilinn.

12.30 MotoGP - Hápunktar

13.30 Dr. Phil (e)

15.00 Charmed (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 Rules of Engagement (e)

18.35 7th Heaven

19.25 30 Rock (e)

20.00 Dýravínir (3:14) Að þessu sinni
kynnir Guðrún sér hundategundina bola-
bit og hittir unga konu sem varð að gefa
hundana sína frá sér þegar hún fékk alvar-
legt heilablóðfall. Svo skoðar hún koi-tjóm
og heimsækir að lokum Idol söngkonuna
Heiðu og litlu tikina hennar.

▶ **20.30 Ertu skarpari en skólakrakki?**
Nýr íslenskur spurningaþáttur fyrir alla fjöl-
skylduna. Keppendur þurfa að glíma við
spurningar sem teknar eru upp úr skólábók-
um grunnskólakrakka og við hvert rétt svar
klífur viðkomandi upp peningatré en í efsta
þrepinu eru 2 milljónir króna. Keppandinn
getur þrisvar „svindlað“ með aðstoð skóla-
krakka til að svara spurningunum. Stjórnandi
þáttarins er Gunnar Hansson.

21.30 Law & Order: SVU (20:22) Banda-
risk sakamálaferia um sérdeild lögreglunnar
í New York sem rannsakir kynferðisglæpi.

22.30 Californication (6:12) Hank eyðir
fjórugu kvöldi með fongulegri brimbretta-
stúlkun en Mia lætur hann ekki í friði. Becca
stendur í stórræðum í skólanum.

23.05 C.S.I. New York (e)

00.00 C.S.I. Miami (e)

00.50 Backpicks (e)

01.15 Vörutorg

02.15 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Magasinþáttur - mannlíf og
menning á Norðurlandi.** Samantekt um-
fjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma
fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

ENSK BOLTINN

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SÝN 2

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu
30% afslátt af fyrsta mánuðinum

enski boltinn

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15

Prison Break - NÝTT

Þá er komið að þriðju seríunni af Prison Break. Nýtt fangelsi og ný flóttatilraun. Í lok síðustu þáttaraðar lentu flóttamennirnir í klóm laganna varða í Mexíkó og hafa nú verið lokaðir inni í skelfilegasta fangelsi landsins og þótt víðar væri leitað. Það þýðir aðeins eitt; hefja þarf nýja flóttatilraun.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Edduverðlaunin 2007
Sjónvarpið kl. 19.40

Bein útsending frá Hilton hótél Nordica þar sem Edduverðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn. Það er alltaf mikið um dýrðir þegar Eddan er afhent og árið í ár er engin undantekning. Kynnir er enginn annar en Þorsteinn Guðmundsson og áhorfendur mega því eiga von á vænum skammti af fjöri í kvöld.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Upp og ofan
10.05 Veðurfregnir
10.15 Um skáldið og vísindamanninn Jónas Hallgrímsson
11.00 Guðsþjónusta í Grensáskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyra?
15.00 Sögur um ástina: Stafraen ást
16.00 Síðdegisfréttir

16.08 Veðurfregnir
16.10 Úr tónlistarlífinu
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.10 Veðurfregnir
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

14.30 Hollyoaks Hágæða bresk unglinga-sápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Sérían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

14.55 Hollyoaks

15.20 Hollyoaks

15.45 Hollyoaks

16.10 Hollyoaks

16.35 Hollywood Uncensored

17.15 Most Shocking

18.00 The George Lopez Show (15:22)

18.30 Fréttir

19.00 Sjáðu

19.25 Arrested Development 3

▶ 19.50 Janice Dickinson Modelling Agency Nú er komin að annarri þáttaröðinni þar sem Janice heldur áfram að leita að flottustu fyrirsætum Bandaríkjanna. 2006.

20.30 Windfall (8:13) (e)

21.15 Johnny Zero (1:13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til lífs við sig. 2004. Bönnuð börnum.

22.00 Tekinn 2 (9:14)

22.30 Stelpurnar

22.55 Smallville (17:22) (e)

23.40 Kenny vs. Spenny

00.00 The Starlet (2:6)

00.45 Ren & Stimpy

01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

11.00 Life in the Undergrowth 12.00 The Life of Mammals 13.00 Cutting It 14.00 Wedding Stories 15.00 Doctor Who 15.45 Doctor Who Confidential 16.00 Strictly Come Dancing - The Story So Far 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Child of Our Time 19.00 Egypt 20.00 Plácido Domingo - The King Of Opera 21.00 Trouble at the Top 22.00 Days that Shook the World 23.00 EastEnders 23.30 EastEnders 0.00 Child of Our Time 1.00 Egypt 2.00 Days that Shook the World 3.00 Plácido Domingo - The King Of Opera

DR 1

11.30 SKUM TV 11.45 Flemmings Helte 12.00 Boogie Update 12.30 Hjerteflimmer 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 13.45 Doctor Who 14.30 HåndboldSøndag 16.15 Sketch Show 16.30 Sigurd og Big Bandet 17.00 Mr. Bean 17.25 OBS 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Et mål for livet 18.30 Familien 19.00 Forbrydelsen 20.00 Valg 07 - Afslutningsdebat 21.45 TV Avisen 22.00 Søndagsporten med SAS liggja 22.25 Generationen der blev væk

NRK1

9.00 V-cup alpint: Slalám 1. omgang, menn 9.55 Jubileumsgudstjeneste fra Vår Frue Kirke, Trondheim 11.15 V-cup skøyter 11.45 V-cup alpint: Slalám 2. omgang, menn 13.00 Jan i naturen 13.15 Profil: Klimt i nazistenes klær 14.10 Berlinfilharmoniens sommerkonsert fra Waldbühne 15.55 Lyden av lørdag 17.00 Lunas lure plan 17.25 Wummi 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.05 Kvitt eller dobbelt 20.05 Eit skritt etter 21.45 Alene menn sammen 22.00 Kveldsnytt 22.20 Keno 22.25 Klasserommets hemmelige liv 23.15 Uka med Jon Stewart 23.40 Larry Sanders-show 0.05 Alfred Hitchcock presenterer 0.25 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

8.55 Alpint: Världscupen Levi 10.00 Lilla sportspegeln 10.25 Disneydags 11.20 Häxan Surtant 11.40 Hej rymden! 12.10 Rea 12.35 Svensson, Svensson 13.05 Bröderna Bah 14.25 I love språk 15.25 Världen 16.25 Muslim i Europa 16.55 Tre Kronor live: Karjala Cup 17.15 Bollbompahelg 17.45 Tre Kronor live: Karjala Cup 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Farlig fritid 21.40 Vetenskap - atom 22.10 Rapport 22.20 Fotbollskväll 23.05 Kobra

TOPP TÍU!

TÍU STÆRSTU, MINNSTU, FJÖLMENNUSTU FÁMENNUSTU, HÆSTU, LENGSTU, STYSTU, BESTU, VERSTU ... FYRIRBÆRI Í HEIMI!



Fræðandi, skemmtileg og ríkulega myndskreytt bók þar sem er að finna meira en sex hundruð topp tíu lista yfir allt milli himins og jarðar en að auki eru hér margs konar upplýsingar sem gefa bókinni viðbótarvædd, jafnframt því eru íslenskum topp tíu listum gerð góð skil.

Veröld

HVAD SEGIR MAMMA?



„Hann sem einstaklingur hefur fullan rétt á að standa við skoðanir sínar og fylgja þeim eftir þegar tækifæri gefst og honum þykir ástæða til.“

Tinna Gunnlaugsdóttir, móðir Ólafs Egils Egilssonar, sem afþakkaði laun fyrir vinnu sína við Stundina okkar í vikunni.

HIN HLIÐIN BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON SKEMMTIKRAFTUR

Í stríðsnærbuxum á erfiðum dögum

Hvað er að fréttu? Allt fínt! Lífið er undirlagt veislustjórnun og skemmtunum, sem er tímafrest en rosa gaman. Svo erum við Örn Arnason að setja upp jólaæventýri í Vetrargarði Smáralindar.

Augnítur: Gráblár.

Starf: Leikari og skemmtikraftur.

Fjölskylduhagur: Á konu og sex ára dóttur.

Hvaðan ertu? Reykjavík.

Ertu hjátrúarfullur? Já, mín hjátrú tengist helst nærbuxum. Ég fer í sérstakar skemmtanærbuxur fyrir hverja skemmtun, ef ég á erfiðan dag í vændum eru það nærbuxur í hernaðarlitum og þar fram eftir götunum.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Af erlendum þáttum er Jay Leno bestur en

af innlendum kemur Næturvaktin sterk inn, Spaugstofan er klassík og Sigtíð er ótrúlega myndin þáttur sem of lítið er talað um.

Uppáhaldsmatur: Gamla góða pizzan. **Fallegasti staðurinn:** Hrafninnusker og Seyðisfjörður. Af heimsborgunum er London í upphaldi.

iPod eða geislasplari: iPod.

Hvað er skemmtilegast? Að eiga rólegheitakvöld með fjölskyldu eða vinum.

Það er gott mótvægi við fjörið í vinnunni.

Hvað er leiðinlegast? Mér finnst afar erfið að koma mér af stað í tiltekt.

Helsti veikleiki: Hvað ég er óagaður og lengi að koma vinnunni í gang.

Helsti kostur: Ætli ég sé ekki ósköp ljúfur í samskiptum og framkomu.

Helsta afrek: Vinnulega séð er helsta afrekíð að vinna með Clint Eastwood.

Bestu vonbrigðin: Öll vonbrigði í lífinu hafa snúist upp í eitthvað betra.

Hver er draumurinn? Að setja upp risa söngleik hér heima eða komast í einn erlendis.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Edda Björgvins að sjálfsögðu!

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Það breytist nú frá degi til dags, en ég get orðið pirraður ef hlutirnir eru ekki alveg eins og ég vil hafa þá.

Hvað er mikilvægast? Að vera andlega tengdur. Þannig tekst maður á við alla gleði og vonbrigði í lífinu.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Nike-auglýsing frá Íslandi birtist á tenglasíðunni b2.is í gærðag. Þar mátti sjá fokdýra og vel gerða auglýsingu fyrir hlífðarfatnað í íshokki. Öllu hafði greinilega verið tjaldað til og voru þeir **Magnús Ragnarson** og **Magnús Ólafsson** fengnir til að leika frækna íshokkikappa og ekki annað að sjá en að hin hrikalega náttúrufegurð landsins nyti sín, enda augljóslega til þess fallinn að slá í gegn.



En annað kom nú á daginn því auglýsingin er á fermingaraldri, var tekin árið 1993 á Þingvöllum, í Biskupstungum og á Mýrdalssandi. Magnús Ólafsson sagði í samtali við Fréttablaðið að sennilega væri þetta erfiðasta hlutverk sem hann hefði nokkurn tímann tekið að sér og að þeir félagar hefðu verið nær dauða en lífi sökum kulda og trekks. Auglýsingin hefur hins vegar aldrei verið notuð af Nike og má varla segja að þeir **Magnúsar** hafi haft erindi sem erfiði.

- fgg

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður. ...fyrir bæði

Flott flæði...
Sími: 565-5566 sturta.is

INGVAR ÞÓRISSON: KLEIF FJALL MEÐ GARPI ÚR TOUCHING THE VOID

Gerir mynd um ævintýraför í Nepal

Kvikmyndagerðarmaðurinn Ingvar Ágúst Þórisson er nýsnúinn heim úr ævintýraför til Nepal þar sem hann kleif fjallið Ama Dablam, sem er 6.856 metra hátt. Ingvar hélt utan í samfloti við fleira fólk, þar á meðal myndlistarmanninn Tolla, en endaði á að klifa Ama Dablam ásamt Bretanum Simon Yates og tveimur sjerpum. Hann er nú með heimildarmynd um förina í smíðum.

Eftir að hafa gengið um Khumbudalinn héldu Ingvar og Viðar Helgason til Ama Dablam, þar sem þeir hittu Simon. Sá varð heimsfrægur vegna hrakfara sinna og félagans Joe Simpson á fjallinu Siula Grande fyrir nokkrum árum. Myndin Touching the Void, um ótrúlega hörku þeirra féлага, vakti heimsathygli. „Hann rekur fyrir-

tæki og veitir leiðsögn úti um allt,“ útskýrir Ingvar. „Hann er alveg frábær náungi, mjög viðkunnalegur og góður fjallamaður,“ bætir Ingvar við.

Eftir hæðaraðlögun í fjallinu lá leið Ingvars, Viðars, Simons og sjerpanna Padawa og Norbu í grunnbúðir eitt í 5.800 metra hæð. Þar vildi svo illa til að Viðar varð hæðarveikinn að bráð, og hætti því við áframhaldandi för. Ingvar hélt þó ótrauður áfram með Simon og sjerpunum.

Þó að mynd Ingvars, sem heitir Ama Dablam – móðir og hálsfesti, eftir nafni fjallsins, verði varla jafn dramatísk og Touching the Void segir Ingvar þó ýmislegt hafa á daga þeirra drifið. „Í búðum þrjú varð slys í fyrri, þegar hrundi úr skriðjöklinum fyrir ofan og sex



Á TOPPNUM Ama Dablam-farar á tindinum. Frá vinstri: Padawa, Simon, Ingvar og Norbu.



ERFIÐUSTU DAGAR LÍFSINS Ingvar hefur áður klifið Mont Blanc og Elbrus í Rússlandi, en segir aðalögngudagana á Ama Dablam hafa verið þá erfiðustu í lífi sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

manns létust. Einn sjerpanna sem dó var góðvinur okkar sjerpa, svo þeir vildu alls ekki vera á þessum stað og fundu okkur stað aðeins nedar. Þegar við vöknudum svo daginn eftir og gengum upp í búðir þrjú voru allir farnir þaðan, því að fjögur snjóflóð höfðu fallið um nóttina. Eitt stærðar ísstykki endaði rétt við hliðina á einu tjaldinu, svo það mátti ekki miklu muna,“ segir Ingvar.

Þeir héldu þá áfram á tindinn, þar sem þeir náðu frábæru útsýni. „Þetta var alveg magnað. Maður hafði frábært útsýni á öll hæstu fjöll jarðar þarna allt í kring,“ segir Ingvar. Eftir stöpp á toppnum lá leiðin aftur niður, og alla leið niður í búðir eitt. „Þetta voru tveir erfið-

ustu dagar sem ég hef lifað,“ segir Ingvar. „Simon er náttúrulega hörkunagli og sjerparnir tveir æddu bara á undan, en þetta var mikið álag,“ segir hann.

Að fjallaklifri loknu lagði Ingvar leið sína í þorp þar sem Unicef rekur skóla og aðra góðgerðastarfsemi. „Þeir eru aðallega að kenna fólki hreinlæti. Það er allt mjög frumstætt þarna og fólk býr í leirkofum með stráþökum,“ útskýrir Ingvar.

Ingvar, sem rekur fyrirtækið Hugó film, vinnur nú að því að klippa saman myndina, og miðar að því að senda hana á fjallamyndahátíðir. Hún verður þar að auki tekin til sýninga á RÚV.

sunna@frettabladid.is



HÚFUR
SEM
HLÆJA

RÝMINGARSALA
FRÁBÆRAR JÓLAGJAFIR
50-70% AFSLÁTTUR

Skólavörðustíg 18

Stjörnuafans á Eddunni í kvöld

Sannkallaður stjörnufloti mun afhenda sigurvegurum Eddunnar styttna góðu á Hilton-hótelinu annað kvöld. Það verður því ekki síður mikill stjörnuafans uppi á sviði en úti í sal. Veðramót leiðir kapphlaupið með ellefu tilnefningar og það verður forvitnilegt að sjá hvort henni takist að verða sigursælasta kvikmynd Íslands, fyrr og síðar.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitir heiðursverðlaun sjónvarps- og kvikmyndaakademíunnar eins og undanfarin ár. Baltasar Kormákur og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjá svo um bestu kvikmyndina en þau verðlaun eru án nokkurs vafa þau stærstu á hátíðinni. Önnur verðlaunapör eru Friðrik Þór

BORGARSTJÓRINN Dagur B. Eggertsson afhendir Eddu annað kvöld og nýtur liðstyrks frá Einari Bárðarsyni.

Friðriksson og Kastljósskonan Jóhanna Vilhjálmisdóttir en dag-skrárstjóri Ríkisútvarpsins, Þórhallur Gunnarsson, mun afhenda fagverðlaunin ásamt Sigríði Arnadóttur, betur þekktri sem Sirrý.

Skótuþjúin Atli Rafn og Brynhildur Guðjónsdóttir standa undir nafni og afhenda Edduna fyrir bestu stutt- og heimildarmyndina og þá munu þeir Einar Bárðarson og Dagur B. Eggertsson einnig fá að afhenda eina styttnu þegar líður á kvöldið. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá verður Þorsteinn Guðmundsson kynnrir en honum til halds og traust er Ólafía

Hrönn, sem verður vist með „one man band“ á sviðinu.



STANDA UNDIR NAFNI Brynhildur Guðjónsdóttir og Atli Rafn afhenda verðlaun fyrir bestu stutt- og heimildarmyndina.

- fgg

SÍÐAST SELDIST
UPP Á HÁLFTÍMA!



Stöð 2 og Coca-Cola kynna

Coca-Cola



Jólagestir

*Björgvins Halldórssonar
Laugardalshöllinni*

Aukatónleikar
laugardaginn 8. desember kl. 16:00
og sunnudaginn 9. desember kl. 20:00
vegna fjölda áskorana!

*Glæsilegustu jólatónleikar
sem haldnir hafa verið hérlandis*



Ný Jólagestaplata
væntanleg í nóvember.
Auk þess verða þrjár fyrri
Jólagestaplötur fánlegar
saman í hátíðarbúningi.

Bjarni Arason
Eyjólfur Kristjánsson
Friðrik Ómar
Helgi Björnsson
Ragnar Bjarnason

Stefán Hilmarsson
Svala Björgvinsdóttir
Sigga Beinteins
og fleiri
frábærir gestir

Ásamt stórhljómsveit, strengjasveit og kórum
undir stjórn Þóris Baldurssonar. Sviðsetningu annast Björn G. Björnsson.



Tvöföld MasterCard forsala hefst 14. nóvember
Almenn sala hefst 15. nóvember



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði





BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar


Óendanlegur ósennileiki tilverunnar

TILVIST Guðs verður hvorki sönnuð né afsönnuð með rökum. Það er fullreynt. Sannfærðustu trúmenn hafa ekki getað kveðið efasemdaraddir endanlega í kútinn og hörðustu trúleysingar hafa þurft að sætta sig við þá niðurstöðu að Guð sé „kannski til“. Að vísu kjósa þeir yfirleitt orðalagið að hann sé „næstum því örugglega ekki til“, sem er auðvitað það sama. Tilvist Guðs brýtur m. ö. o. ekki í bága við grundvallarlögmál rökfræðinnar, hún er bara óendanlega ósennileg.

ANNAD sem er óendanlega ósennilegt er heimurinn. Alheimsfræðingar ná eiginlega ekki upp í það hve ólíklegt það er að miklihvellur skyldi leiða hann af sér. Væri þyngdaraflíð brotabroti meira hefði allt hrunið saman aftur á augabragði, brotabroti minna og enginn samruni efnis hefði getað átt sér stað. Fleiri breytur þurfa að vera svo hárréttar að ekki má skeika nema brotabroti af hundraðshluta til að grunnforsendur efnisheimsins bresti.

SÖMULEIÐIS er lífið á jörðinni óendanlega ósennilegt. Til að geta fóstorað líf þarf reikistjarna að vera í hárréttri fjarlægð frá hárréttri tegund af stjörnu. Ef við værum ögn nær sólinni eða fjær væri jörðin lífvana auðn, annað hvort heit sem víti eða helfrosin. Jörðin sjálf þarf enn fremur að vera af hárréttri gerð, bráðin að innan til að tryggja lofthjúp sem vörn gegn bráðdrepandi geimgeislun, og úr hárréttum efnunum í hárréttum hlutföllum. Jafnvel tunglið þarf að vera af hárréttri stærð og massa til að tryggja stöðugan mündulsnúning. Enn höfum við ekki fundið aðra reikistjörnu sem uppfyllir þessi skilyrði. Ekkert annað en gríðarlöng halarófa fjarskalega ósennilegra tilviljana í heims- og jarðsögunni gerir tilvist okkar mögulega. Þessu má líkja við að kasta upp teningi með milljörðum milljarða hliða, veðja aleigunni á að ein ákveðin komi upp og vinna!

Í raun er lífið, alheimurinn og það allt svo óendanlega ósennilegt að hver röklega þenkjandi maður myndi afskrifa þann möguleika samstundis ef hann væri ekki svo óheppinn að vakna á hverjum morgni til þessa raunveruleika, umvafinn af og órjúfanlega innifalinn í þessum efnisheimi. Það er því ekki laust við að maður fái það á tilfinninguna að einhver hafi haft hönd í bagga, að útkoman sé „fixuð“. Hver gæti staðið fyrir slíku?



GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 11.
nóvember, 315. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.42	13.12	16.41
Akureyri	9.40	12.56	16.12

Heimild: Almanak Háskólans

15 áfangastaðir í Evrópu

Sumarið 2008

Reykjavík, Akureyri, Egilsstaðir, Ósló, Stokkhólmur, Gautaborg, Kaupmannahöfn, Billund, Varsjá, Berlin, Friedrichshafen, Basel, Frankfurt Hahn, Eindhoven, París, London, Barcelona, Alicante

» Verð frá: **7.995 kr.**
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

» Börn: **50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express með ánægju

www.icelandexpress.is